

# Íslensk kvikmyndagerð fyrir íslenska menningu, áhorfendur og tungu.

Greining á starfsskilyrðum kvikmyndagerðar á Íslandi

---

Skýrsla unnin fyrir mennta- og menningarmálaráðuneyti af starfshópi um starfsskilyrði og menningarlegt gildi kvikmyndagerðar á Íslandi vorið 2010.

## Yfirlit og helstu niðurstöður

Staða kvikmyndagerðar á Íslandi er í tvísýnu nú árið 2010. Eftir rúmlega þriggja áratuga uppbyggingu geirans og þeirra miklu umbóta sem orðið hafa hin allra síðustu ár olli efnahagshrun sem reið yfir þjóðina haustið 2008 því að töluvert mun draga úr. Hversu mikið og hve lengi er óljóst. Á sama tíma eiga sér stað stórtækar breytingar í tæknivinnslu og dreifingu kvikmyndaverka. Þær breytingar eiga þó eftir að koma kvikmyndaíðnaðinum til góða á margvíslegan hátt þegar fram líða stundir. Áhrifa af nýrri upptöku- og eftirvinnslutækni er þegar farið að gæta og er aukin hagkvæmni í framleiðslu fyrsta tákni þess. Breytinga á miðlunar- og söluleiðum eiga sér einnig stað og þó ekki liggi fyrir nú hvernig best sé að hagnýta þá þróun munu íslenskir kvikmyndaframleiðendur án efa tileinka sér nýjar aðferðir og tryggja að þau tækifæri sem ný tækni færir nýtist sem best. En þrátt fyrir þessa ytri erfiðleika stendur íslensk kvikmyndagerð á nokkuð styrkum stoðum. Aðsókn í kvikmyndahús er enn góð og áhugi er á íslenskum kvikmyndaverkum hjá íslenskum áhorfendum og hafa vinsældir heimildamynda sem og leikins sjónvarpsefnis bætt þar verulega við. Á meðan sterk tengsl eru á milli áhorfenda og kvikmyndagerðarinnar er geirinn betur í stakk búinn til að standa af sér utanaðkomandi erfiðleika. Íslenskir áhorfendur eru burðarstoðir íslenskrar kvikmyndagerðar og það er fyrst og fremst fyrir íslenska áhorfendur, menningu og tungu sem kvikmyndagerð er stunduð hér á landi.

Kvikmyndaframleiðsla er kostnaðarsöm og eru hagræn skilyrði kvikmyndagerðar um margt erfiðari en almennt gerist í annars konar framleiðslu. Geirinn býr við markaðsbresti líkt og flest önnur menningar- og listaframleiðsla en hefur þá sérstöðu að framleiðsla kostnaður er hærrí en á flestum öðrum sviðum skapandi atvinnugreina. Óeðlileg tekjudreifing veldur miklum óstöðugleika hjá fyrirtækjum og verður til þess að hagkvæmni næst ekki í rekstri og þekking flyst frá fyrirtækjum. Þessi skilyrði eru vandamál í kvikmyndagerð á alheimsvísu. Smæð íslensks markaðar gerir fyrirtækjum héraendis enn erfiðar fyrir en að sama skapi má segja að smæðin auki sveigjanleika og dreifðari þekkingu og hæfni. Oft felast styrkleikar og veikleikar íslenskrar kvikmyndagerðar í sömu þáttum.

Íslensk kvikmyndagerð hefur mikilvægt menningarlegt hlutverk og stuðningur íslenska ríkisins við kvikmyndaframleiðslu leggur geiranum þá ábyrgð á herðar að sinna því menningarlega hlutverki. Það er skylda kvikmyndageirans, sem og stjórnvalda, að tryggja aðgang allra landsmanna að menningu sem miðlað er á myndrænan hátt.

Menningarlegt hlutverk og menningarleg fjölbreytni er skilgreint og tryggt með opinberri menningarstefnu. Hér er það sjónarmið sett fram að nokkuð vanti upp á opinbera stefnugerð í kvikmyndaárum því ekki komi nægjanlega skýrt fram í lögum og reglugerðum hvaða hlutverki íslensk kvikmyndagerð gegni í samfélagslegu og menningarlegu samhengi né hvers vegna kvikmyndagerð er talin gegna það mikilvægu hlutverki að opinberu fé sé veitt til hennar í þeim mæli sem raunin er. Aukinn skilningur á hlutverki kvikmyndagerðar og opinber viðurkenning þar á mun auka traust og styrkja hið mikilvæga samband þjóðar og kvikmyndageirans.

Miklar framfarir í starfsskilyrðum kvikmyndagerðar urðu þegar Kvikmyndamiðstöð Íslands tók til starfa árið 2003. Stofnun stutt- og heimildamyndasjóðs, og síðar sjóðs fyrir leikið sjónvarpsefni, innan Kvikmyndasjóðs gerði það að verkum að framleiðsluskilyrði bötunðu á skömmum tíma og framleiðsluaukning átti sér stað í öllum tegundum kvikmyndaðs efnis. Starfsemi Kvikmyndamiðstöðvar hefur verið í þróun og þeir ferlar sem nú er unnið eftir teljast skila góðum árangri. Í heildina litið má segja að samstarf Kvikmyndamiðstöðvar og kvikmyndageirans sé með ágætum. Þróun og framfarir eru og eiga að vera viðvarandi og í úttekt á starfsskilyrðum, sem hér er skipt niður í kafla sem hver um sig tekur mið af sérstakri grein kvikmyndagerðar, eru útlistaðar tillögur að úrbótum sem snúa að Kvikmyndamiðstöð og samvinnu hennar og kvikmyndageirans.

Um samskipti kvikmyndageirans og sjónvarpsstöðvanna, og þá sér í lagi Ríkisútvarpsins ohf., er fjallað í skýrslunni. Samkvæmt upplýsingum sem fást frá kvikmyndaframleiðendum er mikla meinbugi að finna á samstarfi kvikmyndageirans og Ríkisútvarpsins ohf. sem og á eftirfylgni þess síðarnefnda við þann hluta þjónustusamnings mennta- og menningarmálaráðuneytis og Ríkisútvarpsins ohf. sem snýr að kaupum og framleiðslu á leiknu íslensku efni og nýsköpun í dagskrárgerð. Ríkisútvarpið ohf. ætti að gegna mikilvægu hlutverki gagnvart íslenskri kvikmyndagerð, líkt og ríkisreknar sjónvarpsstöðvar gera á hinum Norðurlöndunum og er brýnt að unnið verði úr þeim ágreiningsmálum sem nú eru uppi og valda báðum aðilum miklum erfiðleikum.

Þarfir barna, framleiðsla barnaefnis og kvikmyndauppeldi er tekið sérstaklega fyrir í skýrslunni. Það er bent á hve nauðsynlegt er, vegna viðgangs tungumáls og menningar, að huga vel að og auka við gerð íslensks barnaefnis. Enn fremur er vakin athygli á því hversu hallar á íslenskan menningarheim í því barnaefni sem á boðstólum er og hversu mikilvæg aukin hæfni barna í kvikmyndaæsi sem og þjálfun þeirra í notkun myndmiðla er fyrir menningu og atvinnuskilyrði í framtíðinni.

Einnig fjallar skýrslan sérstaklega um konur í kvikmyndagerð og um þá kynbundnu verkaskiptingu sem til staðar er. Einnig er vakin athygli á því að kynbundið misvægi er í efnisvali og frásögnum sem birtast í kvikmyndaverkum og bent á þá skekktu mynd sem slíkt dregur upp af samfélagi okkar. Ýmsar tillögur um úrbætur og aðgerðir til bóta er að finna í skýrslunni. Víða finnast vísanir í framkvæmd kvikmyndamála á Norðurlöndunum þar sem mikið uppbyggingarstarf hefur einnig átt sér stað í þeim tilgangi að kynna aðgerðir sem hugsanlega gætu komið að notum hérlendis.

Loks má nefna að skýrslan fjallar um mikilvæg atriði sem snúa að varðveislu og safnamálum þar sem bent er á brýna þörf á aðgerðum til þess að forða frumeintökum íslenskra kvikmynda frá glötun. Umfjöllun um menntun, atvinnu- og kjaramál, breytingar á virðisaukaskatti, þróun í sölu- og dreifingarmálum auk greinargerðar um tæknimál er einnig að finna í skýrslu þessari sem vonandi kemur að notum við mótun starfsskilyrða og þróun kvikmyndagerðar þegar til lengri tíma er litið.

## EFNISYFIRLIT

Yfirlit – helstu niðurstöður .....	2
Efnisyfirlit .....	4
Inngangur.....	5
1. Staða íslenskrar kvikmyndagerðar 2010.....	6
2. Stofnana- og stoðkerfi .....	8
3. Hagræn skilyrði .....	12
4. Menningarlegt hlutverk .....	14
5. Greining á starfsskilyrðum.....	17
5.1 Þróun.....	17
5.2 Fjármögnun.....	19
5.2.1 Kvikmyndir.....	19
5.2.2 Heimildamyndir.....	22
5.2.3 Sjónvarpsefni.....	25
5.3 Framleiðsla kvikmyndaverka á Norðurlöndum.....	26
5.3.1 Samkomulag um kvikmyndagerð.....	27
5.3.2 Fjármögnun kvikmyndaverka á Norðurlöndum.....	30
5.4 Sala / Dreifing erlendis.....	33
5.5 Virðisaukaskattur af aðgöngumiðasölu.....	36
5.6 Íslensk kvikmyndagerð og Ríkisútvarpið ohf.....	38
5.7 Kjaramál, starfsskilyrði og þekkingarmál .....	46
5.8 Börn og kvikmyndalæsi.....	48
5.9 Konur og kynbundin fjölbreytni.....	50
5.10 Þekking, safnamál, varðveisla og tækjakostur.....	51
6. Tillögur.....	56
7. Lokaorð.....	59

## Inngangur

Í janúar 2010 ákvað Katrín Jakobsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, í samráði við aðila úr kvikmyndageiranum að skipa starfshóp sem skoða skyldi með formlegum hætti stöðu kvikmyndagerðar á Íslandi.

Í framhaldi var starfshópurinn skipaður og hóf hann störf snemma í mars. Starfshópurinn skipuðu:

*Ari Kristinsson*, fyrir Samband íslenskra kvikmyndaframleiðenda, Félag sjálfstæðra kvikmyndaframleiðenda, Samtök kvikmyndaleikstjóra og Félag kvikmyndagerðarmanna

*Haukur Alfreðsson*, fyrir iðnaðarráðuneyti

*Hrafnhildur Gunnarsdóttir*, fyrir Samband íslenskra kvikmyndaframleiðenda, Félag sjálfstæðra kvikmyndaframleiðenda, Samtök kvikmyndaleikstjóra og Félag kvikmyndagerðarmanna

*Kristín Atladóttir*, fyrir mennta- og menningarmálaráðuneyti (formaður)

*Sigurrós Hilmarsdóttir*, fyrir Kvikmyndamiðstöð Íslands

Auk þeirra sat *Silja Hauksdóttir* fundi sem áheyrnarfulltrúi WIFT á Íslandi (Félag kvenna í kvikmyndum og sjónvarpi) og á fulla aðkomu að gerð skýrslunnar sem og *Inga Ósk Jónsdóttir* frá iðnaðaráðuneyti.

Í skipunarbréfi ráðherra kom fram að starfshópurinn skuli skoða starfsskilyrði kvikmyndagerðar á Íslandi með sérstakri hliðsjón af skilyrðum í nágrannalöndunum og að tillögum um úrbætur til lengri tíma litið skyldi skilað ekki síðar en 1. maí 2010.

Starfshópurinn lauk störfum í byrjun maí og skilað af sér skýrslu þeirri sem hér fer á eftir.

Það er trú okkar sem starfshópurinn skipa að efni skýrslunnar og niðurstöður muni gagnast við áframhaldandi uppbyggingu og endurbótum á starfsskilyrðum kvikmyndagerðar á Íslandi.

F.h. starfshóps um starfsskilyrði kvikmyndagerðar á Íslandi

Kristín Atladóttir, formaður.

## 1. Staða íslenska kvikmyndagerðar 2010

Árið 2010 hefur reynst íslensku kvikmyndagerðarfólki þungt í skauti og vegur þyngst stórfelldur niðurskurður á fjárveitingu í Kvikmyndasjóð vegna yfirstandandi efnahagsferfiðleika í íslensku samfélagi. Efnahagsþrengingar á heimsvísu hafa þar einnig áhrif á sem og yfirstandandi tæknibylting þar sem ný tækni, aðferðir og aðstæður á mörkuðum eru enn í mótun. Ætla mætti af þeim fjölda frumsýninga sem átt hafa sér stað að ytri aðstæður snerti kvikmyndagerðina lítt en svo er ekki. Sá fjöldi íslenskra kvikmynda sem sýndur hefur verið í kvikmyndahúsum á árinu skýrist af undirbúningi og fjármögnun, jafnvel upptökum, sem áttu sér stað áður en efnahagsferfiðleikar dundu á. Hætt er við að kvikmyndagerðin muni vera lengur að ná sér eftir niðursveifluna og að lengri tíma muni taka að ná fyrra framleiðslustigi en víðast hvar annars staðar í atvinnulífinu. Á slíkum tímum er brýnt að hlúa vel að innviðum og tryggja að þeir standi af sér harðindin. Enn brýnna er að reyna að sjá fyrir hvenær og hvernig aðstæður muni breytast til hins betra og móta stefnu sem gerir það að verkum að uppbyggin verði markviss. Fjöldmörg ný tækifæri til nýsköpunar og þróunar framleiðslu á myndefni munu bjóðast á alþjóðavísu og nauðsynlegt að framsýni og stefnufesta tryggi íslensku kvikmyndagerðarfólki og sérfræðingum á sviði framleiðslu myndefnis hluta af þeim framtíðarmarkaði sem er að skapast.

Rúmlega þrjátíu ár eru liðin frá því að íslensk kvikmyndaframleiðsla hófst fyrir alvöru. Á þeim tíma hefur orðið til í landinu kvikmyndamenning sem skotið hefur djúpum rótum í vitund þjóðarinnar. Kynslóðir hafa vaxið úr grasi sem þekkja ekki annað en að íslenskar kvikmyndir séu frumsýndar með reglulegu millibili. Framleiðsla á kvikmynda- og sjónvarpsefni hefur orðið til sem atvinnugrein sem sér nokkur hundruð einstaklingum fyrir atvinnu á ári hverju. Starfsþekking hefur byggst upp og er svo komið að hægt er að tryggja íslenskum og erlendum framleiðendum sem kvikmynda vilja héraðs starfslið með verkunnáttu sem jafnast á við það besta í heiminum. Tækjakostur er þannig að nánast er hægt að fullvinna kvikmyndir af hvaða tegund sem er með útbúnaði sem finnst hér á landi auk sérfræðiþekkingar í notkun þess búnaðar. Samkvæmt skýrslu um hagræn áhrif kvikmyndagerðar sem hagsmunasamtök í kvikmyndagerð létu vinna á haustmánuðum 2009 velti geirinn 12 milljörðum króna síðustu fjögur árin þar á undan.

Á þessum þrjátíu árum hefur samstarf kvikmyndagerðar og ríkis þróast jafnt og þétt, fyrst með stofnun Kvikmyndasjóðs Íslands og síðar Kvikmyndamiðstöðvar Íslands.<sup>1</sup> Kvikmyndamiðstöð Íslands er á fjárlögum og er árlega lagt til fjármagn sem rennur til framleiðslu á stuttmyndum, heimildamyndum, kvikmyndum í fullri lengd og leiknu sjónvarpsefni. Ríkissjóður hefur einnig komið á tímabundnum endurgreiðslum sem iðnaðarráðuneyti fer með og nú geta framleiðendur kvikmyndaefnis sem tekið er

---

<sup>1</sup> Kvikmyndamiðstöð Íslands var sett á laggirnar árið 2003 með lögum nr. 137/2001 og varð Kvikmyndasjóður hluti af starfsemi hennar.

upp hérlendis sótt um 20% endurgreiðslu á þeim kostnaði sem fellur til innanlands.<sup>2</sup> Við þessar aðstæður hefur framleiðsla á íslensku efni aukist og orðið stöðug en slíkur stöðugleiki er grunnforsenda þess að mögulegt sé að viðhalda atvinnurekstri á þessu sviði.

Fyrir fáeinum árum var stofnaður sérstakur sjóður hjá Kvikmyndamiðstöð sem styrkti gerð leikins sjónvarpsefnis. Þetta, ásamt öðru, leiddi til framleiðslu á tiltölulega miklu magni af leiknu sjónvarpsefni á skömmum tíma líkt og íslenskir áhorfendur hafa orðið varir við og skapaði atvinnu fyrir fjölda kvikmyndagerðarmanna auk listamanna úr leikara- rithöfunda- og myndlistarstétt. Nokkru áður hafði framleiðsla á leiknu barnaefni, Latabæ, hafist og hefur það efni nú verið selt á heimsvísu. Einnig hefur hafist framleiðsla tölvugerðra teiknimynda, ein slík er Thor sem kostar meira en einn og hálfan milljarð króna í framleiðslu og hefur þegar verið seld víða. Þarna hefur skapast einstæð sérþekking sem flust hefur í tengdar atvinnugreinar sem virðast eiga framtíðina fyrir sér.

Haustið 2008 varð efnahagshrun á Íslandi og við það breyttust aðstæður í samfélaginu. Fjöldi fjárfesta varð gjaldþrota og þurrkaðist upp í einu bragði stór hluti þess áhættufjármagns sem hægt var að sækja í gerð leikins sjónvarpsefnis. Í janúar 2010 varð ljóst að niðurskurður á framlagi til Kvikmyndamiðstöðvar myndi skerðast um 24% frá árinu 2009 sem eru tæp 35% af því sem samið hafði verið um að hann yrði í samkomulagi frá árinu 2006. Á sama tíma eru fyrirsjáanlegar breytingar á innheimtu virðisaukaskatts sem skerða munu tekjur framleiðenda af aðgangssölu á íslenskum kvikmyndum í kvikmyndahúsum um allt að 20%. Efnahagssamdráttur er í heiminum öllum sem veldur því að erfiðara er en ella að nálgast fjármagn erlendis frá auk þess sem sala á kvikmyndaefni er mun tregari en áður. Loks verður framþróun hinnar stafrænu tækni til þess að þekktar sölu- og dreifingarleiðir hafa breyst, fyrirtæki sem hafa selt kvikmyndir á heimsvísu glíma við mikla rekstrarerfiðleika og sjónvarpsstöðvum sem sýna kvikmyndir (aðrar en bandarískar) fækkar. Tæknin er enn að þróast, enginn veit hvað verður miðlunar- og geymsluform framtíðarinnar og árangursrík viðskiptamódel hafa ekki verið fullþróuð.

En þrátt fyrir ýmsa erfiðleika er ýmislegt sem gefur til kynna að íslensk kvikmyndagerð standi á styrkum stoðum. Í nýlegri könnun sem Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands gerði fyrir mennta- og menningarmálaráðuneyti og kallar Íslensku menningarvögina kemur fram að 75,6% þátttakenda höfðu farið í kvikmyndahús á því tímabili sem mælt var. 46.3% þeirra höfðu séð íslenska mynd sem verður að teljast afar gott miðað við hversu lágt hlutfall íslenskar kvikmyndir eru af heildarsýningaframboði kvikmyndahúsanna. Í könnunni kemur fram svo ekki verður um villst að heimsóknir í kvikmyndahús er sá menningarviðburður sem almenningur sækir helst.

Það sem hér fór á undan lýsir í fáum orðum stöðu kvikmyndagerðar á Íslandi 2010 og því alþjóðlega umhverfi sem hún er hluti af. Það sem á eftir fer er dýpri greining á

---

<sup>2</sup> Vegna aðildar Íslands að evrópskum og alþjóðlegum samningum sem kveða á um hámarkhlutfall opinberra framlaga af heildarframleiðslukostnaði má framlag Kvikmyndamiðstöðvar Íslands og iðnaðarráðuneytis samanlagt ekki vera meira en 50% af þeim kostnaði.

stöðu kvikmyndagerðarinnar á þessum tímamótum, mat á hlutverki hennar og menningarlegum áhrifum á samfélagið á Íslandi og loks ályktanir um það hvernig heppilegt er að treysta stoðir og móta stefnu til lengri tíma.

## 2. Stofnana- og stoðkerfi íslenskrar kvikmyndagerðar

Í umræðu um íslenska kvikmyndagerð er átt við framleiðslu á íslenskum kvikmyndum í fullri lengd, heimildamyndum, stuttmyndum og leiknu íslensku sjónvarpsefni. Kvikmyndataka í auglýsingum, íslenskum sem erlendum, sem og upptaka á erlendum kvikmyndum hérlendis er að hluta til skilgreind sem íslensk kvikmyndagerð enda byggir gerð slíks efnis hérlendis á faglegrri sérþekkingu, sérhæfðu en almennu vinnuafli, tækjabúnaði og aðstöðu sem byggð hefur verið upp í tengslum við íslenska kvikmyndagerð.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið fer með yfirstjórn kvikmyndamála líkt og fram kemur í kvikmyndalögum (nr. 137/2001, gildistaka 01.01.2003). Samkvæmt kvikmyndalögum eru þrjár stofnanir sem fyrir hönd ráðuneytisins fara með kvikmyndamál.

Kvikmyndaráð, sem skipað er af ráðherra, veitir stjórnvöldum ráðgjöf um kvikmyndamálefni og gerir tillögur til mennta- og menningarmálaráðherra um stefnu og markmið opinberra aðgerða á sviði kvikmyndalistar

Kvikmyndamiðstöð, en hlutverk hennar er skilgreint með eftirfarandi hætti í kvikmyndalögum:

- að styrkja framleiðslu og dreifingu íslenskra kvikmynda.
- stuðla að kynningu, útbreiðslu og sölu á íslenskum kvikmyndum hér á landi og erlendis, afla upplýsinga um íslenskar kvikmyndir og gefa þær út.
- Efla kvikmyndamenningu á Íslandi.
- Stuðla að auknum samskiptum við erlenda aðila á sviði kvikmyndamála.

Kvikmyndasafn Íslands. Hlutverk safnsins er skv. kvikmyndalögum

- Að safna, skrásetja og varðveita íslenskar kvikmyndir, samvinnuverkefni íslenskra og erlendra aðila og erlendar kvikmyndir sem teknar hafa verið á Íslandi, þ.m.t. að varðveita skilaskýlt efni samkvæmt lögum um skylduskil til safna.
- Hafa eftirlit með skylduskilum kvikmyndaefnis samkvæmt lögum um skylduskil til safna.
- Standa fyrir sýningum á innlendri og erlendri kvikmyndalist.
- Sjá um viðhald og endurgerðir á kvikmyndum safnsins.
- Skapa fræðimönnum og fagmönnum aðstöðu til að stunda kvikmyndafræðilegar rannsóknir.
- Efla kvikmyndamenningu á Íslandi.

Fjármagn sem ríkið veitir til kvikmyndagerðar og meðferð þess fjár er ákvörðuð samkvæmt samkomulagi um kvikmyndagerð sem mennta- og menningar-



## Greining á starfsskilyrðum kvikmyndagerðar á Íslandi

málaráðherra, fjármálaráðherra og samtök í íslenskri kvikmyndagerð eru aðilar að. Kvikmyndamiðstöð fer með ráðstöfun fjárins á grundvelli samkomulagsins.

Önnur bein aðkoma ríkisins að kvikmyndamálum er samkvæmt lögum um tíma-bundna endurgreiðslu til kvikmyndagerðar (nr. 43/1999 með seinni tíma breytingum) og sér iðnaðarráðuneytið um framkvæmd og úthlutun fjár í samræmi við þau. Kynning á Íslandi sem tókustað í tengslum við endurgreiðslurnar hefur verið í höndum Fjárfestingarstofu, sem er samvinnuverkefni Utanríkis- og iðnaðarráðuneytis og hefur aðstöðu hjá Íslandsstofu.

Nokkur hagsmunafélög mynda stuðnings- og starfsumhverfi kvikmynda- og sjónvarpsgerðar:

FK - Félag Kvikmyndagerðarmanna (FK) er félag starfandi kvikmyndagerðarfólks.

Konur í kvikmynda- og sjónvarpsgerð (WIFT á Íslandi) er Íslandsdeild alþjóðlegra hagsmunasamtaka kvenna innan geirans.

SÍK - Samband íslenskra kvikmyndaframleiðenda (SÍK) er hagsmunafélag íslenskra kvikmyndaframleiðenda. Á sama vettvangi hefur til skamms tíma starfað Félag sjálfstæðra kvikmyndaframleiðenda sem nú hefur sameinast SÍK.

SKL - Samtök kvikmyndaleikstjóra (SKL) eru samtök leikstjóra kvikmyndaefnis.

Íslenska kvikmynda- og sjónvarpsakademían (IKSA) er regnhlífasamtök í eigu SÍK, SKL og FK og er ætlað að sinna ákveðnum verkefnum í þágu félaganna s.s. rekstur og umsjón Edduverðlaunanna.

Aðrar stofnanir og samtök sem gæta hagsmuna kvikmyndagerðar eru:

Bandalag íslenskra listamanna (BÍL).

Innheimtumiðstöð gjalda (IHM) hefur þann tilgang að innheimta og endurúthluta álögur á innflutta geymslumiðla sem nýttir eru til upptöku og geymslu á upplýsingum þ.m.t. tónlist og myndefni sem gjarnan er höfundaréttarvarið efni.

Kvikmyndaskóli Íslands er einkaskóli sem stundar kennslu í kvikmyndagerð á framhaldsskólastigi í samræmi við aðalnámskrá framhaldsskóla og nýtur viðurkenningar mennta- og menningarráðuneytis sem og fjárstuðnings.

Einnig eru reknar nokkrar kvikmyndahátíðir víða um land sem halda kvikmyndamenningu á lofti. Á meðal þeirra eru Alþjóðleg kvikmyndahátíð í Reykjavík, Skjaldborg á Patreksfirði, Reykjavík Short and Docs, Stuttmyndadagar, Northern Wave á Grundarfirði og Bíódagar Græna ljóssins.

Ísland er aðili að norrænu og evrópsku samstarfi á sviði þróunar og fjármögnunar kvikmynda- og sjónvarpsverka. Þær stofnanir sem um ræðir eru:

Eurimages eða evrópski kvikmyndasjóðurinn sem styrkir framleiðslu kvikmynda í fullri lengd.

Media, verkefni á vegum Evrópusambandsins sem leggur til fjármagn í þróun kvikmyndaverka, framleiðslu sjónvarpsverka, dreifingu og starfsþjálfun.

Norræni kvikmynda- og sjónvarpsjóðurinn er starfræktur af Norrænu ráðherranefndinni til helminga á móti kvikmyndamiðstöðvum Norðurlandanna og sjónvarpsstöðvum og leggja þessir aðilar til rekstrar- og styrktarfjár sjóðsins sem fer til til þróunar og framleiðslu kvikmynda- og sjónvarpsverka.

Ísland er einnig aðili að Filmkontakt Nord sem stendur fyrir kvikmyndahátíðinni og fjármögnunarmessunni Nordisk Panorama og styður sérstaklega við heimilda- og stuttmyndagerð.

Níu fjölmiðla- og símafyrirtæki á Íslandi reka 11 mismunandi sjónvarpsstöðvar, 1 vefsjónvarpsstöð og aðra fjölmiðlaþjónustu svo sem fjölvarp. Íslensk kvikmyndagerð skarast misjafnlega við þennan heim og í mismiklum mæli. Augljóslega þarf þessi fjöldi sjónvarpsstöðva töluverða þjónustu úr kvikmyndageiranum bæði hvað varðar innihald (kvikmyndir/sjónvarpsþætti) en ekki hvað síst sérhæft starfsfólk. Miklar breytingar hafa orðið á fjölmiðlum frá því að sjónvarpið RÚV hóf útsendingar 1966. RÚV var einrátt á markaðnum til 1986 þegar að Stöð 2 hóf útsendingar. Á síðari hluta 10. áratugar síðustu aldar hófst önnur þróun þegar breytingar urðu á neysluvenjum með tilkomu veraldarvefsins sem breytti hugmyndum fólks um hvernig væri hægt að nálgast myndrænt efni.

*RÚV - Ríkisútvarpið ohf* er ríkisrekin sjónvarpsstöð, hlutafélag í almannæigu. RÚV starfar samkvæmt þjónustusamningi við ríkið sem kveður m.a. á um skyldur sjónvarpsins í þjónustu þess við fólkið í landinu t.d. menningarlegar skyldur. Eðli málsins samkvæmt eru tengsl þess og kvikmyndageirans eldri og umfangsmeiri en annarra sjónvarpsstöðva. Ríkisútvarpið framleiðir eigið dagskráefni auk þess sem sjálfstæðir framleiðendur framleiða efni í nánast alla efnisflokka fyrir Ríkisútvarpið nema fréttir og íþróttafni. Á Ríkisútvarpinu hvíla kvaðir um menningarlega breidd í efnisvali líkt og gerist og gengur þar sem ríkisreknar stöðvar eiga í hlut.

*365 Miðlar* er þjónustufyrirtæki á sviði blaðaútgáfu, sjónvarps- og útvarpsrekesturs og vefmiðlunar. Fyrirtækið rekur m.a. fimm sjónvarpsstöðvar. Þá endurvarpa 365 miðlar einnig fjölda erlendra sjónvarpsstöðva um Stöð 2 Fjölvarp. Elsta rekstrareining 365 Miðla er *Stöð 2* sem er áskriftarstöð sem hóf útsendingar 1986. Stöð 2 sendir út fjölbreytt innlent og erlent afþreyingarefni. Einnig rekur hún fréttastofu sem sendir út daglega. Stöð 2 framleiðir eigið efni að hluta og kaupir einnig efni af sjálfstæðum framleiðendum. Sú samvinna hefur aukist til muna hin síðari ár, sér í lagi gagnvart leiknu efni. *Stöð 2 Sport* er vinsæl íþróttasjónvarpsstöð, sú eina sinnar tegundar á Íslandi, þar sem meðal annars má finna beinar útsendingar frá öllum helstu íþróttaviðburðum heims. *Stöð 2 Extra* er afþreyingarstöð sem fylgir með áskrift að Stöð 2, rétt eins og *Stöð 2 Bíó* sem er kvikmyndastöð sem sýnir nýlegar og eldri kvikmyndir allan sólarhringinn.

*Nova Tívi* er tónlistarstöð sem sýnir tónlistarmyndbönd allan sólarhringinn. en hún sjónvarpar almennri dagskrá, fréttum, íþróttum, menningar- og skemmtiefni.

*Skjárinn* er þjónustufyrirtæki á íslenskum sjónvarpsmarkaði. Skjárinn rekur eina sjónvarpsstöð, *Skjá 1*, gagnvirkt sjónvarp (VOD) og endurvarpar rúmlega 60 erlendum stöðvum í gegnum sjónvarp Símans. *Skjár Einn* er áskriftarsjónvarpsstöð. Hún hóf göngu sína 20. október 1999 og var þá fjármögnuð með auglýsingatekjum. Á síðasta ári var Skjá Einum breytt í áskriftarstöð, að sögn forsvarsmanna vegna þverrandi auglýsingatekna og ójafnri samkeppnisaðstöðu gagnvart RÚV. Áhersla var lögð á fjölbreytta innlenda dagskrárgerð og erlent afþreyingarefni en innlend dagskrárgerð hefur dregist mikið saman. Stöðin kaupir nú innlent efni af sjálfstæðum framleiðslufyrirtækjum. *Skjárbió* býður (VOD) þjónustu og geta áhorfendur keypt sér aðgang að stóru safni kvikmynda bæði nýjum og sígildum myndum allra helstu

kvikmyndaveranna, vinsælum sjónvarpsþáttum, íslenskum heimildamyndum og leiknum kvikmyndum. Einnig er þar að finna upptökur flestra innlendra sjónvarpsþátta SkjásEins, Ríkissjónvarpsins og Stöðvar 2. Þar er einnig að finna barna- og unglingaefni. *Skjár Heimur* er endurvarp á fjölbreyttri dagskrá yfir 60 erlendra sjónvarpsstöðva.

*ÍNN* er einkarekin, íslensk sjónvarpsstöð, sem hóf útsendingar 2007. ÍNN sendir aðallega út viðtalsþætti um stjórnámál, félagsstarf og daglegt líf. Hún sendir út í gegnum dreifikerfi símafyrirtækjanna og á netinu.

*Omega TV* er kristileg sjónvarpsstöð á Íslandi en hún hóf útsendingar, hinn 28. júlí 1992. Á dagskrá stöðvarinnar, eru m.a. íslenskar samkomur og spjallþættir. Nokkrum af íslensku spjallþáttunum er sjónvarpað í beinni útsendingu. Henni er endurvarpað allan sólarhringinn frá Íslandi til meginlands Evrópu í gegnum gerfihnattasjónvarp, fyrir utan það sendir Ómega út á UHF, og í gegnum dreifikerfi símafyrirtækjanna.

*MBL - Sjónvarp* undir netmiðli Morgunblaðsins [www.mbl.is](http://www.mbl.is) er í eigu Árvakurs. Sendar eru út innlendar fréttir framleiddar af fréttastofu [mbl.is](http://mbl.is) á stafrænan máta og einnig er endurvarpað sjónvarpsfréttum frá Reuters.

*N4* er staðsett á Akureyri og rekur m.a. *N4 Sjónvarp Norðurlands*. Einnig reka þeir hönnunar- og framleiðsludeild þar sem framleitt er innlent sjónvarpsefni, kynninga- og auglýsingaefni. Þeir senda út á UHF tíðni og í gegnum dreifikerfi Vodafone með myndlykli frá Digital Ísland.

*Sjónvarps Símans* er rekið af símafyrirtækinu Síminn sem er í eigu og hefur viðskiptatengsl við Skjáinn og dreifir því efni sem Skjárinn hefur yfir að ráða í gegnum netið og myndlykla sína. Þeir endurvarpa einnig RÚV og stöðvum á vegum 365 Miðla.

*Vodafone* er einkarekið símafyrirtæki sem hefur víðtæk viðskiptatengsl við ýmis þjónustufyrirtæki á farskiptasendinga .

Helsta samstarf kvikmyndageirans hefur verið við RÚV, Stöð 2 og Skjá 1. Það samstarf hefur þróast með misjöfnum hætti og í mismiklu mæli. Áður fyrr hafði geirinn hvað mest samskipti og viðskiptatengsl við RÚV vegna menningarstefnu og hlutverks þess í að styðja við íslenska kvikmyndagerð. Það er ekki raunin í dag þar sem að forráðamenn RÚV virðast hafa skilið við að uppfylla hlutverk sitt gagnvart íslenskri kvikmyndagerð og beinlínis lýst því yfir að þeir ætli ekki að kaupa sýningarrétti af t.d. íslenskum kvikmyndum og dregið mjög úr kaupum á öðru efni frá sjálfstæðum framleiðendum í trássi við þjónustusamning sem í gildi er við menntamálaráðuneytið. Hins vegar hefur Stöð 2 verið í fararbroddi með þróun á leiknum sjónvarpsþáttaseríum sem hafa sett þá í sérflokk. Skjár 1 hefur að mestu verið í því að framleiða ódýrar sjónvarpsþætti en hefur nú dregið saman seglin í þeirri framleiðslu og m.a. lokað framleiðsludeild sinni. Þau hafa nýverið hafið framleiðslu í samstarfi við sjálfstæða framleiðendur á leiknu efni og virðast tilbúin að feta sömu leið og Stöð 2.

### 3. Hagræn skilyrði íslenskrar kvikmyndagerðar

Kvikmyndaframleiðsla um heim allan býr við markaðsbresti líkt og flest önnur menningar- og listaframleiðsla. Markaðsbrestur kemur til þegar markaður nær ekki að koma á jafnvægi á milli framboðs og eftirspurnar eða framleiðslukostnaðar og framleiðsluhagnaðar af margvíslegum ástæðum. Þegar álitid er að menningarlegur eða annar samfélagslegur ávinningur sé af starfseminni grípur ríkið inni og kemur á jafnvægi með ýmsum aðgerðum t.d. opinberum styrkjum.

Sá markaðsbrestur sem helst einkennir kvikmyndagerð er hið gífurlega ójafnvægi sem myndast af mjög háum framleiðslukostnaði annars vegar og mjög lágu eintakaverði hins vegar. Kvikmyndagerð er gjarnan skilgreind sem frumeintakaframleiðsla og er kostnaður við þróun, undirbúning og framleiðslu hár en eintök af framleiðslunni (miði á kvikmyndasýningu, DVD diskur) seljast á afar lágu verði. Auk þessa eru litlar sem fáar vísbendingar að hafa um væntanlega frammistöðu vörunnar á markaði. Óvissa um markaðshittni vörunnar ýtir undir enn frekari markaðsbresti og veldur því að fjárfestingar og áhættufjármagn er af skornum skammti og það sem fæst er gjarnan mjög dýrt (t.d. háir vextir).

Hinn hái framleiðslukostnaður og hið lága eintakaverð gerir það að verkum að hlutfallsleg tekjudreifing verður með þeim hætti að u.þ.b. 20% framleiðslunnar aflar um 80% teknanna eða það sem verra er að 80% framleiðslunnar nær aðeins um 20% af heildartekjum. Hlutfallslega fá verk slá í gegn og skapa mestan hluta hagnaðar. Þetta er ein meginástæða þess að kvikmyndaiðnaðurinn í Hollywood hefur þróað sína kerfisinnviði með þeim hætti sem raun er þ.e. að hin svokölluðu stúdíó eða kvikmyndaver geta í krafti stærðar, framleiðslumagns og fjölbreytni í framleiðslu borið svo misjafna tekjudreifingu. Einstök fyrirtæki, sér í lagi þau smærri, ráða hins vegar illa við slíka tekjudreifingu.

Brýnt er að taka fram að þær aðstæður sem lýst er hér að ofan eru ekki séríslenskar, þær fyrirfinnast alls staðar. Á stórum markaðssvæðum er hægt að yfirvinna hluta vandans með hagkvæmni stærðarinnar en á smáum markaðssvæðum verður vandinn enn áþreifanlegri. Erfiðleikar í rekstri eru óhjákvæmilegir en mörg íslenskra fyrirtækja þrauka vegna dugnaðar, útsjónasemi og fórnfýsi rekstraraðila. Það sem gerir aðstæður í íslenskri kvikmyndagerð enn þyngri er sú staðreynd að til þess að geta framleitt kvikmynd þarf að vera til staðar ákveðin fjöldi sérhæfðra starfsmanna, tækjakostur og þjónustuaðilar. Lágmarks þekkingar- og tækjaframboð er hið sama hvort sem markaðurinn fyrir afurðina er stór eða smár. Til þess að viðhalda lágmarks framboði á þekkingu og tækjabúnaði er nauðsynlegt að framleiða ákveðinn fjölda kvikmyndaverka á ári – stærð markaðar hefur þar ekki áhrif á. Kostnaðurinn við að tryggja lágmarksaðgang að tækjakosti og starfsliði er því hinn sami hvort heldur um er að ræða fjölmennt eða fámennt ríki.

Ýmis jákvæð ytri áhrif skapast af kvikmyndagerð, áhrif sem eru illmælanleg með beinum hætti en þó viðurkennd. Sem dæmi má nefna ýmis menningar- og

## Greining á starfsskilyrðum kvikmyndagerðar á Íslandi

Þjóðfræðileg áhrif, félagslega þætti, áhrif á ferðapjónustu og landkynningu og fleira. Sökum þess að hin ytri áhrif, líkt og þau hagrænu, eru talin mikilvæg fyrir þjóðarbú og þjóðmenningu kemur ríkið að fjármögnun kvikmynda með beinum hætti og gerir framleiðendum kleift að framleiða afurðina.

Íslensk kvikmyndaframleiðslufyrirtæki flokkast í flestum (öllum) tilfellum til ör- eða smáfyrirtækja skv. alþjóðlegum iðnaðarskilgreiningum. Flest þeirra framleiða leikið efni, stuttmyndir og/eða heimildamyndir. Stærri fyrirtæki (sem þó eru smá skv. viðurkenndri flokkun) framleiða einnig auglýsingar og sinna þjónustu við erlent kvikmynda- og auglýsingagerðarfólk.

Styrkleikar íslenskrar kvikmyndagerðar í hagrænu tilliti:

- Fyrirtækin eru smá og þar af leiðandi sveigjanleg. Sum hver geta skrúfað starfsemi niður þau tímabil sem lítil sem engin framleiðsla er en slíkt er nauðsynlegt eigi fyrirtækin að lifa af löng þróunar- og fjármögnunartímabil.
- Stuðningur ríkisins við kvikmyndagerð hefur verið góður, stöðugur og farið vaxandi hin síðari ár. Niðurskurður nú mun hins vegar hafa alvarlega áhrif sem greinin mun vera lengi að vinna á.
- Aðgengi að ráðamönnum og stjórnendum er gott og kvikmyndagerðarfólk hefur haft tækifæri til að hafa áhrif á stefnumótun.
- Starfsemi lykilstofnana er stöðug og skilvirk, viðbragðsflýtir hefur aukist og sveigjanleiki í regluverki gerir kleift að taka mið af breytingum í ytra umhverfi.
- Framleiðendur og aðrir lykilstarfsmenn eru úthaldsgóðir, áræðnir og hugmyndaríkir og mikil reynsla hefur orðið til á síðustu áratugum.
- Gott framboð er af reyndu og hæfu starfsfólki við upptökur og framleiðslu á kvikmyndaverkum.
- Góður tækjakostur er til staðar í landinu. Einnig hefur í seinni tíð sprottið upp fjöldi smárra fyrirtækja sem sinna sérhæfðri þjónustu s.s. við tölvuvinnslu, klippingu, hljóðsetningu o.fl. Nú er nánast öll framleiðslukeðjan til staðar í landinu og hægt að fullvinna mörg kvikmyndaverk héraendis.

Veikleikar íslenskrar kvikmyndagerðar í hagrænu tilliti:

- Fyrirtækin eru of smá og ná ekki að nýta sér stærðarhagkvæmni, sem er líkt og kemur fram í fyrstu málsgrein hér að ofan, forsenda fyrir lífvænlegum rekstri til langs tíma.
- Fyrirtækin eru það fámenn og aðþrengd hvað rekstrarfé varðar að þeim er illmögulegt að nýta til fullnustu þau tækifæri til tekjuöflunar sem framleiðsla þeirra býður uppá.
- Mörg fyrirtækjanna hafa einungis möguleika og þekkingu á framleiðslu leikins efnis en það er dýrasta tegund kvikmyndaefnis. Önnur ráða yfir fjölbreyttari framleiðslugetu og geta betur bjargað sér á fjölbreyttari og mis-kostnaðarsamri framleiðslu.
- Þrátt fyrir djúpstæða, en sértæka, sérþekkingu innan fyrirtækjanna er viðvarandi skortur á formlegri þekkingu í rekstri og samningatækni.

- Þrátt fyrir góða samvinnu og þéttriðin samstarfsnet er þekkingar- og reynsluyfirfærsla ekki nægjanleg innan geirans. Einnig valda lág laun og erfiður rekstur þekkingarleka úr geiranum.

## 4. Menningarlegt hlutverk íslenskrar kvikmyndagerðar

Þeir sem byggja landið í dag hafa hlotið í arf dýrmæta menningu og menningarsögu. Líkt og sést í mannkynssögunni allri eru það gjörðir og sköpun mannsins sem lifir bæði í sögulegu tilliti sem og í lifandi athöfnum. Það sem við erum og gerum í dag byggir á því sem áður hefur verið gert. Það er skylda hveftrar kynslóðar að þekkja vel menningu fyrri alda, vera meðvituð um gildi menningarinnar og virk í menningarsköpun samtímans. Þannig er unnt að sinna þeirri siðferðis- og borgaralegu skyldu að tryggja Íslendingum framtíðarinnar möguleika á að byggja samfélag sitt á íslenskri menningarhefð.

Kvikmyndagerðarmenn hafa verið óþreytandi við að fjalla um menningarlegt hlutverk íslenskrar kvikmyndagerðar. Oft hefur þeim þótt illa hlustað. Tíðarandinn sem ríkt hefur síðustu ár og áratug hefur orðið þess valdandi að áhersla hefur verið lögð á að sýna jákvæð hagræn áhrif af kvikmyndagerð. Þó að slík áhrif séu vissulega mikilvæg og árangur íslenskra kvikmyndagerðarmanna sé góður á því sviði er nú runnin upp sú stund að menningarhlutverk kvikmyndagerðar sé hafið til réttmætrar virðingar að nýju. Teikn eru á lofti um að samfélagsleg gildi séu að breytast – gildi sem segja sameiginlegan menningararf og menningaruppeldi ómetanlegt til fjár.

Menningarlegt hlutverk íslenskrar kvikmyndagerðar felst í eftirfarandi:

- Skoðun og skráningu á menningu samtímans
- Speglun þjóðar á samtíma sinn og sögu
- Skráning á sögu og tíðaranda
- Varðveisla og viðhald íslenskrar tungu
- Menningarleg fjölbreytni
- Viðhaldi á og hvatningu til sköpunar sem er forsenda allra framfara

Það er skylda kvikmyndagerðarmanna að sinna þessu hlutverki líkt og það er skylda stjórnvalda að tryggja aðgang allra landsmanna að íslenskri menningu.

Við lifum á tímum einnar mestu tæknibyltingar veraldarsögunnar en hún felst í stafrænni tækni. Hvert sú bylting leiðir er ekki hægt að segja fyrir um en ljóst er að hún mun umbreyta framleiðslu, dreifingar- og neyslufærlum menningar. Nú þegar er ljóst að menntun jafnt sem afþreying mun sótt með notkun starfrænna miðla í síauknum mæli og mun notkun og neysla á myndmiðlunarefni aukast stórlega.<sup>3</sup> Myndmiðilinn verður, ef að líkum lætur, helsta samskipta og miðlunarform framtíðar. Það er því nauðsynlegt að mikilvægi hans í nútíma og framtíð sé viðurkennt og leitað sé leiða til þess að tryggja að menningararfleið okkar og menningarframleiðsla hverfi ekki með deyjandi miðlum.

---

<sup>3</sup> Kristín Atladóttir. 2009. Downloading, an indicator of new techno-economic paradigm. *Rannsóknir í félagsvísindum X*. Ritst. Ingjaldur Hannibalsson. Reykjavík, Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands

Það er staðreynd að yfirgnæfandi hluti þess kvikmynda- og sjónvarpsefnis sem Íslenskur almenningur neytir í dag notar enska tungu og anglósaxneska samfélagsuppbyggingu og gildismat við miðlun. Einnig er það staðreynd að slíkt efni er einsleitt bæði hvað varðar innihald og form. Þetta er ógnvænleg þróun og sjá má á kvikmynda- og menningarstefnu ýmissa Evrópuþjóða að sérstök ákvæði eru til staðar til þess að glíma við þessa neikvæðu stöðu.

## Opinber menningarstefna.

Menningarlegt hlutverk og menningarleg fjölbreytni er skilgreint og tryggt með opinberri menningarstefnu.

Opinber menningarstefna gegnir lykilhlutverki í framgangi og hagrænni afkomu menningargeirans. Í því að setja opinbera menningarstefnu felst markmiðasetning, slík stefna er viljayfirlýsing og verkfæri sem miðar að því að stýra framþróun að fyrirfram ákveðnu marki og á að byggja á ígrundaðri skilgreiningu á hlutverki og tilgangi menningar fyrir samfélagið í heild. Framkvæmd menningarstefnu felst oft í fjárhagslegum skuldbindingum hins opinbera gagnvart menningar- og listageiranum. Þ.e.a.s. ákveðnu hlutfalli af skatttekjum hins opinbera er varið til ýmissar menningar- og listastarfsemi. Í skýrslu sem Haukur F. Hannesson (2009)<sup>4</sup> hefur ritað fyrir mennta- og menningarráðuneytið kemur fram að:

„Menningarstefna í lýðræðisríki er fyrst og fremst ákveðin og framkvæmd út frá þeim fjárhagslegu skuldbindingum sem opinberir aðilar taka á sig vegna menningar, þ.e. hvernig fjármunum ríkis og sveitarfélaga er varið og hver forgangs röðun þeirra er.“

Slíkar skuldbindingar þarf að rökstyðja og sá rökstuðningur felst fyrst og fremst í þeim ávinningi sem Íslenskt samfélag hefur af því að menningar- og listageiranum sé veittur opinber stuðningur. Hið opinbera þarf að svara því hvert er hlutverk menningar og lista, hver er tilgangurinn með stuðningnum og hver er ávinningurinn í menningarstefnu sinni. Greinargóð svör við þeim spurningum færir réttmæti fyrir opinberum stuðning við listir og menningu. Slík svör skapa nauðsynlegan stöðugleika í lista- og menningarframleiðslu og þau veita listamönnum og öðrum þeim sem starfa að menningarmálum á Íslandi viðurkenningu á samfélagslegu gildi starfa þeirra.

## Opinber kvikmyndastefna.

Eftir því sem næst verður komist er íslenska kvikmyndastefnu að finna í eftirfarandi:

Í kvikmyndalögum frá 2003 segir í fyrstu grein um markmið og yfirstjórn:

„Markmið laga þessara er að efla kvikmyndagerð og kvikmyndamenningu á Íslandi.

Kvikmynd merkir í lögum þessum hvers kyns hreyfimyndaefni án tillits til þess með hvers

---

<sup>4</sup> Haukur F. Hannesson. 2009. *Er til menningarstefna á Íslandi?* Reykjavík, Mennta- og menningarmálaráðuneyti Íslands.

## Greining á starfsskilyrðum kvikmyndagerðar á Íslandi

konar tækni eða aðferðum það er framleitt.

Íslensk kvikmynd í skilningi laga þessara er kvikmynd sem unnin er og kostuð af íslenskum aðilum eða er samstarfsverkefni íslenskra og erlendra aðila.“

Samkomulag um kvikmyndagerð<sup>5</sup>, frá 2006, segir ekki meira um tilgang eða hlutverk íslenskrar kvikmyndagerðar en það sem kemur fram í upphafsorðunum:

„Menntamálaráðherra, fjármálaráðherra og samtök í íslenskri kvikmyndagerð gera með sér eftirfarandi samkomulag um stefnumörkun til að efla íslenska kvikmyndagerð.“

Tilgangur og hlutverk íslenskrar kvikmyndagerðar, forsendur fjárframlaga til greinarinnar auk réttar alls almennings á aðgengi að íslensku kvikmyndaefni er hvergi skilgreint nánar eða betur en þetta.

Lagt er til að mótuð verði opinber kvikmyndastefna. Slíkri stefnu má finna stað í nýju samkomulagi um kvikmyndagerð en hið fyrra rennur út í lok árs 2010. Samkomulagið mun fela í sér ákvæði í samræmi við það sem var að finna í hinu fyrra þ.e.a.s. hversu mikla fjármuni íslenska ríkið mun leggja kvikmyndagerð til á næstu árum, hvernig þeir fjármunir eigi að skiptast á milli kvikmyndaefnisflokka og hvaða árangri er vænst yfir ákveðið tímabil. Auk þessa ætti, í nýju samkomulagi, að koma fram hvers vegna opinberum fjármunum er veitt inn í geirann með þessum hætti og hvaða skyldum og ábyrgð gagnvart íslensku þjóðinni er verið að fullnægja með því. Líta má til punkta um menningarlegt hlutverk og tilgang íslenskrar kvikmyndagerðar hér að ofan í því efni. Einnig væri æskilegt að gagnkvæmar skyldur sjónvarpsstöðva og íslenska kvikmyndageirans væru að einhverju leyti skilgreindar í nýju samkomulagi. Vert er að vekja athygli á að sambærilegt samkomulag er að finna á hinum Norðurlöndunum og full ástæða til þess að skoða þau ítarlega við gerð nýs samkomulags hér á landi. Danmörk, Svíþjóð og að hluta til Finnland hafa formgert samstarf kvikmyndagerðar og sjónvarpsstöðva í gegnum samkomulag um kvikmyndagerð þar sem aðkoma sjónvarpsstöðva að meðframleiðslu og/eða kaupum á efni er ákvörðuð. Frekari umfjöllun um þau samkomulög sem í gildi eru í öðrum Norðurlöndunum og um starfsumhverfi kvikmyndaframleiðslu þar er að finna í kafla 5.3 en umfjöllun um tengsl RUV ohf og íslenska kvikmyndageirans er að finna í kafla 5.6.

Kvikmyndaráð er, eins og áður hefur komið fram, skipað af ráðherra. Því er ætlað að veita stjórnvöldum ráðgjöf um kvikmyndamálefni og gerir tillögur til mennta- og menningarmálaráðherra um stefnu og markmið opinberra aðgerða á sviði kvikmyndalistar. Kvikmyndaráð hefur verið nánast óvirkt frá því að það var sett á laggirnar. Það er lagt til hér að Kvikmyndaráð verði virkjað í það að fylgjast með framkvæmd nýs samkomulags og gegni því hlutverki í framhaldi að fylgjast með framgangi þess. Kvikmyndaráð myndi einnig hafa það hlutverk að meta á breiðum grundvelli árangur af samkomulaginu þegar fram líða stundir og móta tillögur að endurbótum og breytingum við gerð áframhaldandi samkomulaga síðar meir.

Við þau störf sín myndi Kvikmyndaráð líta sérstaklega til þess sem ríkið og

---

<sup>5</sup> Samkomulag á milli samtaka og félaga í kvikmyndagerð, Fjármálaráðuneytis og Menntamálaráðuneytis.



kvikmyndagerðarmenn hafa að leiðarljósi þ.e. að íslensk kvikmyndagerð er til fyrir íslenska áhorfendur, íslenska tungu og íslenska menningu.

## 5. Greining á starfsskilyrðum

### 5.1 Þróun.

Þróunarferli kvikmynda- og sjónvarpsverka er með fremur einföldum hætti á Íslandi. Annað hvort þróa handritahöfundur eða leikstjóri hugmynd yfir í úrdrátt (e. *treatment*) og jafnvel handrit og leitar til framleiðanda að því loknu, eða framleiðandi hefur frumkvæði að því að setja saman hóp, með eða án leikstjóra og leiðir ferlið áfram frá hugmynd að handriti.

Þegar kemur að þróun kvikmynda, er skrifferli yfirleitt fjármagnað með handritastyrkjum frá Kvikmyndamiðstöð, hver að upphæð 400.000 kr. Slíka styrki er í mesta lagi hægt að sækja um þrisvar sinnum fyrir hvert verkefni og styrkir því KMÍ handrit í mesta lagi um 1.2 milljónir alls, óháð því hversu margir koma að skrifum handritsins. Jafnframt getur framleiðandi sótt um þróunarstyrk til þess að vinna handrit/hugmynd áfram og fjármagna verkefnið. Þróunarstyrkir KMÍ eru á bilinu 3-5 milljónir króna og veittir til framleiðanda, eyrnamerkir ákveðnum verkefnum. Hafa ber í huga að umræddir þróunarstyrkir eru bundnir viljrði um framleiðslustyrk og teljast vera fyrirframgreiðsla inn á slíka styrki. Þeir eru því fyrirframgreiddur hluti af framleiðslustyrk ef af framleiðslu verður. Árið 2009, fyrir niðurskurð til Kvikmyndamiðstöðvar, voru veittir 40 handritastyrkir til leikinna kvikmynda en 61 umsókn barst. 20 umsóknir bárust um handritastyrki fyrir leikið sjónvarpsefni og 9 voru veittir. Mögulegt er að sækja um styrki til MEDIA og í Norræna kvikmynda- og sjónvarpsstöðinni til frekari þróunar.

Þegar kemur að leiknum sjónvarpsþáttum, er sjaldnar sótt um þróunarstyrki til KMÍ eða erlendra stofnana og sjóða og eru ástæður þess reifaðar síðar í þessum kafla. Algengara er að handritaskrif séu fjármögnuð innanlands, með handritastyrkjum og í sumum tilfellum, með mótframlagi frá framleiðslufyrirtæki og sjónvarpsstöð. Þetta á þó fremur við um þætti á vegum Stöðvar 2 en annarra stöðva. Ekki er vitað til þess að RÚV hafi tileinkað sér slíkt vinnulag þó eftir því hafi verið kallað. Á öðrum Norðurlöndum hafa ríkissjónvarpsstöðvar hins vegar komið með öflugum hætti inn í þróunarferli verkefna með mótframlagi í handritaskrifum.

Hafa ber í huga að þróunarfjármagn er áhættufjármagn sem, eðli málsins samkvæmt, skilar sér ekki alltaf í því að verkefni verði að veruleika. Þá áhættu bera höfundar, framleiðendur, Kvikmyndamiðstöð og í sumum tilvikum sjónvarpsstöðvar.

Þegar horft er til íslenskra sjónvarpsverka má koma auga á eftirfarandi styrkleika:

- Mikil reynsla og þekking hefur skapast síðustu ár
- Geirinn er viljugur, þar ríkir jákvæðni, dugnaður og frumkvæði
- Gegnsætt og faglegt regluverk er við úthlutanir frá KMÍ

## Greining á starfsskilyrðum kvikmyndagerðar á Íslandi

- Stöð 2 hefur tekið virkan þátt í þróun og framleiðslu

Hins vegar er einnig að finna ýmsa veikleika:

- RÚV tekur takmarkaðan þátt í þróun á sjónvarpsefni
- Fjárskortur og stopul framleiðsla, hætta á að þekking tapist
- Vantar tengsl og samvinnu við nágrannaþjóðir

Atriði sem vert er að horfa til við frekari uppbyggingu eru m.a.:

- Námskeið og vinnubúðir með innlendum og erlendum fagaðilum
- Stöðugur fjárhagslegur grundvöllur til viðhalds á fagmennsku
- Betri nýting og þekking á þróunarfé frá Norðurlöndum

Undanfarin ár hefur verið talsverð gróska í handritagerð fyrir leikna sjónvarpsþætti á Íslandi og verðmæt þekking og reynsla hefur skapast. Slíkt skilar sér í betri handritum. Mikilvægt er að halda í þessi verðmæti með því að bæta skilyrði fyrir áframhaldandi þróun þrátt fyrir niðurskurð til greinarinnar. Í ljósi títtnefndrar smæðar markaðarins og takmarkaðra þróunarfjármögnunarmöguleika höfunda og framleiðenda má vera ljóst að enginn er handritahöfundur í fullu starfi á Íslandi. Hins vegar má styrkja starfsumhverfi þeirra með ýmsu móti. Auka má menntunar- og endurmenntunarmöguleika í námskeiðahaldi héraðs og erlendis og búa til gagnagrunn upplýsinga þar að lútandi, til dæmis á vegum Kvikmyndamiðstöðvar.

Endurskoða má handritastyrkjafyrirkomulagið og íhuga að klæðskerasníða að verkefnum. Ljóst er að handrit eru misdýr í skrifum líkt og í tókum, sum þurfa lengri þróunartíma og önnur fleiri höfunda. Handrit að sjónvarpsþáttaröðum eru til að mynda einfaldlega mun lengri en kvikmyndahandrit og að því mætti huga.

Einnig má skoða möguleika á því að verkefni sem handritastyrkir eru veittir til geti sótt handritaráðgjöf á faglegum forsendum til einstaklinga sem aðstandendur verksins kjósa, jafnvel á kostnað Kvikmyndamiðstöðvar. Slíkt myndi auka líkur að ráðgjöf væri nærri anda hvers verks auk þess sem slíkt gæti stuðlað að aukinni faglegri samræðu innan fagsins.

Í þróunarmálum leikins sjónvarpsefnis, virðast úrbóta þó mest þörf þegar litið er til aðkomu RÚV. Skýra og skilgreina þarf aðkomu RÚV að þróun kvikmynda- og sjónvarpsverka og móta stefnu þess og skyldur. Nánar er fjallað um RÚV ohf síðar í skýrslunni.

Ef sækja á um þróunarstyrki erlendis frá er í flestum tilfellum nauðsynlegt að sjónvarpsstöð staðfesti þátttöku sína í verkefninu áður en Kvikmyndamiðstöð og velflestir erlendir sjóðir eða erlendar sjónvarpsstöðvar leggja fram fjármagn í aðra þróun en skrif handrits. Síðustu ár hefur gætt tregðu hjá RÚV við að gangast undir slíkar skuldbindingar. Því eru möguleikar íslenskra framleiðenda við öflun þróunarfjármagns erlends takmarkaðri en þeir þyrftu að vera. Eðlilegt má telja að RÚV eyrnamerki ákveðna upphæð í þróun verka á ári hverju til að tryggja sér forkaupsrétt og/eða samframleiðslurétt leikins sjónvarpsefnis líkt og norrænar ríkissjónvarpsstöðvar gera í þeim tilgangi að auka og styrkja framleiðslu í landi sínu.

Gera yrði ráð fyrir að RÚV hefði sjálfræði um þau verk stofnunin kysi að taka þátt í þróun á.

## 5.2 Fjármögnun

Hér á eftir fer umfjöllun um fjármögnun kvikmyndaverka og er kaflanum skipt í þrjú hluta. Fyrsti hluti fjallar um fjármögnun leikinna kvikmynda í fullri lengd, annar um fjármögnun heimildamynda og sá þriðji um fjármögnun leikinna sjónvarpsverka.

### 5.2.1 Leiknar kvikmyndir.

Fjármögnun íslenskra kvikmynda hefur verið með ýmsum hætti á undanförunum árum. Í góðærinu jókst töluvert framlag í formi einkafjárfestinga en með breyttu efnahagsástandi hefur umsóknum til þeirra sjóða sem Ísland á aðild að fjölgað nokkuð. Hér verða raktar helstu fjármögnunar- og tekjumöguleikar íslenskra kvikmynda.

#### Kvikmyndasjóður Íslands.

Kvikmyndasjóður Íslands hefur verið undirstaða fjármögnunar flestra íslenskra kvikmynda undanfarin ár. Kvikmyndasjóður hefur veitt allt að 1,2 m.kr. í handritsstyrki, 3,5 m.kr. í þróunarstyrki og allt að 75 m.kr. í framleiðslustyrki. Styrktar hafa verið 3 til 5 bío myndir á ári.

#### Endurgreiðslur frá iðnaðarráðuneyti.

Iðnaðarráðuneyti hefur heimild til að endurgreiða 20% af þeim framleiðslukostnaði sem fellur til hér á landi að frádregnu því sem greitt er með framlagi Kvikmyndasjóðs. Iðnaðarráðuneytið endurgreiðir einnig kostnað sem fellur til á Evrópska efnahagssvæðinu, falli meira en 80% framleiðslukostnaðar til á Íslandi.

Samanlagðar endurgreiðslur iðnaðarráðuneytis og styrkur Kvikmyndasjóðs mega aldrei nema meira en 50% af heildarframleiðslukostnaði mynda samkvæmt reglum Evrópska efnahagssvæðisins. Þó er í reglunum kveðið á um að í sérstökum menningarlegum tilfellum megji víkja frá þessari reglu, hefur bæði fulltrúum mennta- og menningarmála- og iðnaðarráðuneytisins verið bent á þennan möguleika, en enn sem komið er hafa þeir ekki verið nýttir.

Vegna þessa þurfa framleiðendur að leita annað eftir helming fjármögnunar verka sinna. Flestir leita til þeirra sjóða sem Ísland er að aðili að, sem eru Norræni kvikmynda- og sjónvarpssjóðurinn, Eurimages og Media áætlunin.

Sjónvarpsstöðvar hérlendis hafa í litlu mæli komið að fjármögnun kvikmynda en nefna má að sjónvarpsstöðvum í Danmörku og Svíþjóð er gert, samkv. samkomulagi ríkis og kvikmyndageira, að leggja til fjármagn í framleiðslu kvikmynda (allt að 30% af framleiðslukostnaði í sumum tilfellum).

Norræni kvikmynda- og sjónvarpssjóðurinn styrkir eina til tvær íslenskar kvikmyndir á ári með 0,7 til 2 milljónum norska króna þó einnig komi ár þar sem engin mynd er styrkt. Skilyrði er að myndinni sé tryggð dreifing í minnst tveimur norrænum sjónvarpsstöðvum sem eru aðilar að sjóðnum. Á Íslandi eru Kvikmyndamiðstöð, RÚV og Stöð 2 aðilar að sjóðnum.

Eurimages, sjóður starfræktur af Evrópuráðinu í Strassborg, veitir allt að tveim íslenskum kvikmyndum styrk á ári um 100.000 € til 480.000 €. Skilyrði er um samframleiðslu að minnst tveggja aðildarþjóða sjóðsins, að um einhverskonar listrænt eða tæknilegt samstarf sé að ræða og að myndin hafi fengið dreifingu í samframleiðslulöndunum.

MEDIA áætlunin veitir þróunar- og undirbúningsstyrki, 10.000 til 80.000 € fyrir reynda framleiðendur til þróunar einstakra eða nokkurra verkefna og framleiðslustyrki að upphæð 30.000 € til 210.000 € til sjónvarpsmynda að því tilskildu að öll önnur fjármögnun sé tryggð. Einnig veitir Media áætlunin verulega styrki til dreifingar á íslenskum kvikmyndum í kvikmyndahús erlendis. Forgangs njóta þær myndir sem náð hafa samning um dreifingu í sem flestum Evrópulöndum. Nú nýverið hóf sjóðurinn að bjóða upp á styrki vegna fjármögnunarkostnaðar framleiðenda.

Íslenskum verkefnum hefur gengið vel að fá fjármagn frá þessum erlendu sjóðum og jafnan fengið til baka meira en þann þátttökukostnað sem ríkið leggur í sjóðina með framlögum sínum. Líkt og sést af framangreindu er helsta markmið sjóðanna að stuðla að samstarfi kvikmyndagerðarmanna af ólíku þjóðerni. Þær þjóðir sem helst hafa unnið með Íslendingum eru Norðurlandþjóðirnar, Þjóðverjar, Bretar, Írar, Hollendingar, Kanadamenn og Frakkar. Samstarf við fyrirtæki í þessum löndum hafa opnað Íslendingum aðgang að staðbundnum sjóðum þessara landa og dreifingakerfum auk þess sem hin erlendu fyrirtæki hafa lagt fram mannskap, tæki og þjónustu gegn eignarhluta í íslenskum myndum. Hinsvegar fylgja fjármagni úr mörgum af staðbundnu sjóðunum kvaðir um kaup á aðstöðu og þjónustu á svæðinu sem styrkurinn kemur frá, jafnvel fyrir upphæðir sem eru hærri en styrkurinn. Jafnframt minnkar eignarhald íslensku fyrirtækjanna á verkefnum við slíkt samstarf og dreifast tekjur vegna sölu á milli allra framleiðandanna.

Fyrir utan framangreint eru helstu tekju- og fjármögnunarmöguleikar kvikmynda

- Tekjur af sölu aðgöngumiða.
- Tekjur af sölu mynddiska á leigur og beint til neytenda.
- Tekjur af sýningum í , „Myndir eftir pöntun“ MEP (e. Video on demand eða VOD) sem er dreifing til neytenda í gegnum sjónvarpsrás þar sem greitt er fyrir hverja sýningu.
- Tekjur vegna sýninga í sjónvarpi. RÚV og Stöð 2 hafa greitt frá 1 til 8 milljón kr. fyrir mismargar sýningar sem eiga sér stað frá 7 að óendanlega mörgum

árum.

- Fyrirframgreiðslur frá erlendum sölufyrirtækjum (á einkum við um myndir leikstjóra sem hafa skapað sér nafn).
- Erlent áhættufjármagn (þegar möguleiki er á mikilli dreifingu til almennra kvikmyndahúsa – á einkum við um myndir með ensku tali).

Þó þátttaka Íslendinga sem minnihlutaaðila í erlendum verkefnum hafi ekki verið mikil á undanförunum árum er hún samt mikilvæg. Aðstoð við fyrirtæki í þeim löndum sem við störfum mest með við að fá fjármagn úr Norræna sjóðnum og Eurimages gerir sjóðum í heimalöndum þessara fyrirtækja auðveldara að réttlæta styrki til íslenskra kvikmynda úr þeirra eigin sjóðum.

Þar sem töluvert af tekjum og styrkjum koma til greiðslu eftir að kvikmynd er fullkláruð og hefur jafnvel verið sýnd, eru myndirnar framleiddar með áhættufjármagni á borð við:

- Framlagi framleiðenda þar sem framleiðslufyrirtæki, framleiðandi, leikstjóri handritshöfundur, tækjaleigufyrirtæki og fleiri bíða með að taka laun sín og greiðslur fyrir kostnað þangað til tekjur fara að skila sér.
- Fyrirframgreiðslum frá dreifingarfyrirtæki sem leggur fram fjármagn með tryggingu í kvikmyndahúsa- og mynddiskadreifingu á Íslandi.
- Einkafjármagni þar sem einkaaðili leggur fram áhættufjármagn.
- Lánnum frá banka, þar sem banki lánar fjármagn gegn sölu- eða dreifingasamningi.

Oftast er þó um einhverskonar blöndu af öllum þessum leiðum að ræða.

#### Staðan í dag og framtíðarhorfur.

Í *Hverjir fjármagna íslensk kvikmyndaverk*, skýrslu hagsmunasamtaka í kvikmyndagerð sem kom út í mars 2010 kemur í ljós að heildarframleiðslukostnaður 112 íslenskra kvikmyndaverka framleiddra á árunum 2006 til 2009 nam tæpum 12 milljörðum krónum eða að jafnaði um 3 milljörðum króna á ári. Ljóst er því að á undanförunum árum hefur verið veruleg gróska í íslenskri kvikmyndagerð.

Rétt er að taka fram að tvö mjög stór verkefni, Latibær og Thor, eiga hér verulegan hlut að máli. Hinsvegar hefðu þau aldrei orðið til hér á Íslandi ef ekki hefði ekki verið hlúð að kvikmyndagerð og hér orðið til sístækkandi hópur fagfólks sem getur tekið að sér stærri og flóknari verkefni.

En nú, í apríl 2010 eru því miður blikur á lofti. Bæði hefur Kvikmyndasjóður mátt þola tæplega 35% niðurskurð ef gengið er út frá áætlunum í samkomulagi frá 2006 auk þess sem breyting hefur orðið á virðisaukaskattkerfi miðasölu á íslenskar myndir. Tekjur af útleigum í gegnum myndbandaleigur hafa farið minnkandi og er sú tegund dreifingar að leggjast af á Íslandi þar sem erfitt hefur verið að koma á kerfi þar sem framleiðandi fær fasta greiðslu við hverja útleigu. Á móti kemur að MEP (VOD) hefur aukist töluvert. Um er að ræða dreifingu til neytenda í gegnum

sjónvarpsrás þar sem neytandi pantar sjálfur og borgar fyrir hverja sýningu. Þetta er nýr markaður sem virðist vera að taka við sér og dreifiaðferð sem er skilgreind sem sjónvarpsútsending í nýjum fjölmiðlalögum og þess vegna mun virðisaukaskattur af þessu formi verða 7% sem er lækkun frá því sem hann er í dag.

### Áhrif lækkaðs gengis íslensku krónunnar.

Jákvæð áhrif gengisfalls íslensku krónunnar eftir bankahrunið í október 2008 er að erlendar tekjur gefa nú fleiri krónur. Komið hefur verið upp mjög góðri stafrænni eftirvinnsluaðstöðu héraðs og hluti kvikmyndahúsa nýtir stafræna tækni við kvikmyndasýningar. Því er nú hægt að ljúka eftirvinnslu bíómynda hér á landi, nema lokayfirfærslu á filmu. Þessi þróun hefur leitt til þess að um 20% hærri kostnaðarhluti fellur til hér á landi auk þess að störf flytjast hingað til lands. Eins og áður hefur komið fram er meirihluti íslenskra kvikmynda einhverskonar samframleiðsla við nágrannalöndin. Flestir þeir sjóðir sem sótt er til gera kröfu um að meira en fjárhagslega samvinna eigi sér stað. Þess er vænst að um listræna, tæknilega og dreifingarlega samvinnu sé að ræða. Framleiðslukostnaður hefur hækkað lítið á Íslandi í íslenskum krónum en vegna gengisfallsins er framlag okkar nú stórfellt lægra en áður umreiknað í erlendan gjaldeyri. Þetta hefur þau áhrif að eignarhluti íslenska framleiðandans minnkar og að sama skapi tekjurnar þó að raunframlag þeirra til myndanna sé það sama.

### 5.2.2 Heimildamyndir

Þegar Kvikmyndamiðstöð Íslands var sett á laggirnar árið 2003 varð til sjóður sem ætlað er að styrkja gerð stutt- og heimildamynda. Heimildamyndagerð á sér nokkuð langa sögu héraðs en fram að þessu hafði einstaka verk verið styrkt af Kvikmyndasjóði án þess þó að fé úr sjóðnum væri eyrnamerkt slíkum verkum. Fjármögnun heimildamynda hefur alla tíð verið fremur þungur róður en tilkoma stutt- og heimildamyndasjóðsins hafði mikil áhrif til hins betra. Hin allra síðustu ár hefur heimildamyndagerð náð langtum hærra framleiðslustigi en áður og nú eru reglulega sýndar heimildamyndir í kvikmyndahúsum og ná sumar þeirra aðsókn sem jafnast á við aðsókn á leiknar kvikmyndir. Hin allra síðustu ár urðu til ýmsir sjóðir sem hægt var að leita í með smærri upphæðir en vegna sviptinga í efnahagslífi hafa margir þeirra horfið aftur.

Fjármögnunarmöguleikar fyrir íslenskrar heimildamyndir eru þessar:

1. Kvikmyndasjóður
2. Framlag íslenskrar sjónvarpstöðvar
3. Endurgreiðsla iðnaðarráðuneytis
4. Aðrir innlendir sjóðir
5. Annað innlent fjármagn
6. Erlendir sjóðir

7. Erlendar sölur/samframleiðsla
8. Annað erlent fjármagn
9. Eigið fjármagn

Forsenda fjármögnunar hérlendis og erlendis er skriflegt vilyrði frá sjónvarpsstöð eða kvikmyndahúsi um sýningu á myndinni. Þegar vilyrði hefur getur framleiðandi verksins sótt um fjármögnun til Kvikmyndamiðstöðvar en réttilega eru þeir peningar skilyrtir því að tryggt sé að íslenskum áhorfendum bjóðist að sjá verkið t.d. í kvikmyndahúsi eða sjónvarpi.

Einnig er hægt að sækja um 20% endurgreiðslu framleiðslukostnaðar til iðnaðarráðuneytis. Til að eiga kost á slíkri endurgreiðslu þarf verkefnið að uppfylla þau skilyrði að það „stuðli að eflingu innlendarar menningar, eftir atvikum, með skírskotun til sögu lands og náttúru“. Rétt er að benda á að samanlagt fjármagn ríkisins þ.e. Kvikmyndamiðstöðvar og iðnaðarráðuneytis má ekki, samkvæmt alþjóðlegum samþykktum, fara upp fyrir 50% af heildarkostnaði við verkið (þetta á bæði við leiknar myndir og heimildamyndir).

Umsóknarferli Kvikmyndamiðstöðvar fyrir þróun og fjármögnun er einfalt og skilvirkt og hið sama má segja um vinnuferla iðnaðarráðuneytis gagnvart endurgreiðslum. Aðrir opinberir sjóðir sem heimildakvikmyndagerðarmenn geta sótt fjármagn til eru fáir með takmarkaða möguleika til fjárveitinga en þar má t.d. nefna Hagþenki, ýmis ráðuneyti, og Reykjavíkurborg.

Aðrir sjóðir s.s. Styrktarsjóður Baugs, Styrktarsjóður Margrétar Björgúlfsdóttur og menningarsjóðir bankanna starfa ekki eftir að efnahagsþrengingar riðu yfir. Velferðarsjóður barna og Pokasjóður hafa, eftir því sem best fæst séð, breytt áherslum sínum við val á styrkþegum.

Íslenskir kvikmyndagerðarmenn geta sótt um fjármagn til erlendra sjóða að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Þar má m.a. nefna Norræna kvikmynda- og sjónvarpssjóðinn og Media. Hins vegar eru heimildamyndir gjarnan menningarlega sértækar og kemur slíkt oft í veg fyrir að hægt sé að sækja í umrædda sjóði. Heimildamyndir þurfa að höfða til fleiri menningarsvæða en einungis Íslands til að geta átt möguleika á þessum vettvangi.

Mikilvægt er fyrir heimildamyndagerðarmenn að kynna verkefni sín á byrjunarstigum verksins til að eiga möguleika á að sækja í erlenda sjóði. Nauðsynlegt er að sækja fjármögnunarmessur á borð við Nordisk Panorama og IDFA í Amsterdam. Slíkt er lykill að samstarfi við meðframleiðendur og til að kynna verkefnið erlendum sjónvarpsstöðvum, þar sem gerð er krafa um samstarf eða erlendar sýningar hjá þeim erlendu sjóðum sem áður er minnst á. Sem dæmi má nefna að Norræni kvikmynda- og sjónvarpssjóðurinn krefst þess að sýningarréttur hafi verið seldur til tveggja norrænna sjónvarpsstöðva eigi möguleiki á styrkveitingu að vera fyrir hendi. Annað erlent samstarf er mögulegt í örfáum tilfellum en einungis örfá verkefni hafa burði til að höfða til fleiri menningarsvæða en þess íslenska.

Loks reiða íslenskir heimildagerðarmenn sig á eigið framlag til þess að ljúka fjármögnun heimildamynda. Það er gert með von um að féð endurheimtist þegar að hægt er að markaðssetja myndina, í kvikmyndahúsi, á DVD eða í dreifingarkerfi VOD - Símans og Vodafone.

Hér að ofan er minnst á mikilvægi þess að sala á sýningarétti liggi fyrir snemma á þróunar- og framleiðsluferli heimildamynda þar sem slík sala skilyrðir möguleika á framleiðslustyrk frá Kvikmyndamiðstöð og Norræna kvikmynda- og sjónvarpsjóðnum. Í dag er RÚV nánast eini kaupandi sýningaréttar á heimildamyndum hérlendis. Vegna breytingar á dagskrárstefnu hafa kaup Stöðvar 2 á slíku efni dregist verulega saman á síðastliðnum áratug og er aðkoma Stöðvar 2 að fjármögnun og kaupum á sýningarétti á heimildamyndum nú lítil sem engin. Í ljósi þess að slík sala skilyrðir fjármögnun úr opinberum sjóðum er ljóst að framleiðendur heimildamynda eru í þröngri stöðu. Ekki einungis hvað varða fjölda kaupenda heldur einnig þess að án samkeppni eru möguleikar á háþörfun söluverðs ekki fyrir hendi.

Framleiðendur hafa tekið saman tölur um kaupverð RÚV á sýningarrétti og segja þær sýna að kaupverð RÚV sé u.þ.b. 4-9% af framleiðsluverði, óháð stærð eða gæðum myndar. Framreiknaðar tölur, unnar upp úr skýrslu Ríkisendurskoðunar 1994 um innkaup RÚV á heimildamyndum, gefa til kynna að meðalmínútuverð á árinu 2008 ætti að vera u.þ.b. 60 þúsund krónur en var 18 þúsund krónur.

Ljóst er að sá uppgangur sem verið hefur í heimildamyndagerð er u.þ.b. að stöðvast vegna skorts á fjármagni. Til þess að koma í veg fyrir framleiðslustöðvun og brott- hvarf mannauðs og þekkingar er mikilvægt að fjármagn til sjóða verði aukið að nýju. Einnig er aukin aðkoma sjónvarpsstöðva mikilvæg í þessu samhengi. Styrkir frá fyrirtækjum, stofnunum og einstaklingum hafa nánast horfið. Á sama tíma er þyngra að nálgast styrki frá þeim smærri sjóðum sem áður er minnst á. Það umhverfi gæti lagast á næstu árum en ýmislegt má gera til að auðvelda kvikmyndagerðarmönnum fjármögnun frá þessum aðilum.

Tillögur að úrbótum.

- Ef einsleitni fjármögnunartækifæra verður viðvarandi mun það ýta undir frekari einyrkjabúskap í samfélagi heimildamyndagerðarmanna. Þó einyrkjabúskapur sé bæði æskilegur og eðlilegur hluti af landslaginu er mikilvægt að sporna við frekari einangrun og hvetja til reksturs stærri fyrirtækja með samfellu í framleiðslu og rekstri. Opinber stefna RÚV í dagskrárgerð heimildamynda í samstarfi við kvikmyndagerðarmenn og Kvikmyndamiðstöð myndi skapa betri aðstæður og auka gæði heimildamynda. Enn frekar væri hugsanlegt að hvetja aðrar sjónvarpsstöðvar til þess að sinna þróun á þessu sviði með því að setja á stofn útsendingarsjóð sem allar sjónvarpsstöðvar gætu sótt fjármagn í. Með því að leggja til ákveðið grunnfjármagn gætu stöðvarnar sótt um tvöföldun fjármagnsins gegn því að sýna myndina í opinni dagskrá.
- Huga má að því að flytja fjármögnun stuttmynda yfir í þann hluta Kvikmyndasjóðs sem sinnir leiknum kvikmyndum. Heppilegra væri að vera með allt leikið efni í sama sjóðnum þar sem skyldleiki þeirra er meiri og kostnaðar- og efnismat er frekar á sviði þeirra ráðgjafa sem koma að leiknu efni.



- Framleiðendur heimildamynda telja að þróunarstyrkir til heimildamynda séu heldur lágir og að auka mætti svigrúm Kvikmyndamiðstöðvar til aðkomu að framleiðslu mynda á síðari hlutum framleiðsluferlisins. Dæmi eru um að heppilegt hefði verið að veita eftirvinnslustyrki fyrir verkefni sem hafa farið af stað í framleiðslu án stuðnings Kvikmyndamiðstöðvar. Hins vegar hafa hækkanir á framlagi ekki gengið eftir sem skildi.
- Loks væri til bóta ef regluverk, skattaávilnanir eða skattaafslættir væru með þeim hætti að fyrirtæki og einstaklingar hefðu hag af því leggja kvikmyndum, listum og menningu fjárhagslegt lið. Einnig virðist óljóst um hvort virðisaukaskattskylda hvílir á framlagi þessara aðila og brýnt er skorið sé úr um það óvissumál.

Fjöldi áhugaverðra og vandaðra heimildamynda hefur komið úr þeim jarðvegi sem menningarstefna íslenskra stjórnvalda hefur alið af sér á síðustu 5 árum og öllum er ljóst mikilvægi þess að menningararfurinn verði varðveittur í formi góðra verka af því tagi. Þrátt fyrir tímabundna erfiðleika mun heimildamyndagerð varðveita þekkingu og menningu sem kynslóðir framtíðar hafa aðgang að.

### 5.2.3 Sjónvarpsefni.

Ein af grundvallarforsendum þess að starfrækja kvikmyndaiðnað á Íslandi er að viðhalda framþróun síðustu ára í gerð leikins sjónvarpsefnis. Það uppbyggingarstarf má rekja til stofnunar sjónvarpssjóðs Kvikmyndamiðstöðvar árið 2003. Frá þeim tíma hefur leikið sjónvarpsefni birtst reglulega á skjám landsmanna við gríðarlega góðar undirtektir. Þetta er ekki síst vegna framgöngu Stöðvar 2 og augljósrar þarfar markaðar. Við stofnun sjóðsins jókst frelsi og möguleikar framleiðenda og höfundar til þess að þróa og raungera verk sín með framtíðarmarkmið í huga.

Fjármagn til framleiðslu sjónvarpsefnis á Íslandi er nær eingöngu sótt til Kvikmyndamiðstöðvar, sjónvarpsstöðva og í eigin vasa framleiðslufyrirtækja. Erfitt er að sækja fjármagn frá erlendum dreifingaraðilum, sjóðum eða stöðvum vegna skorts á fordæmum og þess hve íslenskur sjónvarpsiðnaður er ungur. Uppbygging skiptir hér öllu, því hvert tilvik þar sem erlent framlag kemur til íslenskra sjónvarpsverka eykur möguleika á öðru eins fyrir annað verk. Þar sem leikið sjónvarpsefni á sér hvorki ríka né langa sögu á Íslandi má leiða að því líkur að niðurskurður til Kvikmyndamiðstöðvar komi einna harðast niður á slíku efni. Áfram þarf að framleiða nægt magn af efni til þess að viðhalda þekkingu innan greinarinnar og ljóst þykir að tvær myndaraðir á ári duga ekki til þess að halda iðnaði virkum og starfandi. Góð forsenda þess væri sérstakur sjónvarpssjóður sem stæði utan Kvikmyndasjóðs og eyrnamerkur leiknu sjónvarpsefni sem sjálfstæðir framleiðendur geta gert ráð fyrir í þróun sinni og áætlunum og dugar til að viðhalda iðnaðinum. Frekari útlistun á þessari hugmynd kemur fram í umfjöllun um RUV ohf síðar í þessari skýrslu.

Framleiðendur leikins sjónvarpsefnis telja að helsta fyrirstaða þess að afla erlends fjármagns til íslensks sjónvarpsefnis sé skortur á samstarfi RÚV. Í fjármögnunarferli þarf sjónvarpsstöð í heimalandi verksins að lofa þátttöku án skilyrða, annarra en þeirra að framleiðandi muni ljúka fjármögnun. Slíkt er grundvallarskilyrði gagnvart erlendum sjóðum. Treglega hefur gengið að fá skuldbindingu frá RÚV um kaup verka á ákveðnu verði og/eða yfirlýsingar um samframleiðslu sem er óumdeilanlega frumskilyrði fyrir því að erlendir aðilar skuldbindi sig gagnvart íslenskum verkum.

Miklar og hraðar framfarir hafa átt sér stað á sviði framleiðslu leikins sjónvarpsefnis, þekkingarstig hefur hækkað og reynsla aukist umtalsvert. Hins vegar má segja að formfestu skorti í samstarfi við RÚV sem dragi úr styrk greinarinnar. Niðurskurður hittir illa fyrir ungan iðnað sem er á viðkvæmu vaxtarstigi en takist vel til að vinna úr þeim fjármunum og tækifærum sem til falla á komandi árum er ástæða til að ætla að upp vaxi öflugur þekkingariðnaður á sviði leikins kvikmyndaefnis sem fullt erindi gæti átt í útflutning á norræna og jafnvel alþjóðlega markaði.

### 5.3 Framleiðsla kvikmyndaverka á Norðurlöndum

Hér á eftir fara upplýsingar um stöðu og fjármögnun kvikmyndagerðar á öðrum Norðurlöndum. Áhugavert er að sjá að þó margt sé um líkt með framkvæmd kvikmyndamála þessarra landa er unnið markvisst og sjálfstætt að eflingu kvikmyndaiðnaðarins í hverju landi fyrir sig.

Það sem greinir Ísland frá hinum Norðurlöndunum er í stuttu máli þetta:

- Framleiðslukostnaður við íslenskrar kvikmyndir er langtum lægri en annars staðar og nú orðið jafnvel svo lágur að fjölbreytni er ógnað.
- Samstarf við ríkisreknar sjónvarpsstöðvar er betur skilgreint annars staðar og víðast er það hluti af fjármögnunarstefnu sem innbyggð er í samkomulög um kvikmyndagerð. Jafnvel þekktist það að slík samvinna sé ein af forsendum rekstrarleyfis eða þjónustusamninga eins og það heitir hérlandis.
- Opinber afskipti af kvikmyndagerð virðist meiri á hinum Norðurlöndunum og skýrari stefna í kvikmyndamálum liggur fyrir þar sem áhersla er á að styðja innlenda framleiðslu til þess að vega upp á móti miklu magni af erlendu efni sem til boða stendur, til þess að tryggja menningar- og tungumálaarf þjóðanna og loks að tryggja fjölbreytni í efnisvali og listrænni þróun.
- Ekki hefur markvisst verið unnið að því hérlandis að komast framhjá þeim takmörkunum sem Evrópusambandið setur um 50% hámark á opinberum framlögum í heimalandi. Þetta hefur að vissu leyti tekist annars staðar á Norðurlöndum og er því lýst hér að neðan. Auk erfiðleika við fármögnun skapa þessi takmörk alvarlegt vandamál fyrir íslenskuna í íslenskum myndum. Krafa um annað tungumál en íslensku verður sífellt háværi hjá erlendum fjármögnunaraðilum og því mikilvægt er að leita leiða til þess að rjúfa þennan múr.

Eins og minnst hefur verið á fyrir í þessari skýrslu eru svokölluð “filmavtale/filmaftale” eða samkomulag um kvikmyndagerð til staðar á hinum Norðurlöndunum. Hér á eftir segir frá þessum samkomulögum. Síðar í kaflanum verður fjallað um fjármögnunarskilyrði í hverju Norðurlandanna fyrir sig auk þess sem fjallað verður lítillega um starfsaðferðir þær sem kvikmyndamiðstöðvar þessara landa nota við úthlutanir fjármagns til þróunnar og framleiðslu kvikmyndaverka.

### 5.3.1 Samkomulag um kvikmyndagerð

#### Svíþjóð.

Frá upphafi hefur rekstrarstofn sænsku kvikmyndastofnunarinnar verið 10% skattur sem lagður er á alla selda bíómiða en að baki þeirri ákvörðun var sú stefna að þeir sem sýna kvikmyndir í Svíþjóð eigi að styðja við framleiðslu á nýjum sænskum kvikmyndum. Í dag er starfsemi sænsku kvikmyndastofnunarinnar einnig studd með beinum ríkisframlögum.

Í Svíþjóð er í gildi samkomulag um kvikmyndagerð sem sænska kvikmyndastofnunin starfar eftir en aðrir aðilar að samkomulaginu eru sænska ríkið og sænska sjónvarpið. Upprunalegur tilgangur samkomulagsins var að gera innlenda kvikmyndaframleiðslu samkeppnishæfa við erlent efni sem flæddi inn í landið í gegnum sjónvarpsútsendingar. Í dag er í gildi samþykki frá 2006 í gildi og rennur út í lok árs 2010.

Megintilgangur kvikmyndasamkomulagsins er:

- að styðja og styrkja nýsköpun og þróun af verðugri kvikmyndaframleiðslu, dreifingu og sýningum á kvikmyndum um alla Svíþjóð
- efla vöxt kvikmyndaframleiðslu
- bæta aðstæður og styrkja konur til kvikmyndagerðar
- hamla ólöglegri dreifingu á kvikmyndum í öllum miðlum
- hvetja til að sænskar kvikmyndir endurspegli fjölbreytta menningu lands og þjóðar.
- efla sænskar kvikmyndir í að ná víðara áhorfi í öllum miðlum, í Svíþjóð og á alþjóðavettvangi
- auka fjölda áhorfenda í kvikmyndahúsum í Svíþjóð.

Aðrir aðilar að sænska kvikmyndasamkomulaginu eru sænska ríkið, samtök sænskra kvikmyndahúsaeygenda (Sveriges Biografägareförbund), samtök samkomuhúsa og þjóðgarða (Folkets hus och parker), samtök templara (Riksföreningen Våra Gårdar), samtök sænskra dreifingaraðila (Sveriges filmuthyrareförening), samtök sænskra sjónvarps og kvikmyndaframleiðenda (Film & TV producenterna), Sveriges Television AB, TV4 AB, Modern Times Group MTG AB, Kanal 5 AB og C More Entertainment AB.

Samkvæmt núgildandi samkomulagi greiðir sænska ríkið árlega til kvikmyndastofnunarinnar sem hér segir:

- 2006 175 millj. SEK
- 2007 180 millj. SEK
- 2008 185 millj. SEK

## Greining á starfsskilyrðum kvikmyndagerðar á Íslandi

Sjónvarpsfyrirtækin skuldbinda sig annars vegar til að greiða til SFI mánaðarlega og a.m.k. í eitt ár:

Sverges Television AB (34 millj. SEK), TV4 (8 millj. SEK), Modern Times (4 millj. SEK), Kanal 5 AB (2 millj. SEK) og C More Entertainment (2 millj. SEK). Sömu fyrirtæki skuldbinda sig einnig til að leggja fé í meðframleiðslu, meðfjármögnun og kaup á nýjum sænskum stuttmyndum, kvikmyndum í fullri lengd svo og heimildamyndum (Sverges Television AB, 36 millj. SEK; TV4, 8 millj. SEK; Modern Times, 1 millj. SEK; Kanal 5 AB, 0,5 millj. SEK; C More Entertainment, 0,5 millj. SEK). Samtök sænskra framleiðenda - Film & TV producenterna, greiða árlega í hlutfalli við tekjur sínar en aldrei meira en 2 millj. SEK á ári.

Gagnrýni á sænska kvikmyndasamkomulagið er sú að stjórnvöld hafa reynst treg til að auka framlag ríkisins til þess. Lítil hækkun hefur orðið á því í gegnum árin og haldið er fast við upphaflegt samkomulag í því efni. Slæmt þykir að óháðir kvikmyndaframleiðendur eru ekki hluti af þessu samkomulagi þar sem að þeir koma ekki inn með framlag til kvikmyndastofnunarinnar. Heimildamyndagerðarmenn eru óánægðir með að það er einungis einn ráðgjafi sem vinnur við heimildamyndir og mikil óánægja er með upphæðina sem er beint í heimildamyndir.

### Danmörk.

Danmörk er trúlega það land í Evrópu sem bestum árangri hefur náð í að byggja upp innlenda kvikmyndagerð sem er rík af þjóðlegum sérkennum en nýtur samt sem áður alþjóðlegrar hylli.

Stuðningur við kvikmyndagerð í Danmörku er byggður á samkomulagi sem ríkið hefur gert við kvikmyndageirann þ.e; handritshöfundu, leikstjóra, framleiðendur, kvikmyndadreifendur og kvikmyndahúsaeigendur eða alla þá sem bera ábyrgð framþróun danskrar kvikmyndagerðar. Danska kvikmyndastofnun (DFI) sér um framkvæmd og eftirfylgni við samkomulagið. Nýtt samkomulag (Filmaftale 2011 - 2014) er nú í vinnslu en síðastliðin þrjú ár hefur verið unnið eftir Filmaftale 2007-2010.

Í samkomulaginu sem gilti fyrir árin 2007 – 2010 er kveðið á um að ríkið leggi til 502 milljónir danskar krónur á ári til kvikmyndagerðar sem skiptist á eftirfarandi hátt:

DFI úthlutanir til kvikmyndaverka	252,6 millj. DK
DFI rekstur og önnur starfsemi	112,4 millj. DK
Danmarks Radio og TV2 fá framlag til þátttöku í kvikmyndum stutt- og heimildarmyndum	145,0 millj. DK

Sjónvarpsstöðunum er skylt að verja þessu fjármagni á eftirfarandi hátt:

*Danmarks Radio* (DR) fær 77 millj. DK af ríkisframlaginu og er skyldugt til að bæta þeirri upphæð við 120 milljónir sem DR hefur skuldbundið sig til að kaupa af efni frá sjálfstæðum framleiðendum fyrir á ári. Nánar er tilgreint að 77 millj. DK skuli renna til meðframleiðslu og fyrirframkaupa á:

## Greining á starfsskilyrðum kvikmyndagerðar á Íslandi

Bíómyndum fyrir	58.0 millj. DK
Heimilda- og stuttmyndum fyrir	11.6 millj. DK
Myndum eftir byrjendur	7.3 millj. DK

TV2 fær 68 millj. DK sem skiptast í sömu hlutföllum milli sömu þátta.

Samkomulagið kveður einnig á um að framlag sjónvarpsstöðvanna megi ekki vera hærra en 50% að heildarkostnaði við gerð kvikmyndaverkanna og að sjónvarpsstöðvarnar skuli nota að minnsta kosti 25% af því fjármagni sem þær leggja til í framleiðslu mynda fyrir börn og unglinga.

Við undirbúning nýs samkomulags í Danmörku fyrir árin 2011-2014 hefur komið fram gagnrýni á of mikil áhrif sjónvarpsstöðvanna á þróun kvikmyndagerðar og það að fjármagn hafi dreifst of víða. Sjónvarpsstöðvarnar, sem er mjög umhugað um áhorfstölur, hafa lagt áherslu á framleiðslu annars konar mynda en Kvikmyndastofnunin vill styðja. Í stað þess að til yrðu vel fjármagnaðar myndir, með fjármagn bæði frá sjónvarpi og kvikmyndastofnun, hafi orði til margar illa fjármagnaðar myndir með fjármagn annaðhvort frá kvikmyndastofnun eða sjónvarpsstöð. Fjölbreytni í efnisvali og nýbreytni í kvikmyndagerð hafi einnig liðið fyrir þetta.

### Finnland

Finnar vinna eftir margþættri fjögurra ára áætlun þar sem sett eru markmið. Ekki er um beint eða formlegt samkomulag að ræða heldur leggur finnska kvikmyndastofnunin (Finnish Film Foundation – FFF) fram markmiði og er opinber stefna sú áhersla er lögð er á að ná þeim markmiðum. Reynt er að greina breytingar sem eru að verða innan geirans og átta sig á landslaginu fyrirfram. Þannig er reynt að tryggja framgang og nýsköpun innan geirans og bregðast við í tíma.

Finnska kvikmyndastofnunin vinnur eftir áætlun sem hún kallar 'Target Programme for Finnish Film' og er framlenging af viðmiðunarreglum menningarmálaráðuneytisins (Guidelines of audiovisual policy). Sú áætlun er gerð til fjögurra ára í senn og tilgreinir markmið sem stefnt er að og hvað sé mikilvægt fyrir framtíð finnskrar kvikmyndagerðar.

Markmiðin eru:

- fjölgun framleiddra kvikmynda, leikinna sjónvarpsþáttaraða, heimildamynda og stuttmynda á ári.
- aukinn fjöldi áhorfenda á heimamarkaði og ná að 25% markaðshlutdeild.
- aukinn útflutningur finnskra kvikmynda.
- fjárfesting í stafrænni dreifingu kvikmynda í smærri byggðarlögum víðsvegar um landið.

Auk FFF starfar í Finnlandi Kynningarmiðstöð Sjónrænnar menningar (Promotion centre for Audiovisual Culture) sem tekur einnig þátt í að kynna finnska kvikmyndagerð á alþjóðlegum vettvangi.

Mikil aukning hefur orðið á framlögum til finnskrar kvikmyndagerðar á síðustu átta

árum, tvöföldun eða þar af meira. Þessi hækkun kemur til vegna ákvörðunar stjórnvalda og byggir á því stóra hlutverki sem kvikmyndagerðin gegnir í menningu landsins og hinu skapandi hagkerfi. Árið 2009 varð almennur samdráttur í efnahag landsins en Finnar juku framlög til kvikmyndagerðar um 5 milljónir evra (3 millj. í framleiðslu og 2 millj. í uppfærslu stafrænna kerfa í kvikmyndahúsi). Þetta var annað árið í röð þar sem er 10% aukning til framleiðsluframlaga í Finnlandi.

Talsverðum upphæðum er varið til innanlandsdreifingar og kynningar á finnskum kvikmyndum, auk beinna styrkja til kvikmyndahúsa.

Sjónvarpsstöðvar í Finnlandi borga að meðaltali 19% af kostnaði kvikmynda.

### 5.3.2 Fjármögnun kvikmyndaverka á Norðurlöndum og starfsemi kvikmyndastofnanna.

#### Svíþjóð

Árið 2008 fjármagnaði sænska kvikmyndastofnunin 14 leiknar myndir í fullri lengd og 14 heimildamyndir í fullri lengd. Stefnt er að því að fjármagna 20-25 myndir á ári hverju. Einn af hverjum 5 aðgöngumiðum seldum í Svíþjóð eru á sænskar kvikmyndir.

Það er ekki langt síðan að stefnubreyting varð hjá sænsku kvikmyndastofnuninni en þá var ákveðið að veita hærri styrkuppheð til hvernar myndar en styrkja þess í stað færri kvikmyndir. Tilgangurinn var að auka gæði sænskra kvikmynda og koma í veg fyrir undirfjármögnun. Hlutfall fjármögnunar 2005 var 22% af kostnaðaráætlun þeirra kvikmynda sem SFI fjármagnaði. 2008 var þetta hlutfall hins vegar 32% og af því leiddi að mun færri kvikmyndir voru framleiddar 2007 og 2008 eða 14 í stað 21 2005. Gagnrýni hefur komið fram á þetta fyrirkomulag sem ekki hefur notið vinsælda hjá hinum smærri framleiðendum. Sérstök áhersla er lögð á að fjármagna verk eftir unga kvikmyndagerðarmenn. Í þeim tilgangi hefur verið þróað verkefni sem kallast Drömfabriken en Svíar, líkt og hinar Norðurlandþjóðirnar, eru þátttakendur í samnorrænu verkefni sem kallast dvoted.net og beinist að ungu kvikmyndagerðfólki.

Svíar leggja áherslu á meðframleiðslu með öðrum löndum og þá sérstaklega með öðrum Norðurlöndum.

2009 veittu stjórnvöld 41 milj. evra til framleiðslu kvikmynda en samkomulagið rennur út 31. desember 2010

Sænska kvikmyndastofnunin hefur 5 kvikmyndaráðgjafa í starfi við úthlutanir í 4 deildum sem hver um sig sinnir aðskildum verkum. Þau flokkast í a) börn og unglingar b) heimildamyndir c) leiknar kvikmyndir í fullri lengd og d) stuttmyndir.

Megin verkefni sænsku kvikmyndamiðstöðvarinnar eru:

- að styðja við framleiðslu á vönduðum sænskum kvikmyndum
- að styðja við innflutning og dreifingu af vönduðum erlendum kvikmyndum
- að varðveita kvikmyndir og annað efni sem geymir kvikmyndasöguna
- að efla sænska kvikmyndamenningu á alþjóðlegum vettvangi

### Danmörk

DFI eða danska kvikmyndastofnunin hefur nokkuð víðtækt starfssvið, víðtækara en í flestum hinna Norðurlandanna. Auk fjármögnunar sér stofnunin um safnamál, dreifingu, ákveðin uppeldis- og kennslufræðileg mál og fl. Stofnunin úthlutar bæði í gegnum ráðgjafakerfi líkt og er við lýði annars staðar sem og 60/40 kerfið.

Ráðgjafakerfið er mjög svipað því kerfi sem nú er á Íslandi nema reglugerðarverkið er heldur nákvæmara. 60/40 kerfið felur í sér að DFI styrkir myndir sem líklegar eru til að fá fleiri en 175.000 áhorfendur um 40% af framleiðslukostnaði svo fremi sem framleiðandi geti sýnt fram á að aðra fjármögnun að 60%. Hámarksstyrkur í 60/40 kerfinu er 200.000 DK en ákvörðun um forgangs röðun inn í kerfið er byggð á punktakerfi þar sem mat markaðssérfræðinga utan stofnunarinnar er lagt til grundvallar

Um 28% af því fjármagni sem danska ríkið leggur til kvikmyndagerðar kemur í gegnum sjónvarp sem verður til þess að danskar bíómyndir eru sýndar í sjónvarpi í Danmörku. Aðkoma sjónvarpsins gerir það að verkum að danskar myndir af komast fram hjá 50% fjármögnunarmúrnum heimafyrir. Samkvæmt reglum Evrópusambandsins mega Evrópulönd ekki styrkja innlenda framleiðslu um meira en 50% af framleiðslukostnaði. Með aðkomu ríkissjónvarpsstöðvanna sem meðframleiðenda eða forkaupanda af sýningarrétti komast danskar myndir yfir þennan múr.

Möguleikar danskra framleiðenda af tekjum af heimamarkaði eru umtalsverðir því markaðshlutdeild og stærð markaðar er nokkur. Þess vegna getur það verið álitlegur kostur fyrir danska fjárfesta að fjárfesta í myndum fyrir heimamarkað. Á Íslandi, miðað við núverandi ástand í dreifingu og virðisaukaskatti, getur heimamarkaður ekki talist fjárfestingakostur.

### Noregur

Stuðningur norska ríkisins við kvikmyndagerð mjög öflugur. Árlega varið 350 milljónum norskra króna í styrki til þróunar og framleiðslu kvikmynda. Styrkirnir skiptast í:

- Þróunarstyrki til handritsskrifa, verkefnaþróunar kvikmynda og tölvuleikja.
- Framleiðslustyrki til bíómyndaframleiðslu, heimildamynda og tölvuleikja auk framleiðslu sjónvarpsþáttaraða.
- Styrki til námskeiðahalds fyrir starfandi kvikmyndagerðarmenn.
- Styrki til minnihluta þáttöku Norðmanna í samframleiðslu.
- Styrkir til fyrirtækja til þess að þróa allt að þrjár kvikmyndir í samfellu.
- Aðgöngumiða styrkir. Styrkir sem fást eftir frumsýningu mynda en upphæð þeirra byggir á aðsókn. Myndir sem fá fleiri en 10.000 áhorfendur geta fengið styrki jafn háa þeim tekjum sem framleiðandi hefur af miðasölu. Barna og unglinga myndir fá tvöfalt meira í styrki en tekjur framleiðanda af miðasölu.

## Greining á starfsskilyrðum kvikmyndagerðar á Íslandi

Þessir styrkir og þeir styrkir sem myndir hafa fengið fyrir frumsýningu frá norska ríkinu mega þó ekki verða hærri en 50% af heildarframleiðslukostnaði myndarinnar samanlagt nema ef heildarframleiðslukostnaður myndarinnar er undir 17,2 milljónum NOK ( um 327 milljónum IKS). Til þess að hljóti þennan styrk verður kvikmyndin að uppfylla eitt af eftirfarandi skilyrðum:

1. Meira en 50% af talimáli myndarinnar er norska eða samíska
2. Kvikmyndin er listræn.
3. Kvikmyndin notar tilraunakennt og framsækið myndmál.
4. Kvikmyndin fjallar um norska menningu eða sögu.
5. Kvikmyndin er fyrir börn og unglinga og handritshöfundur er norskur.

Kvikmynd sem annað hvort hefur listrænt gildi eða eða notar tilraunakennt og framsækið myndmál getur fengið 85% af heildar þróunar-, framleiðslu- og markaðssetningarkostnaði í samanlagða styrki meti norska kvikmyndastofnunin það að myndin hafi hátt listrænt gildi og litla markaðsmöguleika. Aldrei má þó styrkja eina mynd meira en um 35 milljónir NOK (665 milljónir IKS).

Möguleikar á svo hárrí fjármögnun með opinberu fé standa Norðmönnum til boða sökum þess að þeir hafa fengið undanþágu frá 50% reglu Evrópusambandsins á þeirri forsendum að Noregur sé lítið málsvæði.

Athyglisvert er að aðgöngumiðastyrkir þeir sem minnst er á hér að ofan eru til þess ætlaðir að efla tengsl norskra mynda við norska áhorfendur.

Nú þegar tekjur íslenskra kvikmyndaframleiðenda hafa minnkað verulega vegna breyttrar virðisaukaskattsinnheimtu og hærri hlutar kvikmyndahúsanna af miðaverði er mikilvægt að skoða ítarlega hvort ekki er hægt að koma upp hliðstæðu kerfi á Íslandi til þess að styrkja tengsl íslenskra áhorfenda við íslenskar kvikmyndir.

### Finland

Finnska kvikmyndastofnunin (FFF) styrkir finnska kvikmyndagerð sem heyrir undir mennta- og menningarmálaráðuneytið. Framkvæmd úthlutana framleiðslustyrkja og skipulag stofnunarinnar er alls ekki ósvipað og hjá KMÍ nema hvað fjöldi starfsmanna er mun meiri, eða alls um 20.

Heildarupphæð opinberra framlaga til FFF árið 2010 voru 22.6 milljón evrur eða um 3.5 milljarður íslenskra króna. Féð kemur úr sjóðum hins opinbera og Lottó sjóðum en líkt og gerist í Bretlandi rennur hluti af ágóða lottómiðasölu til kvikmyndagerðar. Jafnframt búa Finnar við aðgöngumiðastyrkjakerfi enhægt er að fá styrki eftir frumsýningu mynda byggða á aðsókn.

Upphæðir til stofnunarinnar síðustu átta ár:

2002 10.7 milljón Evra

2005 13.5 milljón Evra

2010 22.6 milljón Evra

Þessi hækkun kemur til, eins og áður sagði, vegna mikilvægis kvikmyndagerðar í menningu landsins og hinu skapandi hagkerfi.

Úthlutunarfé er veitt í:



## Greining á starfsskilyrðum kvikmyndagerðar á Íslandi

- Þróun verkefna
- Framleiðslustyrki
- Sýningarstyrki
- Dreifingarstyrki
- Alþjóðleg kynningu, enda er stofnunin ábyrg fyrir menningarlegum útflutningi finnskrar kvikmyndagerðar.
- Stuðning við alþjóðlegu kvikmyndahátíðina í Finnlandi.

Hámarkshlufall framleiðslustyrks er 50% af kostnaði. En auk þess er líka hægt að sækja um Markaðs- og kynningarstyrk að hámarki 50% eða mest 80.000 Evrur (um 12 milljónir ísl.)

Þetta á ekki við um myndir sem eru skilgreindar 'erfiðar eða low-budget'. Viðmið Evrópusambandsins um hámark 50% á ekki við ef myndin uppfyllir eftirfarandi takmarkanir:

- Myndin mun ekki draga að mikinn fjölda áhorfenda
- Myndin er erfið í fjármögnun og verður ekki gerð nema með styrk yfir 50% af kostnaði.

Myndir af þessu tagi má styrkja að hámarki um 70% af kostnaði en það má einnig styrkja markaðssetningarkostnað um 70% .

Hægt er að sækja um miðastyrk fyrir kvikmyndir sem eru 'þjóðlegar' og selja yfir 45.000 miða í almennri miðasölu í Finnlandi. Miðastyrkurinn er 4 evrur fyrir hvern miða.

Heildar miðastyrkur má ekki fara yfir 200.000 evrur eða 50% af framleiðslukostnaði myndarinnar. Og ef myndin hefur áður fengið framleiðslustyrk verður miðastyrkurinn ekki hærri en 400.000 Evrur, og uppsafnað ekki hærra en 800.000 Evrur eða 50% af framleiðslukostnaði að hámarki.

### Styrkir FFF 2009:

- 16 leiknar myndir í fullri lengd
- 35 heimildamyndir
- 15 stuttmyndir
- 6 leiknar sjónvarpsseríur
- Auk þess hlutu 9 meðframleiðsluverkefni í fullri lengd minni styrki

Meðalstyrkur fyrir kvikmynd í fullri lengd var 565.000 evrur (87.5 milljónir íslenskar)

## 5.4 Sala / Dreifing íslenskra kvikmyndaverka erlendis

Kvikmyndamiðstöð Íslands stendur fyrir kynningum á íslenskum kvikmyndum á kvikmyndahátíðum og stærstu kvikmyndamörkuðum víða um heim og kemur

áhugasömum kaupendum í samband í framleiðendur verkanna. Kvikmyndamiðstöð Íslands er, skv. lögum 137/2001 uppálagt að vinna með þessum hætti og er árangurinn af því starfi góður. Þetta er jafnan fyrsta skrefið í kynningu mynda fyrir hugsanlegum dreifingaraðilum, sölufyrirtækjum og kvikmyndahátíðum. Framleiðendur sækja á slíka markaði eftir því sem geta þeirra leyfir en þeim eru settar miklar fjárhags- og tímaskorður. Íslenskar kvikmyndir hafa ferðast víða og gengið vel í sölu á undanförunum árum þó eflaust megi alltaf gera betur.

Á undanförunum árum hafa aðstæður á alþjóðlegum mörkuðum breyst mikið. Hin stafræna tækni hefur haft þar mikil áhrif á og enn stendur yfir tímabil þar sem mikil yfirfærsla á þekkingu og getu á sér stað. Engin veit nákvæmlega hvert stefnir né hvaða viðskiptalíkön eða tækni verður ofaná. Hitt er vitað að hefðbundnar dreifileiðir kvikmynda eru breyttar. Dreifingarfyrtækin, og sér í lagi þau minni sem hafa sérhæft sig í afurðum evrópskra fyrirtækja, eiga í tímabundnum erfiðleikum meðan markaðurinn er að breytast. Augljósir kostir felast í auknum fjölda stafræna kvikmyndahúsa. Ódýrt er að útbúa stafræn eintök til sýningar í slíkum kvikmyndahúsum með hljóðrásum og textum á mörgum tungumálum. Ódýr fjölföldun þessara sýningareintaka opnar fyrir möguleika á að frumsýna ódýrar myndir samtímis í mörgum borgum í einu í sama landinu. Þetta gerir auglýsingarherferðir í sjónvarpi á landsvísu mögulegar og hægt er að miða sýningartíma við hámarksnýtingu auglýsingarherferða. Einnig eru að opnast möguleikar á að koma myndum í dreifingu á VOD og Video to Own strax eftir sýningar í kvikmyndahúsum. Þetta nýja form dreifingar kallar á breytta tekju- og svæðaskiptinginu en sú aðlögun stendur yfir. En þó töluvert sé enn um ólöglegt niðurhal mynda er stafræna byltingin greinilega að skapa sóknarfæri þó hún sé enn í mótun.

Það er ljóst að staðan á evrópskum og alþjóðlegum mörkuðum er íslenskum framleiðendum erfið en Íslensk framleiðslufyrirtæki eiga, smæðar sinnar vegna, gott með að breyta um aðferðir og stefnu með skjótum hætti og litlum tilkostnaði. Boðleiðir eru stuttar, þekkingar- og tengslanet sterk og ákveðin sveigjanleiki er innan stofnanakerfisins. Á þessu má byggja þegar breyta þarf um farveg og virðast íslenskir framleiðendur ætla að verða fljótir til að nýta sér nýja möguleika.

Framtíðarhorfur á mörkuðum:

- Rannsóknir sýna og spár gera ráð fyrir að eftirspurn eftir kvikmyndaefni muni aukast til muna á næstu árum. Tekjur bandarískra stórfyrirtækja jukust á árunum 2001-2007. Áhorf og notkun á alls kyns myndefni hefur aukist gríðarlega um heim allan og gera má ráð fyrir að sú aukning haldi áfram með nýjum kynslóðum.
- Áhugi á sögum og nýjum sagnaformum eykst einnig. Ein af veigamestu skýringunum á því er að félagslegur styrkur einstaklinga er oft sóttur til sagna, auk þess sem þær stuðla að dýpri tengslum í uppbyggingu og viðhaldi samfélaga (e. social cohesion). Evrópa á sér sterka sagnahefð svo ekki sé minnst á Íslendinga og nauðsynlegt er að svara vaxandi eftirspurn.

- Menntun og sköpunarhæfni er mikil á Íslandi og í Evrópu og frumkvöðla- og nýsköpunarmenning er hér rík. Benda má á að kvikmyndaiðnaðurinn hefur gjarnan verið frumkvöðull á sviði framþróunar innan hinna skapandi atvinnugreina og líklegt er að vænta megi nokkurra margföldunaráhrifa ná íslenski kvikmyndageirinn að tryggja sér hlutdeild á nýjum mörkuðum.
- Ný tækni leiðir af sér nýjar aðferðir og nýjar afurðir. Vænta má að á næstu árum muni ódýr framleiðsla á kvikmyndaefni aukast til muna sem og á öðru myndefni. Af þessu má hafa tekjur þó framleiðslukostnaður sé lágur svo fremur sem kunnátta á markaðsnýtingu sé fyrir hendi.
- Þess er vænst að ólík tungumál verði ekki fyrirstaða fyrir víðtækri dreifingu líkt og áður var vegna framfara í gerð eintaka með tali og texta á mörgum rásum auk þróunar á þýðingarbúnaði..

Þrátt fyrir að skýrsla þessi leggi áherslu á að íslensk kvikmyndagerð þjóni fyrst og fremst íslenskum áhorfendum, íslenskri menningu og íslenskri tungu eru kvikmyndir framleiddar hér á landi afurð sem á erindi á erlenda markaði og viss eftirspurn er eftir erlendis. Miðað við þann kostnað sem fellur til við framleiðslu kvikmynda og það framlag sem íslenska ríkið og aðrir aðilar leggja til framleiðslunnar er varla ásættanlegt að nýta ekki til fullnustu þá tekjumöguleika sem fyrir hendi eru. Því er mikilvægt að:

- Auka skilning á eðli og möguleikum hins nýja evrópska og alþjóðlega kvikmyndamarkaðar.
- Skapa þekkingu á dreifileiðum og tryggja góð tengsl inn á þær leiðir.
- Þróa færni í samningagerð.
- Kanna til hlítar mál sem varða meðferð, nýtingu og framsal höfundaréttar.
- Huga að fleiri og óþekktum leiðum til þróunar tekjustreymisleiða. Vert að benda á að nýting fjölmargra nýrra tekjustreymisleiða er vel þekkt í rafrænni bókaútgáfu og hjá tónlistariðnaðinum og má margt af því yfirfæra á kvikmyndasölu.
- Tryggja viðamikla þekkingu á alþjóðlegri markaðssetningu, sér í lagi þeim möguleikum sem felast í markaðssetningu á netinu.

Skoða má hvort hagstætt sé fyrir hópa lítilla framleiðenda, til dæmis sjálfstæðra framleiðenda á Norðurlöndum, að mynda sameiginlegt dreififyrirtæki og sækja saman inn á evrópskan markað. Þannig væri hægt að mynda öflug fyrirtæki þar sem starfaði nægjanlega stór hópur sérhæfðs starfsfólks til að árangur náist. Hugsanlega gæti Norræni sjóðurinn stutt slíkt framtak. Með þessu móti væri mögulegt að nýta til fullnustu þau tækifæri til tekjuöflunar og nýtingar á höfundarétti sem kvikmyndaframleiðsla býður uppá og nýta betur það fé sem ríkið leggur til kvikmyndagerðar á Íslandi.

Það er mikil þörf á að tíma og fjármunum sé varið í að skoða og þróa nýjar starfsaðferðir um leið og reynt er, með samvinnu við erlenda aðila, að leita leiða við að greina yfirstandandi tækniþróun og áætla hvert hún stefnir, um leið og þróaðar eru aðferðir við nýtingu nýrrar tækni og nýrra tekjustreymisleiða.

## 5.5 Virðisaukaskattur af aðgöngumiðasölu

Sala á aðgöngumiðum í kvikmyndahús á Íslandi hefur verið leið framleiðenda til að endurheimta það áhættufjármagn sem þeir hafa lagt til verksins og þess vegna virkað sem hvati á framleiðendur til að gera myndir sem ná til íslenskra áhorfenda í gegnum íslensk kvikmyndahús.

### Breytingar á innheimtu virðisaukaskatts.

Þegar lög um virðisaukaskatt voru sett var aðgangseyrir að sýningum íslenskra kvikmynda undanþeginn virðisaukaskatti. Sala á sýningarrétti í sjónvarp og á myndbönd taldist aftur á móti vera virðisaukaskattskyld starfssemi. Eftir að virðisaukattsölögín tóku gildi varð ljóst að kvikmyndagerð sem er að hluta til útflutningsiðnaður átti ekki heima í samskonar undanþágukerfi og Þjóðleikhúsið og var ekki samkeppnishæf við kvikmyndagerð í öðrum löndum ef innskattur af aðföngum yrði ekki frádráttarbær sem innskattur. Þess vegna gaf ríkisskattstjóri út bréf, númer 21, árið 1990 en þar segir:

„Virðisaukaskattur af aðföngum til kvikmyndagerðarinnar sjálfur er frádráttarbær að fullu sem innskattur. Virðisaukaskattur af aðföngum sem varða sýningu íslenskra kvikmynda í kvikmyndahúsi, t.d af auglýsingakostnaði, fæst ekki frádrægin sem innskattur, sbr. 4 mgr. 2. gr. laga nr. 50/88“

Eftir þessu var farið fram til 2004 en þá úrskurðaði skattstjóri í máli kvikmyndafyrirtækis um að kvikmyndagerð skyldi vera blönduð starfssemi, innskattur yrði ekki frádráttarbær í réttu hlutfalli við þær tekjur sem fengjust af aðgangseyri kvikmynda á Íslandi. Í framhaldi buðu kvikmyndahúsaeigendur framleiðendum að leggja virðisaukaskatt á sölu sýningarréttar til kvikmyndahúsaeigenda og sjá sjálfir um undanþáguhluta sýninganna.

Árið 2009 kom í ljós að dæmi voru til um að kvikmyndahúsaeigendur hefðu fært virðisaukaskattinn af sýningartekjunum sem innskatt og fengið hann frádráttarbæran. Þetta var úrskurðað ólöglegt og dreifingarfyrtækið látið endurgreiða innskatt síðasta starfsárs. Ekki var farið lengra aftur þar sem ríkisskattstjóri viðurkenndi að reglur um þetta hefðu verið óljósar og kvikmyndahúsaeigendur ekki fengið leiðbeiningar í þessu máli.

Einnig benti skattstjóri á að virðisaukattsundanþágan af aðgöngumiðum á íslenskar kvikmyndir væri ólögleg, hún samræmdist ekki samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Skattstjóri áréttaði að þegar virðisaukaskattur var lækkaður af íslenskum bókum á sínum tíma hefði það verið kært til Eftirlitsnefndar ESA sem úrskurðaði að þessi mismunur samræmdist ekki samningnum um Evrópska efnahagssvæðið og að nauðsynlegt væri að gera samskonar lækun á virðisaukaskatti á erlendum bókum. Þess vegna bæri stjórnvöldum að samræma virðisaukaskatt á íslenskum kvikmyndum þeim sem lagður er á erlendar myndir.

Lögunum hefur ekki verið breytt og eiga framleiðendur nú tveggja kosta vól við

virðisaukaskattsuppgjör:

- Að skipta tekjum af aðgöngumiðasölu á Íslandi með kvikmyndahúsaeigendum og verða skráðir í blandaðir starfsemi. Þá fá framleiðendur ekki endurgreiddan virðisaukaskatt í hlutfalli við tekjur þeirra af sölu aðgöngumiða. Þetta er flókin aðferð og felur í sér að við endanlegt ársuppgjör þarf að finna út hlutfall af undanþegnum tekjum og þá hugsanlega endurgreiða ofgreiddan innskatt.
- Hin leiðin er einfaldari í framkvæmd en niðurstaðan er svipuð. Hún felst í að leggja virðisaukaskatt á hlut framleiðenda af miðaverði þannig að kvikmyndaframleiðslan sé öll innan virðisaukaskattskerfisins en kvikmyndahúsaeigendur, sem selja aðgöngumiða, eru í blandaðri starfsemi. Þá geta kvikmyndahúsaeigendur ekki fært virðisaukaskattinn sem framleiðendur leggja á sinn hlut sem innskatt líkt og þeir hafa gert undanfarin ár.

Báðar aðferðirnar hafa í för með sér að hlutur framleiðenda af seldum miðum minnkar og ríkið, sem ekki hafði tekjur af aðgöngumiðasölnunni áður, fær nú það sem frá framleiðandanum fer. Áður fékk framleiðandi 75% af 1.200 kr aðgöngumiðaverði eða 900 kr. í dag fær framleiðandi 669 af hverjum miða, kvikmyndahúsaeigandinn 360,40 kr og virðisaukaskattur að upphæð 170.60 kr. rennur til ríkisins.

Auk þessa skerðist hlutur framleiðenda enn því blandaðri starfsemi fylgir flóknara bókhald fyrir kvikmyndahúsaeigendur og hafa þeir því farið fram á stærri huta af miðaverði en áður. Fyrir úrskurð skattstjóra var algengasta skiptingin aðgöngumiðatekna 25% fyrir kvikmyndahúsaeigendur og 75% fyrir kvikmyndaframleiðendur. Í dag eru þau 35/65 þegar best lætur.

Þessi staða er íslenskum kvikmyndaframleiðendum mikið áhyggjuefni. Afleiðingar tekjulækkunar af sölu aðgöngumiða geta orðið þær að framleiðendur hafi ekki hag af að sýna myndir sínar í kvikmyndahúsum þó slíkt sé hins vegar skilyrði fyrir úthlutun framleiðslustyrkjar úr Kvikmyndasjóði. Lágmarks-kostnaður við upphafsauglýsingaherferð á íslenskri mynd er um 3 milljónir kr. og sú upphæð kemur frá framleiðanda því sjóðir og meðframleiðendur leggja ekki til fjármagn í þann kostnaðarlið. Sjái framleiðendur sér ekki lengur hag í kvikmyndahúsasýningum minnka tengsl þeirra við áhorfendur umtalsvert.

Til að forða þessu og tryggja áframhaldandi sýningar á íslenskum kvikmyndum í kvikmyndahúsum er mögulegt að leggja virðisaukaskatt ofan á miðaverðið (sem er nokkuð sem hlýtur að gerast enda samræmist núverandi undanþága ekki reglum Evrópusambandsins). Því næst er hægt endurgreiða virðisaukaskattinn til baka til framleiðenda sem aðsóknarhvetjandi styrk (líkt og lýst hefur verið í umfjöllun um aðstæður á Norðurlöndum). Eftirástyrkir byggðir á aðsókn eru er við lýði í Noregi og Svíþjóð og nota má það kerfi að hluta til sem fyrirmynd. Þetta ætti að verða framleiðendum hvati til að sækja hart fram í baráttunni um áhorfendur en á síðustu árum hefur auglýsingakostnaður við sýningu íslenskra kvikmynda hækkað verulega.

Varðandi aðkomu Ríkisútvarpsins ohf. að kynningu kvikmynda má íhuga að inn í næsta þjónustusamning verði settar kvaðir á RÚV um að kynna og auglýsa íslenskar kvikmyndir. Auglýsingakostnaður hefur farið vaxandi með hverju árinu og íslenskar kvikmyndir eiga í harðri baráttu við erlendar kvikmyndir á auglýsingamarkaði. Eitt af menningarhlutverkum RÚV ætti að vera að koma að kynningum á íslenskum kvikmyndum.

## 5.6 Íslensk kvikmyndagerð og Ríkisútvarpið ohf.

Þegar Ríkisútvarpið var stofnað 1966 var nánast engin kvikmyndagerð í landinu og óhugsandi hefði verið fyrir aðra aðila en ríkið að reka hér sjónvarpsstöð. Nú er margt breytt, myndvinnslutækni hefur tekið stórstígu framförum og mörg fermingarbörn eiga nú fullkomnari búnað til myndvinnslu heldur en þann sem RÚV hóf útsendingar sínar með. Það hefur þó ekki áhrif á þörf fyrir Ríkisútvarp ef halda á áfram að rækta íslenska menningu.

### Áhrif aðildar Íslendinga að Evrópska efnahagssvæðinu á rekstur ríkisútvarps á Íslandi.

Með aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu hafa Íslendingar gengist undir reglur Evrópusambandsins um ríkisstyrki til útvarpsstöðva.

Í fyrstu grein reglna um mat á útvarpsþjónustu í almannabágu segir m.a.:

„Heimilt er að standa straum af útvarpsþjónustu í almannabágu með ríkisstyrkjum þegar uppfyllt eru skilyrði 1. mgr. um fjölbreytta dagskrá og annað efni sem ætlað er að fullnægja lýðræðislegum, félagslegum og menningarlegum þörfum íslensks þjóðfélags, sem og fjölræði í menningu og tungumálum, allt innan þeirra marka sem sett eru í 2. mgr. 59. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög nr. 2/1993 og kafla 24C.6.1. í leiðbeinandi reglum ríkisstyrkja- og samkeppnisdeildar Eftirlitsstofnunar EFTA um útvarpsþjónustu í almannabágu, útg. 23. apríl 2004.“<sup>6</sup>

Til þess að skilgreina hvaða skyldur Ríkisútvarpið ohf. þarf að uppfylla til þess að fá að taka við ríkisframlagi til reksturs útvarps, hafa mennta- og menningarmálaráðuneyti og Ríkisútvarpið ohf. gert með sér samning um útvarpsþjónustu í almannabágu<sup>7</sup> (hér eftir „þjónustusamningurinn“). Í greinargerð með frumvarpi til laga um Ríkisútvarpið ohf. kemur fram að með þjónustusamningum sé leitast við að uppfylla ofangreind skilyrði samkeppnisdeildar eftirlitsstofnunar ESA. Samningur þessi er því forsenda þess að RÚV geti þegið ríkisstyrki.

### Samstarf RÚV við sjálfstæða framleiðendur.

Fram til ársins 2007, þ.e. áður en Ríkisútvarpið var gert að opinberu hlutafélagi ríkti mikil óánægja meðal sjálfstæðra framleiðenda með samstarfið við RÚV. Því var samstaða meðal fagfélaga í kvikmyndagerð á þessum tíma um að styðja ohf-væðinguna og talið að nýtt rekstrarform á RÚV yrði til bóta. Sérstaklega voru

<sup>6</sup> [http://www.ruv.is/other\\_files/skjol/Reglur%20um%20mat%20á%20Útvarpsþjónustu%20230307.pdf](http://www.ruv.is/other_files/skjol/Reglur%20um%20mat%20á%20Útvarpsþjónustu%20230307.pdf)

<sup>7</sup> <http://brunnur.stjr.is/mrn/logogregl.nsf/FF6C260B2319251D002567BA004D88CB/034288DD68D2E243002572A7004D5B91>

bundnar vonir við að þjónustusamningur RÚV ohf og ríkis myndi koma á festu í dagskrárstefnu og verklagi og bæta þannig aðstæður í íslenskri kvikmyndagerð. Einnig var talið að sá þjónustusamningur myndi tryggja sjálfstæði stofnunarinnar. Þessar vonir hafa hins vegar brugðist. Forráðamenn RÚV halda því fram að vanefndir á fjárveitingum frá ríki hafi valdið erfiðleikum í rekstri og á sama tíma bendir kvikmyndagerðarfólk á vanefndir við ákvæði samningsins sem snúa að dagskrárgerð og kaupum á efni. Vissulega hefur efnahagskreppan sett strik í reikninginn en fleira kemur til s.s. eins og hálfis árs tölur á lögbundinni endurskoðun samningsins.

Til að gera sér grein fyrir hvað hefur gerst á síðustu árum og hvaða áhrif ohf-væðingin hafði á kvikmyndageirann hafa forystumenn félaga kvikmyndagerðarmanna skoðað opinber gögn um rekstur stofnunarinnar ofan í kjölinn. Meðal þess sem kom í ljós við skoðun á gögnum frá Ríkisendurskoðun er að kaupverð fyrir sýningarrétt á heimildarmyndum hefur fallið um 2/3 eða ca 66% frá árinu 1994. Eftirfarandi er greinargerð sem Hjálmtýr Heiðdal vann um þá verðryrnun:

Frá árinu 1994 hefur innkaupsverð á kvikmyndum frá sjálfstæðum framleiðendum fallið um 66%. Ríkisendurskoðun gerði úttekt á þessum málum 1994 og með framreikningi hefur það sýnt sig að innkaupsverð hverrar mínútu heimildamynda ætti að vera nær 60.000 kr en er í dag undir 20.000 kr. (fyrir gengisfall október 2008) Samtímis því sem kvikmyndagerðarmenn hafa ráðist í metnaðarfyllri verkefni hefur hlutur RÚV í framleiðslu þeirra rýrnað gífurlega.<sup>8</sup>

Einnig er ljóst að á svipuðum tíma þ.e frá árinu 2000 hafa aðrar sjónvarpsstöðvar dregið nær alfarið úr kaupum á íslenskum heimildamyndum vegna mikilla rekstrarörðugleika. Meðal annars kom fram á fundi með Iðnaðarnefnd Alþingis 2008 að:

RÚV hefur í dag einokunaraðstöðu gagnvart heimildagerðarmönnum. Einkareknar stöðvar berjast við RÚV um auglýsingatekjur og kostunarfé. Í þeirri stöðu kaupa þær ekki kvikmyndir frá sjálfstæðum kvikmyndagerðarmönnum.

Skylda RÚV til kaupa og sýninga á kvikmyndaefni frá sjálfstæðum framleiðendum er skilgreind í þjónustusamningnum á eftirfarandi hátt.

„Nýsköpun í dagskrárgerð. RÚV skal vera vettvangur nýsköpunar í dagskrárgerð. RÚV skal styrkja og efla sjónvarpsbáttu-, kvikmynda- og heimildarmyndagerð með því að kaupa og sýna efni frá sjálfstæðum framleiðendum. Með hugtakinu sjálfstæður framleiðandi er átt við fyrirtæki sem er sjálfstæður lögaðili aðskilinn frá útvarpsfyrirtækinu og hefur frelsi til að skilgreina sína eigin viðskiptastefnu, þar með talið það sem lýtur að vinnu fyrir aðra en útvarpsfyrirtækið sjálft. RÚV skal gerast kaupandi eða meðframleiðandi að leiknu sjónvarpsefni, kvikmyndum, heimildarmyndum eða öðru sjónvarpsefni og verja til þess að lágmarki 150 millj. kr. á ári frá og með árinu 2008. Árið 2009 hækkar upphæðin í 200 millj. kr. og verður við lok samningstímabilsins 250 millj. kr.“

Hagkvæmstu viðskipti sem RÚV á við sjálfstæða framleiðendur er þegar RÚV kaupir ný kvikmynda verk og þætti af sjálfstæðum framleiðendum, efni sem þegar hefur verið þróað með fjármunum sem koma annars staðar frá. Um er að ræða leikið sjónvarpsefni, kvikmyndir, heimildamyndir og annað sjónvarpsefni þar sem um nýsköpun er að ræða. Í þeim tilfellum getur RÚV gjarnan keypt sýningarrétt af sjálfstæðum framleiðendum fyrir hluta af framleiðslukostnaði. Hagkvæmara verð skýrist af því að sjálfstæðir framleiðendur geta aflað styrkja til þessara verkefna héraðs og erlendis. RÚV, sem útsendingamiðill, getur ekki sótt um slíka styrki. Einnig geta sjálfstæðir framleiðendur haft samstarf við aðrar sjónvarpsstöðvar um

<sup>8</sup> Greinargerð er að finna á heimasíðu FK, [www.filmakers.is](http://www.filmakers.is)

framleiðsluna og þannig veitt RÚV möguleika á að fá sýningarrétt á þessu efni á 30%-50% af framleiðslukostnaði. Þessi leið, þ.e. að RÚV kaupi myndir af sjálfstæðum framleiðendum sem vinna að fjármögnun verkefnanna með aðstoð RÚV, er í samræmi við ákvæði þjónustusamningsins um nýsköpun í dagskrágerð og eflingu kvikmyndagerðar. Hins vegar má deila um hvort útvistun á upptöku á þegar mótuðum formatþáttum líkt og „Gettu betur“ sé réttmæt túlkun á kröfunni um nýsköpun í dagskrágerð líkt og forsvarsmenn RÚV virðast telja.

Sjálfstæðir heimildamyndaframleiðendur og kvikmyndagerðarmenn hafa bent á ýmislegt sem betur mætti fara í samskiptum og sambandi þeirra við RÚV. T.d. er illskiljanlegt af hverju RÚV nýtir ekki betur þær heimildir sem stofnunin hefur til með-eða samframleiðslu en raun ber vitni. Á öðrum Norðulöndunum tíðkast að dagskrárstjórar ríkismiðlana fari í meðframleiðslu á leiknu efni og heimildamyndum í stað þess að kaupa einungis sýningarrétt af efninu eins og oftast er raunin með RÚV. Þar fara forgörðum tækifæri til að leggja efla hlutverk RÚV og þróa dýrari myndir sem eiga möguleika á að fara víða eins og gerst hefur með danskar heimildamyndir. Það ætti að vera hlutverk RÚV að þróa „góðar“ kvikmyndir, heimildamyndir og leiknar séríur í samstarfi við fagaðila úr kvikmyndagerð. Að útsendingaraðili hafi frumkvæði að slíku er alsíða erlendis enda er slíkt eðlilegur hluti af heildrænni dagskrárstefnu.

Á fyrsta rekstrarári eftir ohf-væðingu stofnunarinnar, þ.e. frá 1. september 2007 til 31. ágúst 2008, uppfyllti RÚV að mestu að skilyrði þjónustusamningsins. Næstu ár á eftir skorti verulega upp á að RÚV næði því takmarki (annað rekstarárið gerir ráð fyrir 200 milljónum í kaupum á innlendu efni fór ekki yfir 90 samkv. samantekt kvikmyndaframleiðenda) og hefur hlutur nýsköpunnar í dagskrágerð fremur minnkað en aukist eftir því sem liðið hefur á samningstímabil þjónustusamningsins. Hafi ekki verið bætt út þessu nú þegar er ástæða til að skoða hvort hér sé um alvarlegar vanefndir á þjónustusamningnum að ræða. Ekki liggja fyrir upplýsingar um kostnað við kaup kvikmynda verkum frá sjálfstæðum framleiðendum í ár.

Í samantekt sem gerð var fyrri hluta árs 2010 fyrir Félag Kvikmyndagerðarmanna kemur eftirfarandi m.a. fram:

**“Formáli:**

Í ársskýrslu Ríkisútvarpsins ohf. 2009 segir: „Sjónvarpið varði alls um 175m. kr. til kaupa á dagskrárefni frá sjálfstæðum framleiðendum“ (bls.27). Samsvarandi upphæð í ársskýrslu fyrir árið 2008 er kr. 235m. Ef marka má þessar upphæðir þá hefur RÚV staðið sig gagnvart þeim ákvæðum í **Samningi um útvarpsþjónustu í almannapágu** (þjónustusamningurinn) sem lúta að kaupum frá sjálfstæðum framleiðendum og gott betur. Skv. samningnum skal upphæðin vera kr. 350m. en uppgæfnar tölur frá RÚV eru 410m.

Þetta eru þær upphæðir sem stofnunin kys að setja fram opinberlega á prenti.

Kvikmyndagerðarmenn hafa véfengt þessar upplýsingar en ekki fengið nauðsynlegar upplýsingar frá RÚV til þess að skoða þessi mál ofan í kjölin þrátt fyrir margitrikaðar óskir um slíkt.

Nú hefur RÚV afhent lista yfir keypt verk frá því að þjónustusamningurinn var undirritaður og eftirfarandi samantekt er unnin með því að bera saman upplýsingar RÚV ohf. við upplýsingar frá framleiðendum þeirra verka sem RÚV tilgreindi á listum yfir keypt verk 2008 og 2009.

Innifalið í upphæðinni sem RÚV setur fram í ársskýrslunum er kostnaður vegna talsetningar á erlendu barnaefni. Augljóst er að sá kostnaður fellur ekki undir ákvæði samningsins og því lækka upphæðirnar



## Greining á starfsskilyrðum kvikmyndagerðar á Íslandi

sem RÚV tilgreinir fyrir 2009 um kr. 67m og verður kr. 108m. og fyrir árið 2008 nemur frádrátturinn kr. 53m. og eftirstöðvar því kr. 182m., samtals kr. 290m. en ekki kr. 410m. eins og skráð er í ársskýrslum.

### Upplýsingaöflunin

Til þess að safna saman upplýsingum frá framleiðendum var haft samband við 66 fyrirtæki sem áttu verk á listanum frá RÚV.

Fjórir aðilar vildu ekki gefa upplýsingar um kaupverð verka sinna. Fimm aðilar sendu ekki upplýsingar eða höfðu þær ekki, en þeirra var þá aflað að mestu eftir öðrum leiðum með samþykki þeirra.

Á lista RÚV voru 91 verk tilgreind sem aðkeypt sjónvarpsefni frá sjálfstæðum framleiðendum frá undirritun samningsins. Eftir grisjun, þar sem strikuð voru út verk sem voru tvítekin á listanum og einnig verk sem kom í ljós að þar var eingöngu um verkhluta að ræða, auk þeirra sem falla utan samantektarinnar, voru 73 verk eftir.

Af þessum 73 verkum eru 4 sem eru „úthýsing“ á venjulegum innanhúsverkefnum og 6 frá aðilum sem eru ekki sjálfstæðir framleiðendur skv. ísl. útlagslögmum.

Eftir standa 63 verkefni sem samtals hafa kostað Sjónvarpið kr. **239,500,000** skv. upplýsingum frá framleiðendum. Kaupverð sem RÚV gefur upp fyrir öll verkin

er kr. **291,000,000**.

Mismunurinn sem er kr. **50,5m**. skiptist á milli verka sem ekki eru keypt frá sjálfstæðum framleiðendum og verka sem ekki falla undir 3. grein þjónustusamningsins um nýsköpun í dagskrágerð, en þar segir:

*„RÚV skal vera vettvangur nýsköpunar í dagskrárgerð. RÚV skal styrkja og efla sjónvarpsþátta-, kvikmynda- og heimildarmyndagerð með því að kaupa og sýna efni frá sjálfstæðum framleiðendum. RÚV skal gerast kaupandi eða meðframleiðandi að leiknu sjónvarpsefni, kvikmyndum, heimildamyndum eða öðru sjónvarpsefni“*

Heildar framleiðslukostnaður verkanna sem RÚV kaupir fyrir 239m. er, fyrir utan bíómyndir, um kr. 1 milljarður. Ef kvikmyndirnar bættust við þá fer upphæðin yfir 2 milljarðar.

**Samkvæmt þjónustusamningnum átti RÚV að kaupa verk fyrir 350 milljónir á þessu tímabili.**

**Innkaupin nema hinsvegar kr. 239,500,000.**

**Mismunurinn er því kr. 110,500,000.”**

Það er vissulega fagnaðarefni að RÚV skuli kaupa talsetningu á barnaefni af faglegri þjónustu frá sjálfstæðu fyrirtæki út í bæ. Hinsvegar er fullkomlega ljóst að talsetning á barnaefni fellur ekki undir það sem átt er við með kaupum og sýningu á efni frá sjálfstæðum framleiðendum í ákvæðinu um „Nýsköpun í dagskrárgerð.“ Hér er um að ræða aðra og sjálfstæða skyldu RÚV, óviðkomandi skyldu þeirra um kaup á kvikmyndaefni frá sjálfstæðum framleiðendum. Talsetningarskyldan er sett fram í öðru ákvæði þjónustusamningsins, þar sem fjallað er um barnaefni í greininni um:

#### **„Börn og ungmenni.**

RÚV skal á hverjum degi senda út vandað skemmti- og fræðsluefni fyrir börn og unglínga. Leggja skal áherslu á íslenskt barnaefni og talsetja skal erlent barnaefni fyrir yngsta aldurshópinn í sjónvarpi. Skal efnið að lágmarki vera hið sama að magni og við upphaf samningstímabilsins eða um 550 klst.“

Hér er tiltekið að engin breyting skuli verða á magni þess barnaefnis sem sýnt er, það skuli vera óbreytt. Barnaefni var talsett utan RÚV áður en þjónustusamningurinn tók gildi þannig að talsetning getur varla fallið undir „Nýsköpun í dagskrárgerð.“ Hér er ekki um að ræða nýsköpun á efni heldur kaup á þýðingarvinnu og leiklestur á tilbúnu efni sem RÚV hefur keypt frá erlendum framleiðendum.

RÚV hefur á undanförunum árum fengið talsverðan stuðning við framleiðslu leikins efnis frá einkafyrirtækjum, t.d. Ólafsfelli. Í ljósi aðstæðna er nú nauðsynlegt að RÚV

auki verulega fjárframlag sitt til leikins efnis til að mæta þeim niðurskurði sem óhjákvæmilega virðist blasa við í kostun frá einkafyrirtækjum.

Reyndar má spyrja hvort það vegi ekki að sjálfstæði RÚV að stofnunin þurfi að ganga bónleið til búðar á milli stórfyrirtækja í leit að stuðningi til þess að rækta samningsbundnar skyldur sínar.

### Íslenskar kvikmyndir.

Samkvæmt þjónustusamningnum ber RÚV að kaupa sýningarrétt á íslenskum kvikmyndum. Á fyrsta rekstarári RÚV ohf. voru keyptar fimm kvikmyndir á u.þ.b. 4 milljónir kr. hver, verð sem er 3 til 5% af framleiðslukostnaði myndanna. Það er langtum minna en gerist á Norðurlöndum og telja kvikmyndaframleiðendur það óásættanlegt. Sú skoðun hefur verið viðruð af hálfu RÚV að greiða eigi fyrir kaup á kvikmyndaefni með hærri styrkjum frá Kvikmyndasjóði.

Það sjónarmið er óraunhæft. Samkvæmt reglum Evrópska efnahagssvæðisins má ríkisstyrkur til íslenskra kvikmynda ekki vera hærri en 50% af framleiðsluverði. Hér er átt við samanlagðan stuðning Kvikmyndasjóðs og iðnaðarráðuneytis. Kvikmyndaframleiðendur eiga því eftir að fjármagna 50% af framleiðslukostnaði íslenskrar kvikmyndar þegar þeir fá vilyrði um framleiðslustyrk frá Kvikmyndamiðstöð Íslands. Kaup á sýningarétti er réttilega ekki styrkur og er mikilvægur hluti af þeim 50% sem fjármagna þarf án opinberra styrkja. Þegar leitað er eftir fjármagni erlendis og á hinum frjálsa markaði kemur oft upp sú spurning hvort ekki sé hægt að sleppa því að hafa myndirnar á íslensku eða að hafa hluta af þeim á öðru tungumáli. Að undanförunu hafa sést íslenskar kvikmyndir sem bera merki þess að gefið hefur verið eftir í þessu tilliti.

Þetta vandamál er ekki séríslenskt, nágrennar okkar á Norðurlöndum hafa glímt við sama vandamál og leyst það á þann hátt að sérstöku fjármagni er veitt til sjónvarpsstövanna til kaupa og meðframleiðslu á kvikmyndum. Þetta er gert í þeim tilgangi að tryggja að þarlendir áhorfendur hafi aðgang að kvikmyndum á eigin tungumáli.

Kvikmyndir eru með dýrasta menningarefni sem framleitt er á Íslandi. Styrkur frá Kvikmyndamiðstöð Íslands í einstaka mynd getur numið allt að 75 milljónum kr. Þó lægri styrkir séu algengari. Þetta framlag, greitt af opinberu skattfé, ætti að gera það að verkum að allur almenningur á kröfu á aðgangi að þeim í einhverju formi.

Það er hluti af menningarhlutverki RÚV að sýna slík verk og koma þeim þannig til þjóðarinnar. Slíkt er hlutverk ríkisútvarpsstöðva í öðrum nágrannalöndum og víðar.

Stofnun sérstaks sjóðs til þess að efla leikið efni í sjónvarpi er ástæða þess að leiknar íslenskrar sjónvarpsþáttaraðir eru nú á reglulega á dagskrá. Sjóður þessi er hluti af Kvikmyndasjóði og geta sjálfstæðir framleiðendur sótt í hann hafi þeir sýningarsamning við sjónvarpsstöð, RÚV, Stöð 2, Skjá einn eða einhverja aðra innlenda sjónvarpsstöð.

Tilkoma sjóðsins breytti miklu fyrir sjálfstæða kvikmyndaframleiðendur sem og áhorfendur. Það að sjóðurinn sé opinn öllum sjónvarpsstöðvum kallar eftir samkeppni milli stöðva um íslenska framleiðslu.

Þar sem RÚV hefur átt í basli með að uppfylla þjónustusaminginn hvað varðar kaup á íslenskum kvikmyndum og heimildamyndum mætti hugleiða að eyrnamerkja þann hluta fjármagns sem ríkissjóður ætlar í nýsköpun í dagskrárgerð og setja það í sérstakan sjóð svipaðan þeim sem ætlaður er leiknu sjónvarpsefni. Þangað gætu allar sjónvarpsstöðvar á Íslandi sótt styrki til kaupa á kvikmyndum og heimildamyndum af framleiðendum gegn því að leggja sjálfir til hærri upphæð en kostnaður við efnisinnkaupin er. Þetta myndi veita framleiðendum fleiri möguleika á sölu á efni og efla samkeppni í kaupum á vönduðu íslensku efni.

#### Framleiðsla á dagskrárefni utan stofnunar.

Þegar kemur að skemmti- og menningarefni; kvikmyndum, leiknu sjónvarpsefni og vönduðum heimildamyndum, er trúlega farsælla fyrir RÚV að kaupa efnið á hinum frjálsa markaði en að vera með kvikmyndagerðarfólk í fastri vinnu. Hér er útvistun efnisframleiðslu að öllum líkindum hagkvæmari. Sérstaklega í ljósi þess að á undanförunum árum hefur orðið til stór hópur af fagfólki og fyrirtækjum sem vinnur við kvikmyndir, sjónvarpsefni, auglýsingar sem og þjónustu við erlenda aðila sem hingað koma til að taka upp efni. Sá hópur hefur sérhæft sig í framleiðslu á leiknu efni og vönduðum heimildarmyndum.

Markmið evrópskra og norræna styrkja til sjónvarps- og kvikmyndaframleiðslu er að auka dreifingu efnisins milli landa og stuðla að því að norrænar og evrópskar þjóðir nái að kynnast menningu hvorrar annarrar.

Sjálfstæðir framleiðendur eiga ríkra hagsmuna að gæta í því að sem flestir komi að framleiðslu verka þeirra og sem flestir kaupi verk þeirra. Þeir eru líklegri til að þróa verkefni í samvinnu við aðrar sjónvarpsstöðvar og meta sjálfir hvað raunhæft er að setja mikinn kraft í sölu verkanna eftir á, þar sem þeir sitja uppi með tapið ef markaðs- og sölukostnaður verður hærri en ágóði af sölunni. Það hefur ennfremur sýnt sig að verk sjálfstæðra framleiðenda ná betri árangri í dreifingu. Víðtæk dreifing er aðaltakmark ofangreindra sjóða.

Styrkir til sjálfstæðra framleiðenda og erlend dreifing þeirra tryggja að RÚV þarf aðeins að borga hluta af framleiðslukostnaði þess efnis sem það kaupir af sjálfstæðum framleiðendum. Kaup sýningarréttar af sjálfstæðum framleiðendum eru RÚV það hagstæð viðskipti að erfitt er að finna rök gegn þeim.

Rétt er að taka fram að norrænar og evrópskar sjónvarpsstöðvar hafa með sér samstarf þar sem skipst er á verkum. Ein sjónvarpsstöð framleiðir verk sem allar hinar geta sýnt og fær í staðinn verk frá hverri hinna. Í þessu samstarfi hefur líka verið farið fram á að sjónvarpsstöðvarnar noti sjálfstæða framleiðendur til að standa að þessari framleiðslu.

RÚV virðist ekki hafa staðið við ákvæði þeirrar greinar þjónustusamningsins sem kveður á um að stofnunin skuli koma upp nákvæmu verkþátta- og kostnaðargreiningarkerfi svo hægt sé að skilgreina nákvæmlega kostnað við efnisgerð. Gegnsæi og kostnaðargreining er forsenda þess að hámarkshagkvæmni náist í rekstri RÚV svo ljóst sé hvað af þáttagerð henti til útvistunar og hvað sé sannarlega ódýrara

að framleiða innanhúss. Ennfremur virðist RÚV ekki hafa haft uppi aðskilnað tekna og útgjalda af útvarpsþjónustu í almannabágu og samkeppnisrekstri.

Á meðan þetta ástand varir er ómögulegt að sjá hvort RÚV framleiðir efni á samkeppnishæfu verði eða ekki. Kannanir kvikmyndaframleiðenda gefa vísbendingar um að kostnaður við hverja framleidda mínútu hjá RÚV sé hærra en það sem gerist hjá sjálfstæðum framleiðendum. Sé það raunin getur slíkt falið í sér að RÚV niðurgreiði starfsemi sína með ríkisstyrkjum. Í framhald má álykta að RÚV brjóti gegn þeim ákvæðum íslenskra samkeppnislaga og samkeppnisreglum ESA sem að þessu snúa. Þau ákvæði eru afar mikilvægar forsendur fyrir ákvörðunum um undanþágur á reglum um útvarp í almannabágu.

Í samtölum við kvikmyndaframleiðendur hefur komið fram þeir telja að ekki verði lengur við unað að RÚV standi ekki við skuldbindingar þær sem koma fyrir í þjónustusamningnum um kaup á íslensku kvikmyndaefni. Einnig að taka verði til athugunar tregðu RÚV við að fullnægja skyldum sínum hvað varðar gegnsæi og kostnaðargreiningar vegna framleiðslu kvikmyndaefnis. Þetta á einnig við fjárhagslegan aðskilnað rekstrar vegna útvarps í almannabágu og annars rekstrar. Kvikmyndaframleiðendur leggja áherslu á að RÚV sé gert að standa við gerðan þjónustusamning og koma upp lágmarks verðviðmiðum fyrir kvikmyndir og heimildamyndir sem er umtalsvert hærri en það verð sem nú er verið að greiða. Auk þessa skuldbindi RÚV sig til þess að kaupa að þær myndir sem Kvikmyndasjóður styrkir á verði sem ekki sé undir því viðmiðunarverði.

Gangi þetta ekki eftir leggja kvikmyndaframleiðendur til að þær fjárhæðir sem skilgreindar verða í þjónustusamningi til kaupa af sjálfstæðum framleiðendum verði teknar af fjárveitingu til RÚV og settar í sérstakan sjóð svipuðum sjóðnum sem styrkir leikið efni í sjónvarpi og minnst hefur verið á í þessu plaggi. Þar geta RÚV og aðrar sjónvarpsstöðvar sótt um styrki til kaupa á efni frá sjálfstæðum framleiðendum, enda leggi þær sjálfar fram hærri upphæð á mótí.

### Stjórn RÚV ohf.

Bandalag íslenskra listamanna hitti stjórn RÚV 14. október 2010 og lagði fram minnisblað sem tíundaði þær áhyggjur sem þau hafa af Ríkisútvarpi allra landsmanna. Minnisblað sem lagt var fram á þeim fundi sagði meðal annars:

#### **Stjórn BÍL hefur af því áhyggjur**

- að ekki skuli staðið við þjónustusamning menntamálaráðuneytis og RÚV ohf. en gerir sér jafnframt grein fyrir því að ekki er einungis við RÚV ohf að sakast í þeim efnunum
- hversu erfiðlega gengur að eiga málefnanleg samskipti við stjórnendur RÚV ohf – útvarpsstjóra og framkvæmdastjóra RÚV ohf
- hversu ógagnsær ársreikningur RÚV ohf er og hversu erfitt er að afla upplýsinga um raunverulegan kostnað RÚV ohf af einstökum þáttum starfseminnar
- hversu lítið er framleitt af leiknu sjónvarpsefni og hversu treglega sjálfstæðum framleiðendum gengur að koma efni sínu á framfæri við RÚV ohf
- hversu erfitt er að fá RÚV ohf til að greiða eðlilegt endurgjald fyrir íslenskar kvikmyndir, -oft einungis 2 – 3% af framleiðslukostnaði

- hversu mikil brögð eru að því að starfsmenn RÚV ohf framleiði efni innan stofnunarinnar en í nafni eigin fyrirtækja, svo efnið telst í bókhaldi vera framleitt af sjálfstæðum framleiðendum. Þetta er sérstaklega ámælisvert þar sem RÚV ohf hefur skuldbundið sig til að kaupa tiltekið magn dagskrárefnis af sjálfstæðum framleiðendum
- hversu lokað safn RÚV ohf er, hversu umsýslu, skráningu og miðlun efnisins er ábótavant og hvernig verðlagningu efnisins er háttáð
- hversu úreltur tækjabúnaður stofnunarinnar er, sem kemur í veg fyrir að framleiðslan geti staðið undir kröfum um gæði efnisins
- hversu mikið vantar upp á að hægt sé að bera RÚV ohf saman við stofnanir nágrennalandanna, t.d. Danmarks Radio og BBC
- hversu lítið notuð „gullkistan“ svokallaða er, sem leikarar færðu stofnuninni af talsverðum rausnarskap til að losa um áralanga tregðu við að flytja innlent efni

Á fundinum kom fram að stjórn RÚV ohf er sammála ýmsum atriðum í minnisblaði stjórnar BÍL. Stjórnirnar eru t.d. sammála um að RÚV sé ein af mikilvægustu menningarstofnunum þjóðarinnar og að það sé sameiginlegt hagsmunamál beggja aðila að RÚV geti staðið undir lögbundnu hlutverki sínu af metnaði. Á fundinum komu í ljós áhyggjur stjórnar RÚV af því að hún hefði ekki alltaf nægilegar upplýsingar né faglegar forsendur til að rýna í og gera athugasemdir við ársreikninga stofnunarinnar. Einnig kom fram að stjórnarmenn hefðu efasemdir um að þeim væru láttnar í tjé nægar upplýsingar frá forráðamönnum RÚV til að geta framfylgt lögbundinni skyldu sinni.<sup>9</sup>

#### Niðurstaða.

RÚV segir ástæður vanefnda sinna á þjónustusamningnum síðustu tvö ár vera 25%<sup>10</sup> niðurskurður undanfarna 18 mánuði. Hins vegar er ljóst að vanefndir þeirra hvað varðar kaup á íslenskum kvikmyndum og sjónvarpsefni af sjálfstæðum framleiðendum er margfalt meiri en samsvarar þeim niðurskurði. Samkvæmt fjárlögum fyrir árið 2011 er fyrirhugaður allt að 7,1% niðurskurður til viðbótar. Slíkur niðurskurður mun gera RÚV algerlega ókleift að standa við ákvæði þjónustusamningsins um kaup á efni af sjálfstæðum framleiðendum.

Eins og áður hefur komið fram voru sjálfstæðir framleiðendur og kvikmyndagerðarmenn hlyntir ohf-væðingu Ríkisútvarpsins þar sem talið var að ástandið gæti vart versnað hvað varðaði kaup og sýningu á sjálfstætt framleiddu efni. Í ljósi síðustu þriggja ára má segja að breytingin sé aðgerð sem hafi, í stuttu máli sagt, mistekist. Það er óásættanlegt að ríkisfjölmiðillinn skuli vera háður pólitískum duttlungum ríkjandi aflu og þurfa, að eigin sögn, „árlega að betla rekstrarfjármagn.“ Einnig er óásættanlegt að kvikmyndageirinn, sem er viðkvæmur iðnaður, skuli ekki geta reitt sig á að RÚV framfylgi þjónustusamningnum og að endurskoðunar-ákvæðum sé ekki fylgt þannig að ljóst sé hvaða fjármagn er fyrir hendi.

Það er tímaskekkja að stjórn RÚV skuli (enn) vera skipuð fulltrúum stjórnarmálaflokka á meðan að flestar aðrar stofnanir, sérstaklega í fjármálageiranum, hafa verið að

<sup>9</sup> [http://bil.is/index.php?option=com\\_content&task=view&id=170](http://bil.is/index.php?option=com_content&task=view&id=170)

<sup>10</sup> Skv. útreikningum SÍK, forsvarsmenn RÚV ohf fullyrða að um 33% niðurskurð sé að ræða.

færast í átt til faglegrar stjórnunar. Á áðurnefndum fundi BÍL og stjórnar RÚV ohf kom berlega í ljós að þeir sem þar sitja töldu sig m.a. ekki hafa faglegar forsendur til að skoða ársreikninga fyrirtækisins né, í ljósi þess, gera athugasemdir við þær og segir það allt sem segja þarf um vanhæfni stjórnarinnar. Það er því íslenski kvikmyndagerð til hagsbóta að lög um RÚV verði endurskoðuð og óvissu, sem hefur skapast um skyldur þeirra við kvikmyndaiðnaðinn og að sjálfsögðu íslenska áhorfendur, eytt.

## 5.7 Kjaramál, starfsskilyrði og þekkingarmál

Á síðustu tveimur áratugum hefur fjöldi þeirra sem starfar við kvikmyndagerð og í myndmiðlum aukist jafnt og þétt. Erfitt er að áætla nákvæmlega fjölda starfa í greininni þar sem að margar aðrar greinar koma að gerð kvikmynda eins og t.d. smíðir, grafíkerar og ýmsir hönnuðir.

Af tölum sem SÍK - Samband íslenskra kvikmyndaframleiðenda hefur undir höndum má álykta að um 300 ársstörf séu á vegum fyrirtækja undir þeirra hatti. FTR er félag tæknifólks í rafiðnaði í hinum ýmsu störfum t.d. í fjölmiðlaheiminum, leikhúsunum og víðar. Félagið er fullgilt stéttarfélag innan Rafiðnaðarsambands Íslands og félagar eru rúmlega 300, margir þeirra eru starfandi á sjónvarpsstöðvunum. Launakjör þessara starfsmanna samræmast kjarasamningum Rafiðnaðarsambandsins. Ekkert stéttarfélag starfar sérstaklega fyrir kvikmyndagerðarmenn. Þó er í burðarliðnum stofnun sérstakrar kjaradeildar innan Félags kvikmyndagerðarmanna og er sá áfangi talinn brýnn af hlutaðeigandi félagsmönnum.

Flestir sem starfa innan geirans eru verktakar og því er stofnun kjaradeildar flóknari en ella. Ekki er hægt að gera launasamninga eða gefa út taxa þar sem að samráð verktaka eru ólögleg. Hins vegar er hugsanlegt að gefa út viðmiðunartaxta líkt og félag íslenskra leikara gerir. Það er ákaflega mikilvægt að festa fáist í launakjör þannig að hægt sé að byggja kostnaðaráætlanir á rauntölum svo ekki sé talað um stöðugleika í kjörum starfsfólks.

Stærstu atvinnurekendurnir í atvinnugreininni eru:

- RÚV (300 ársstörf)
- 365-miðlar ( af 280 stöðugildum falla u.þ.b. 70 undir sjónvarpshluta)<sup>12</sup>
- Skjár 1 (36 ársstörf)
- Latibær, Caoz og fleiri miðlungi stærri fyrirtækjum eins og t.d. Saga Film, Pegasus og Basecamp sem öll hafa á bilinu 10-45 ársstörf.

Í margmiðlum og tölvugeiranum eru einnig fjölmargir sem geta talist til kvikmynda-geirans bæði við hreyfimynda-gerða og aðra tæknivinnu t.d. sumir sem starfa hjá CCP og Gagarín. Það er því ekki óeðlilegt að áætla að fjöldi starfa í kvikmynda- og sjónvarpsgerð sem og margmiðlun séu á bilinu 1000-1100. Þessu til stuðnings má t.d. nefna það að Kvikmyndaskóli Íslands hefur útskrifað 700 nemendur frá stofnun

---

<sup>12</sup> Vegna ytri aðstæðna hafa orðið breytingar í starfsmannahaldi og upplýsingar um starfsmannafjölda gætu því verið ónákvæmar.

skólans 1995. Einnig hafa margir kvikmyndagerðarmenn sótt nám utanlands og flestir þeirra flytja heim til að starfa við kvikmyndagerð hérlendis.

Í könnunum sem gerðar hafa verið á hagrænum áhrifum kvikmyndagerðar kemur skýrt í ljós að hún skapar afleidd störf til skemmri og lengri tíma. Til dæmis áætla Hagfræðistofnun Háskóla Íslands (2006) í úttekt sinni á endurgreiðslum á kostnaði við kvikmyndagerð að margfalda megi hvert starf í kvikmyndagerð um 2,94, þegar metin eru umsvif kvikmyndagerðar í íslensku efnahagslífi. Erlendis er oftast miðað við mun hærra margföldunarstuðul í afleiddum störfum eða á bilinu 4-5. Af þessum tölum er ljóst að störf sem hafa skapast á síðustu árum kvikmynda, sjónvarpsgerð, margmiðlun og öðrum störfum sem henni tengjast vegur þungt í atvinnulífi á Íslandi og ekki hvað síst á höfuðborgarsvæðinu.

Þróunin í þessum geira, eins og mörgum öðrum á uppgangstímum, hefur verið frá launamönnum yfir í lausamennsku/verktaka og mætti í mörgum tilvikum teljast eðlileg. Erfitt er að gera sér grein fyrir launakjörum fólks sem starfar innan kvikmyndageirans sem verktakar en ljóst er að launakjör eru afar misjöfn. Ein af megin ástæðum þess að fólk í störfum tengdum kvikmyndagerð hefur áhuga á að auka stéttarvitund sína og stofna stéttardeild er að víða er pottur brotinn í launamálum, vinnutíma, hvíldartíma og aðstæðum á tókustað. Einnig eru vísbendingar um það að í mörgum tilvikum starfar fólk í mörg ár í sömu störfunum hjá sama fyrirtækinu en er þó ekki boðin föst vinna. Þetta hefur slæm áhrif á afkomu fólks og við bætist sú óvissa sem verktakar starfa við yfirhöfuð, með öllum þeim skyldum og gjöldum sem þeir bera ábyrgð á.

Einnig hefur það líka tíðkast að einstaklingar sem hafa ákveðna hæfni, t.d. við stjórn upptöku og útsendinga, starfa sem verktakar fyrir eingöngu eitt fyrirtæki. Slíkt þekkist hjá RÚV þar sem starfa verktakar við sama starf árum saman. Eðlilegast væri að setja reglur um skyldur atvinnurekanda sem tryggðu fólki sem starfar árið um kring í sömu störfunum og hjá sama fyrirtækinu ráðningu sem launþegar. Hugsanlegt er að hagræðing náist hjá stærri fyrirtækjum við launþegaráðningu fólks í stað þess að greiða þeim fyrir hvert verkefni fyrir sig. Forsendur sem þessar eru líklegri til þess að myndast ef t.d. RÚV framfylgdi útvistunarstefnu stjórnvalda við framleiðslu og flytti hana út á markaðinn að miklu eða öllu leyti. Í útvistunarstefnunni segir m.a.:

„Markmið útvistunarstefnu er að efla samkeppni, auka fjölbreytni og stuðla að nýsköpun á þjónustumarkaði. Með skipulagðri útvistun á verkefnum ríkisins er unnt að veita betri þjónustu og ná hagkvæmari rekstri. Útvistun varðar jafnt þjónustu sem ríkið tryggir almenningi og atvinnulífi sem og þjónustu sem ríkið styðst við í rekstri sínum.“

Það er ljóst að á síðustu árum hefur gríðar mikil tækniþekking skapast í kvikmyndaiðnaðinum. Fjöldi fólks hefur lagt stund á nám og aflað sér tæknilegrar menntunar til að sinna störfum í honum. Mikilvægt er að niðurskurður eyðileggi ekki þessi verðmæti sem skapast hafa á síðustu árum en í stað þess verði horft til framtíðar og hlúð að sprotaiðnaði og uppbygging í þessum umhverfisvæna iðnaði sem getur skipt sköpum fyrir Ísland, menningu þess, sjálfsmynd og kynningu á landi og þjóð á erlendri grundu.

## 5.8 Börn og kvikmyndalæsi

Í fyrstu grein samkomulags um kvikmyndagerð segir:

*„Stefnt er að því að leggja áherslu á barna- og fjölskyldumyndir í fullri lengd með væntingar um að myndir í þeim flokki verði framleiddar annað hvert ár að minnsta kosti.“*

Segja má að nú hin síðari ár hafi því lágmarki sem kveðið er á um í samningnum verið náð. Spurningin er hins vegar hvort þetta nægir. Mikilvægi barna- og fjölskyldumynda fyrir verndun íslenskrar menningar og íslenskrar tungu er mikið. Ekki síst í ljósi þess gífurlega framboðs af bandarískum kvikmyndum fyrir þennan áhorfendahóp. Því miður verður að segjast eins og er að framboð á íslensku barnaefni í sjónvarpi er afar takmarkað og hlutfall þess af framleiðslu stöðvanna hefur ekki aukist. Í flestum nágrannalöndum okkar eru kvaðir á sjónvarpsstöðum um hversu hátt hlutfall útsends efnis skuli vera barnaefni og víða er tilgreint hve stór hluti barnaefnis skuli vera innlend framleiðsla. Á Norðurlöndum eru kvaðir á kvikmyndasjóðum um úthlutunarhlutfall til framleiðslu barna- og fjölskylduefnis. Í báðum tilvikum, í sjónvarpi og í kvikmyndum, er hlutfallið á bilinu 20 – 25%. Rétt er að taka fram að Kvikmyndamiðstöð Íslands hefur yfirlýstan áhuga á aukinni framleiðslu barnaefnis en raunin er sú að umsóknir um styrki vegna efnis af þessu tagi eru færri en heppilegt getur talist.

Áhorf á myndefni í margvíslegu formi s.s. kvikmyndir, sjónvarpsefni, myndbönd og myndskreið o.fl., mun aukast á næstu árum og áratugum og framboð á slíku efni verður í áður óþekktu magni. Af menningarlegum ástæðum er ástæða til þess að óttast að þjóðmenningarleg einsleitni verði ríkjandi þ.e. bandarískt efni umfram íslenskt og evrópskt. Á félagslegum forsendum má íhuga hvort félagsleg mótun, sem óneitanlega fylgir neyslu myndefnis til góðs eða illis, muni setja á oddinn viðmið sem eru til þess fallin að auka eða viðhalda íslensku samfélags- og hegðunarmynstri. Á forsendum tungumálsins er veruleg ástæða til að óttast að íslenskan láti undan ef raunin verður sú, líkt og margar spár gera ráð fyrir, að myndefni sem og stafrænt efni miðlað með tölvum komi í miklum mæli í stað texta og lesefnis.

Það er mikilvægt að þeir sem nú bera ábyrgð á varðveislu menningar, menningararfs og tungu gæti skyldu sinnar. Á tímum hraða í miðlun og ofgnóttar á framboði verður að tryggja aðgengi barna að íslensku efni og í gegnum slíkt aðgengi skapa áhuga og eftirspurn hjá börnum á íslensku efni. Það er í gegnum íslenskar kvikmyndir og íslenskt sjónvarpsefni fyrir börn sem núlifandi Íslendingar tryggja að menning okkar og tunga lifi með þjóðinni til frambúðar. Ekki sem safnaefni eða menningargersemar sem dregnar eru fram við hátíðleg tækifæri heldur sem lifandi menning, virk menning sem mótar umgjörð og innihald hinnar daglegu reynslu Íslendingansins.

Uppfræðsla sem þessi þarf að hefjast eigi síðar en á grunnskólastigi og verða hluti af námsefni og skólastarfi á öllum skólastigum. Þjálfun í mynd- og kvikmyndalæsi getur farið fram alveg frá upphafi skólagöngu. Frásagnarhæfni og sagnalist, skapandi skrif, leiklist, framsögn og flutningur, tónlist, myndbanda- og stuttmyndagerð, myndræn



framsetning frásagnar, grafísk vinna og margt fleira er hluti þeirrar hæfni og þekkingar sem að baki kvikmyndagerð liggur. Slíka hæfni er hægt að efla hjá börnum hvort heldur ætlunin er að virkja þau til þátttöku í sköpun og framleiðslu eða sem vandfýsna neytendur. Þjálfun á þessum sviðum leiðir einnig af sér hæfni á öðrum sviðum hvort heldur er í mannlegum samskiptum, á öðrum starfssviðum og nánast alls staðar þar sem virkni og sköpunarhæfni einstaklinga kemur að notum.

Þörf er á að veita stúlkum sérstaka athygli í þessu samhengi og þátttöku þeirra í umræðum og námi tengdum kvikmyndum þarf að efla og næra. Það er grundvöllur fyrir því að efniviður íslenskra kvikmynda endurspegli í raun mannlíf og samfélag. Einnig tryggir slíkt jafnari og réttlátari kynjahlutföll innan kvikmyndagerðar í framtíðinni. Sérstaklega þarf að beina stúlkum að tæknilegri hlið kvikmyndagerðarinnar í þessu samhengi, þar sem hún virðist á ákveðnum aldri verða einkamál drengja vegna fyrirframmótaðra kynjahlutverka samfélagsins. Hvetja þarf stúlkur sérstaklega til að skrifa og segja sínar sögur, kynna þær fyrir tæknilegri hlið kvikmyndagerðar og fá þær til þess að uppgötva eigin hæfileika á þeim sviðum.

Leita þarf leiða til þess að sýna íslenskar kvikmyndir skólum sem hluta af námsskrá barna og efla kvikmyndalæsi þeirra líkt og annað læsi. Börn eru áhorfendur nútíðar og framtíðar og á að nálgast sem slíka. Mögulegt er að sýna kvikmyndir, og þá með áherslu á íslenskar, norrænar og evrópskar myndir, í tengslum við annað námsefni í meira mæli en gert er. Í þessum tilgangi þarf að skoða hvernig víðar og almennar heimildir til slíkra sýninga fást með tilliti til höfundaréttarverndar.

Í Bretlandi hefur verið komið á stað átaki sem kallast Film Club. Átakið er upprunnið hjá Bresku kvikmyndastofnuninni og felur í sér aðstoð og aðkomu kvikmyndastofnunarinnar að stofnun kvikmyndaklúbba sem reknir eru í skólum að afloknum skóladegi. Nemendur fá aðstoð við að setja klúbbana á fót, við umsjón með starfsemi og kynningarmálum og útvegar Breska kvikmyndastofnunin kvikmyndir til sýningar endurgjaldslaust.

Virkja má Kvikmyndasafn Íslands við eflingu kvikmyndalæsis og kvikmyndamenningar í skólum. Kvikmyndasafnið gæti komið að kvikmyndafræðslu barna með beinni hætti, svo sem með því að koma upp litlu tilraunamyndverji með búningum og öðru slíku og leyfa börnum að leika atriði úr kvikmyndum eða jafnvel gera lítil kvikmyndaverk. Slíkt hefur verið gert í Danmörku og notið vinsælda auk þess sem sambærilegum tilraunamyndverum og tækjum hefur verið komið upp í bílum sem keyra á milli skóla líkt og bókabíll eða blóðbíll gerir.

Fjölgun kvikmyndagerðarnámskeiða, klúbba í skólum, handritsgerðarnámskeiða, myndabandakeppna og kvikmyndahátíða fyrir börn og unglinga væri einnig æskileg. Einnig reglulegar sýningar fyrir þessa aldurshópa í miðstöð kvikmynda (Húsi kvikmyndanna) sem fjallað verður um síðar í þessari skýrslu.

## 5.9 Konur og kynbundin fjölbreytni

Staða kvenna innan greinarinnar.

Kynjahlutföll í listrænum lykilstöðum eru óumdeilanlega mjög ójöfn á Íslandi. Á árunum 2000-2009 leikstýrðu konur 15% kvikmynda (hér eru meðtaldar tvær kvikmyndir sem leikstýrt var í félagi við karla) styrktum af Kvikmyndamiðstöð og hefur hlutfall kvenna ekki hækkað innan þess tímabils. Hér virðist þó fyrirstöðuna ekki að finna hjá Kvikmyndamiðstöð, þar sem úthlutanir eru í jafnvægi við umsóknir, með tilliti til kynja.

Hins vegar eru augljósir menningarlegir og félagslegir þættir sem valda þeim kynbundna mun sem birtist í framleiðslu, leikstjórn og efnivið kvikmynda. Aukin rækt við kvikmyndauppeldi barna og sérstök hvatning til stúlkna auk annarra aðgerða sem ræddar verða síðar, mun styðja við lausn þessa vanda. Ljóst er að sýn og frásagnir kvenna þurfa að fá meira brautargengi í íslenskri kvikmyndagerð og til þess þarf sértækar aðgerðir. Ef því er haldið fram að kvikmyndagreinin sé sú listgrein sem sameini allar listgreinar, spegill þjóðar á samtíma sinn og sögu og börn og unglingar alist upp við, þá hlýtur það að teljast óviðunandi ef sögur og sýn helmings þjóðarinnar er þar ekki að finna.

Aðgerðir í nágrannalöndum.

Það er áhugavert að líta til nágrannalanda í samhengi kynjahlutfalla kvikmyndagerðar. Norðmenn hafa til að mynda beitt sértækum aðgerðum til þess að jafna kynjahlutföll innan kvikmyndageirans í landi sínu með stuðningi ríkisins og allra sem að greininni koma, kvikmyndagerðarfólks, framleiðenda, stofnana og sjóða. Árið 2003 var skipuð nefnd með það að markmiði að jafna kynjahlutföll í greininni og segja sögur beggja kynja. Nefndin réðst í sértækar aðgerðir sem áttu að skila að minnsta kosti 40% af hvoru kyni inn í lykilstöður geirans - handritahöfundum, framleiðendum og leikstjórum. Við endurskoðun árið 2009 ákváðu Norðmenn að leggja til fleiri og sérhæfðari leiðir jafna kynjahlutföllin, með sérstökum sjóðum fyrir konur og með því að bæta þeim skilyrðum að aðalpersóna myndar þurfi að vera kvenkyns í 40% tilvika, til þess að tryggja að sögur beggja kynja skiluðu sér til áhorfenda.<sup>13</sup>

Í ljósi þess hve fá kvikmynda- og sjónvarpsverk segja sögur kvenna af konunum sjálfum á Íslandi verður að leita leiða til úrbóta. Slíkt má gera með ýmsum einföldum hætti, svo sem eyrnamerkum fjármunum til stuttmyndagerðar kvenna, átaksverkefnum á sviði fræðslu og þjálfunar í handritsskrifum, fjármögnun úr opinberum sjóðum til framleiðanda verka sem leikstýrt og/eða skrifuð eru af konum. Slíkir sjóðir gætu verið eyrnamerkir konum og með það að sínu eina markmiði að tryggja framlag beggja kynja og færa einstaklingum af báðum kynjum og á öllum aldri

<sup>13</sup> [http://www.skuespillerforbund.no/php/files/documents/Ta\\_alle\\_talentene\\_i\\_bruk.pdf](http://www.skuespillerforbund.no/php/files/documents/Ta_alle_talentene_i_bruk.pdf)

kvikmyndir sem lýsa og sýna fjölbreyttari fyrirmyndir en nú eru í boði.

Hafa ber í huga að yrkisefni kvikmynda er ekki endilega lýsandi fyrir þverskurð samfélags heldur einnig afsprengi þess samfélags og heldur þannig áfram að móta viðhorf komandi kynslóða á sama hátt um ókomin ár ef ekkert er að gert.

## 5.10 Þekking, safnamál, varðveisla, tækjakostur

Þekking, formleg og óformleg, er undirstaða áframhaldandi sóknar og uppbyggingar í íslenskri kvikmyndagerð. Slík þekking er þegar til staðar í ríku mæli og jafnast hún á við það sem gerist annars staðar.

Rannsóknunum á menntun og menntunarstigi einstaklinga sem starfa við menningu og listir á evrópska efnahagssvæðinu hafa sýnt að menntunarstig er almennt mun hærra innan þessara geira en gengur og gerist í öðrum stéttum. Munar þar talsverðu á.

Fjöldi kvikmyndagerðarmanna hefur lært fag sitt með ástundun og vinnu við framleiðslu, hvort heldur er um að ræða tæknileg störf við upptökur eða við framleiðslustýringu. Einnig er hér starfandi stór hópur einstaklinga sem lagt hefur stund á formlegt nám í kvikmyndagerð við sérhæfða skóla erlendis og sumir hverjir við þá skóla sem taldir eru vera þeir bestu á heimsvísu. Enn aðrir eru með formlega menntun á öðrum sviðum en kvikmyndagerð, jafnvel menntun á hæstu stigum háskólanáms, en hafa valið sér starfsvettvang á sviði kvikmyndagerðar. Það eru líklega fáar starfsgreinar þar sem jafn ólíkur þekkingarbakgrunnur er saman kominn og í kvikmynda- og tölvugeiranum og myndast við þetta sértæk hæfnisblöndum þar sem aðferðir og greiningarferlar flytjast á milli faga.

Háskóli Íslands býður upp á námsleið í bóklegum kvikmyndafræðum.

Listaháskóli Íslands er með námsleiðir í leiklist, tónlist- og tónsmíðum, myndlist og fræðum og framkvæmd. Þekking sem þarna fæst tengist kvikmyndagerð með einum eða öðrum hætti og er nokkuð um samstarf kvikmyndagerðar og aðila sem numið hafa við Listaháskóla Íslands.

Kvikmyndaskóli Íslands er einkaskóli sem býður upp á nám í kvikmyndagerð á framhaldsskólastigi og í samræmi við námsskrá framhaldsskóla. Þeir sem skólann sækja greiða skólagjöld en samningur við mennta- og menningarmálaráðuneyti gerir ráð fyrir framlagi frá ráðuneytinu fyrir 35 nemendur. Núverandi nemendafjöldi er um 140. Aðstaða Kvikmyndaskóla Íslands hefur verið byggð upp á síðustu árum og er nú afar góð hvað varðar tækjakost og nám. Markmið skólans er að „stuðla að öflugri uppbyggingu myndmiðlaiðnaðarins á Íslandi“

Forsvarsmenn Kvikmyndaskólans hafa áhuga á að flytja nám í skólanum á háskólastig og þar með hækka menntunar- og aldurskröfur sem gerðar eru til nemenda. Þeir

hafa áhuga á að fjölga nemendum og fá erlenda nemendur inn í skólann. Samkvæmt upplýsingum frá forsvarsmönnum skólans er fjárhagsstaða hans góð. Fyrir hendi er rekstraráætlun sem tekur mið að áðurnefndum fyrirætlunum og gefur hún til kynna að hægt sé að byggja rekstur skólans á þeim miðað við gefna forsendur. Viðskiptalíkaníð sem þar kemur fram lýsir áætlunum um rekstur skóla á forsendum „menntunariðnaðar“, þ.e.a.s. skóla sem ekki er eingöngu ætlað að uppfylla fyrirbyggjandi þörf fyrir sérmenntað starfslið í ákveðnum greinum atvinnulífsins heldur einnig áhuga breiðs hóps ungmenna sem áhuga hafa á að vinna með stafræna myndmiðlatækni á breiðum vettvangi, langt út fyrir ramma hefðbundinnar kvikmyndagerðar.

Það er hugsanlegt að viðskiptalíkan sé raunhæft og að erlendir nemendur hefðu áhuga á að sækja nám í kvikmyndagerð hingað til lands. Gangi það eftir mun slíkt skapa gjaldeyristekjur og hækka þekkingarstig.

Margmiðlunarskólinn og Borgarholtsskóli kenna kvikmyndagerð og margmiðlun, sá fyrrnefndi er skóli innan Tækniskólans og vinnur með margmiðlunar- og teiknimyndatækni en sá síðari sem námsbraut á framhaldsskólastigi sem leggur áherslu á prent- og skjámiðlun.

## Safnamál.

Hérlendis eru tvö „stór“ kvikmyndasöfn starfrækt. Kvikmyndasafn Íslands sem var sett á laggirnar árið 1978 og safn RÚV sem hefur verið starfrækt frá stofnun þess 1966. Einnig eru a.m.k. tvö minni söfn starfrækt á landinu en það er safn Stöðvar 2/365 miðla frá 1986 og Skjás 1 sem hefur starfað síðan stöðin hóf útsendingar. Ætla má að aðrar sjónvarpsstöðvar eins og t.d. Inn, N4 og Omega þurfi einnig að starfrækja söfn til að standa við ákvæði útvarpslaga um varðveislu útsends frumflutts efnis í a.m.k. tvö ár. Helstu samskipti kvikmyndagerðarmanna við söfnin felast í að leita að og tryggja rétt á myndefni sem þeir hafa áhuga á að nýta sér í heimildamyndir og þætti.

Kvikmyndasafn Íslands er stofnun í eigu ríkisins og sinnir kvikmyndamenningu eingöngu. Kvikmyndasafn Íslands safnar, skráir og varðveitir kvikmyndir og prentefni er tengist kvikmyndum með einum eða öðrum hætti bæði frá atvinnukvikmyndagerðarmönnum og áhugafólki. Safnið stundar rannsóknir á kvikmyndum og kvikmyndamenningu og miðlar jafnframt þekkingu um þennan menningararf. Starfsemi Kvikmyndasafns Íslands er stunduð í þágu almennings og komandi kynslóða. Það starfar eftir lögum um kvikmyndamál, lögum um safnamál og lögum um skilaskyldu kvikmynda. Í 11. gr. þeirra síðastnefndu er m.a. kveðið á um að af íslenskum kvikmyndum sem eru sýndar opinberlega skulu afhent tvö eintök til safnsins. Einnig ber framleiðanda skylda til að afhenda frumeintak af íslenskri kvikmynd sem er framleidd á filmu innan 7 ára.

Safnið starfrækir geymslu í Hafnarfirði sem hýsir bæði kvikmyndir og myndbönd. Einnig starfrækir Kvikmyndasafnið Bæjarbíó sem hefur verið gert upp á síðustu 10

## Greining á starfsskilyrðum kvikmyndagerðar á Íslandi

árum en þar er boðið upp á reglulegar kvikmyndasýningar.

Kvikmyndagerðarmenn og aðrir þeir sem þurfa á þjónustu safnsins að halda keypt sýningarrétt af myndefni samkvæmt verðskrá.

RÚV starfrækir safn sem er til húsa að Efstaleiti 1. Það starfar samkvæmt 3. gr. laga nr. 61 frá 1. febrúar 2007 um Ríkisútvarpið. En þar segir m.a.

„Hlutverk Ríkisútvarpsins ohf. er rekstur hvers konar útvarpsþjónustu í almannapágu, svo sem hljóðvarps og sjónvarps, eftir því sem nánar er ákveðið í lögum þessum. Útvarpsþjónusta í almannapágu felur í sér eftirfarandi: “

„13. Að varðveita til frambúðar frumflutt efni, enda sé gengið frá samningum við aðra rétthafa efnis um að slíkt sé heimilt.“

„Ríkisútvarpinu ohf. er óheimilt að selja frá sér verðmæti sem hafa menningarlegt og sögulegt gildi fyrir íslensku þjóðina og varðveitt eru hjá félaginu.“

Á safninu er að finna bæði tónlist, frumflutt og útgefið efni á hljómplötum, geisladiskum og bandi. Einnig er þar að finna myndefni úr fréttum og þáttum, kvikmyndir og heimildamyndir sem RÚV hefur keypt sýningarrétt að. Safnið er ágætlega tækjum búið. Ekki náðist að fá viðunandi upplýsingar um opinbera verðskrá í íslenskum krónum, eingöngu upplýsingar ætlaðar erlendum kaupendum.

Stöð 2 - 365 Miðlar starfrækir tvö söfn, annars vegar filmusafnið staðsett á Krókhálsi 6 sem varðveitir þætti, heimildamyndir og kvikmyndir og hins vegar fréttasafnið sem er í Skaftahlíð 24. Stöð 2 hefur ekki gefið út neina verðskrá fyrir sitt safnaefni.

Skjár 1 starfrækir safn í húsakynnum sínum við Skipholt 31 í Reykjavík. Það heldur til haga erlendu og innlendu efni sent út á Skjá 1. Ekki er til opinber verðskrá fyrir mínútuverð úr þessu safni.

Erfitt er að meta ástand kvikmyndasafnanna á Íslandi og þess efnis sem þau innihalda. Aðstæður eru eins og best gerast í kæliými Kvikmyndasafnsins í Hafnarfirði en ekki er vitað hversu stór hluti íslenskra kvikmynda er geymdur þar. Önnur söfn eru sennilega verr í stakk búin til að geyma íslenska menningararfinn. Varðveislustefna virðist óskýr og ósamræmd og hugsanlegt að margt hafi farið forgörðum í grisjun efnis í gegnum árin. Einnig hefur eitthvað eyðilagst t.d. hjá 365 miðlum þegar safnið var í afar slæmu húsnæði á Lynghálsi sem var engan veginn sérhannað fyrir geymslu á stafrænu og hliðrænu myndefni. Ljóst er að brýn nauðsyn er að kanna aðstæður til geymslu á þessu efni og gera viðeigandi ráðstafanir til þess að þarna eyðileggist ekki mikið af menningararfinum.

Kvikmyndagerðarmenn hafa kvartað undan að erfitt sé að finna efni á Kvikmyndasafni Íslands en takmarkaður hluti þess hefur verið flokkað og skráður. Brýnt er að vinna að slíkri skráningu. Framleiðendur og kvikmyndagerðarmenn hafa einnig gagnrýnt safnadeild RÚV. Þó þar sé að finna myndarlegt og vel skipulagt safn er fyrirkomulag afgreiðslu á efni úr safninu óskipulagt, stafrænar lausnir illa nýttar og verðskrá þess óformleg og óáreiðanleg. Úr þessu er brýnt að leysa.

## Varðveisla - íslenski kvikmyndaarfurinn.

Þó samfelld kvikmyndagerð hafi ekki staðið í nema rúm þrjátíu ár á Íslandi er ástand þeirra kvikmynda sem teknar hafa verið upp á þessu tímabili ekki gott.

Framan af voru allar myndir voru teknar upp á filmu og hefur það einungis breyst á allra síðustu árum. Filman var framkölluð og unnin erlendis. Sýningareintök á filmu eru send til Íslands þar sem þau eru sýnd þangað til að eintökin eru orðin það rispuð og rifin að ekki er hægt að sýna þau meira.

Yfirfærsla yfir á myndband á mörgum þessara mynda fór fram í frumstæðum filmuskanna sjónvarpsins. Í einstaka tilfellum var yfirfært af eintökunum áður en þau fóru í kvikmyndahús en í of mörgum tilfellum eftir að þau voru orðin gömul og slitin.

Í dag eru ekki til eintök sýningarhæf í kvikmyndahúsum af flestum þessara mynda og varla er hægt að segja að til séu nothæf PAL-eintök af myndunum (sá staðall sem við búum við í dag í sjónvarpi og mynddiskum).

Frumeintök myndanna eru flest ennþá erlendis geymd hjá mismunandi framköllunarfyrirtækjum. Frummyndir hluta myndanna eru týndar.

Nú þegar stafræna byltingin er að ganga yfir mun framköllunarfyrirtækjunum fækka verulega. Hætt er við að mikið rót komi á þessar íslensku frummyndir og fleiri muni glatast. Vegna þessa er ljóst að til róttækra aðgerða þarf að grípa ef forða á alvarlegu menningarslysi.

Eftirfarandi aðgerða er þörf:

1. Staðsetja allar frummyndir af íslensku kvikmyndum og koma þeim til Íslands.
2. Til að gera þessar kvikmyndir aðgengilegar áhorfendum, þarf að grófskanna þær yfir á 4k stafrænan miðil. Í augnablikinu er þetta ekki framkvæmanlegt á Íslandi en sökum mikillar verðlækkunar á stafrænum búnaði er hugsanlegt að á næsta ári verði til skannar til verksins í fullkomnum gæðum á viðráðanlegu verði. Einnig hafa fengist mjög hagstæð tilboð í skönnun erlendis frá.
3. Eftir að myndin hefur verið skönnuð þarf að litgreina hana og setja aftur á hana hljóðið. Þetta er nú hægt að gera á Íslandi og eru hér nokkur fyrirtæki sem bjóða slíka þjónustu.
4. Eftir að til er stafrænt frumeintak af myndini er hægt að búa til: Hágæða stafræn eintök fyrir kvikmyndahús, háskerpueintök fyrir sýningu HD sjónvarp og HD VOD, HD VTO og háskerpudreifingu á Blue Ray sem er HD staðalinn sem mun taka við af DVD mynddiskum sem diskar til heimilisnota.

Framleiðendur hafa ekki fjármagn til þess að bjarga þessum myndum. Jafnvel þó þær gefi af sér tekjur þegar aftur búið er að koma þeim í markaðshæft ástand standa þær ekki undir kostnaði við endurgerð þeirra.

Nauðsynlegt er að finna fé sem allra fyrst til þess að forða frekara tjóni og koma myndunum til Íslands. Í framhaldi þarf að sinna yfirfærslu þessara mynda og koma þeim í sýningarhæft ástand svo áhorfendur geti áfram notið þeirra. Undanfarið hafa heyrst hugmyndir um að mögulegt sé að samþætta slíkt varðveislustarf rekstri fyrirtækja og/eða sjálfseignastofnanna sem hefðu hag af því að gera eldra efni aðgengilegt yfir veraldarvefinn og selja sýningar á því efnið til einkaáhorfs. Stafrænar heildarlausnir gætu því komið kvikmyndamenningararfinum til bjargar á sama tíma og gamalt myndefni yrði aðgengilegt gegn gjaldi með löglegu niðurbali.

Nýtt úrlausnarefni á sviði varðveislu blasir nú við því stafrænar upptökur eru ekki vistaðar á áþreifanlegu eða hefðbundnu formi. Framleiðendur slíks efnis og Kvikmyndasafnið þurfa að taka höndum saman um lausn á hýsingu slíks efnis og tryggja varðveislu með þartilgerðum geymslum. Hugsanlegt er að byggja upp geymslustöð fyrir stafræna vistun í samvinnu aðila úr þeim atvinnugreinum sem standa frammi fyrir sama vanda. Hugmyndir hafa komið upp um að fyrirhugað gagnaver á Miðnesheiði geti gengt slíku hlutverki.

#### Þróun tækniþekkingar og tækjabúnaðar.

Á undanförunum árum hefur orðið gríðarleg uppbygging og fjárfesting í þekkingu og nýjum tækjabúnaði sem tengjast kvikmynda og sjónvarpsgerð á Íslandi. Stafræn tækniþynging hefur gert tæknina betri, ódýrari og aðgengilegri en áður tíðkaðist. Dýr vinnsla sem tengist filmu er á undanhaldi og stafræn vinnslutækni hefur tekið við. Það verður ekki annað séð en að héraðslendis hafi kvikmyndaiðnaðurinn fylgst vel með tækniþróun og tileinkað sér nýjar starfsaðferðir jafnóðum og fjárfest eftir getu. Nú er svo komið að kleift er að fullvinna kvikmyndir héraðslendis ef sýna á stafrænum sýningardreifikerfum. Það er að segja ef undan er skilið síðasta skrefið, að yfirfæra yfir á filmu, til sýningar á filmu í þeim kvikmyndahúsum sem ekki hafa enn getu að sýna stafræn eintök. Bæði hafa stærri kvikmyndagerðarfyrirtækin fjárfest í stafrænum myndavélum og eftirvinnsluforritum svo og kvikmyndahúsin fjárfest í stafrænum sýningarvélum.

Samkvæmt tilmælum Evrópuþingsins og ráðsins frá 16. nóvember 2005 um kvikmyndararf og samkeppnishæfni tengdra atvinnustarfsema (2005/865/EB) segir meðal annars:

„6) Þróun evrópsks kvikmyndaiðnaðar hefur afgerandi þýðingu fyrir Evrópu vegna umtalsverðra möguleika hans að því er varðar aðgang að menningu, hagþróun og atvinnusköpun. Þetta á ekki aðeins við um framleiðslu og sýningu kvikmynda heldur einnig um söfnun, skráningu, varðveislu og endurgerð kvikmyndaverka. Bæta verður skilyrðin fyrir samkeppnishæfni þessara atvinnugreina í tengslum við kvikmyndaarf, einkum að því er varðar betri nýtingu tækniþróunar á borð við stafvæðingu.“

Óhætt er að segja að íslenskur kvikmyndaiðnaður hafi haft þetta að leiðarljósi í þeirri uppbyggingu sem hér hefur átt sér stað. Hann er í raun að verða fullkomlega samkeppnishæfur og sjálfum sér nógur í fullvinnslu kvikmynda. Gríðarleg þekking á upptöku- og eftirvinnslutækni hefur skapast hér á síðustu fimm árum og mikill auður í því fólgin og tækifæri til að skapa enn frekari sprotaiðnað í kringum kvikmyndir en

hingað til hefur verið gert. Tækifæri í skapandi greinum mega ekki hverfa ónýtt og hætta er á ef að iðnaðurinn dregst saman meira en í Evrópu að á glæ verði kastað allri þeirri uppbyggingu sem hefur orðið á síðustu árum. Samstarfi og þróun nýsköpunar í kvikmyndaiðnaði/margmiðlun og iðnaði sem tengist tölvugrafík/tölvuleikjum gæti verið uppspretta þróunar og verðmætasköpunar fyrir íslenskt atvinnulíf.

## 6. Tillögur

### *Samkomulag um kvikmyndagerð.*

Samkomulag sem aðilar í kvikmyndagerð, menntamálaráðuneyti og fjármálaráðuneyti gerðu sín á milli rennur út í lok árs 2010. Mælt er með því að nýtt samkomulag verði unnið og undirritað hið fyrsta. Við gerð þess samkomulags er mælt með að sambærilegir stefnumiðaðir samningar sem unnir hafa verið í Danmörku og í Svíþjóð verði notaðir til hliðsjónar.

Núverandi samningur tiltekur þætti sem snúa að upphæð og meðferð þess fjár sem rennur til kvikmyndagerðar í gegnum Kvikmyndamiðstöð Íslands. Mælt er með því að nýr samningur verði mun víðtækari, að líta megi til hans sem opinberrar kvikmyndastefnu og að í honum skuli m.a.:

- Menningarlegt hlutverk íslenskrar kvikmyndagerðar skilgreint, markmið stuðnings við greinina sett fram og tilgangur fjárstuðnings hins opinbera skýrður.
- Kynntar áherslur á fjölbreytni í framleiðslu og rétt landsmanna til þess að hafa aðgang að íslensku kvikmynda- og sjónvarpsefni með án tillits til búsetu, efnahags eða aldurs.
- Lögð drög að áætlun um eflingu kvikmyndalæsis og kvikmyndamenningu hjá börnum, bæði innan skólakerfisins og utan þess. Einnig áætlun um sértækt átak vegna framleiðslu á kvikmynda- og sjónvarpsefni fyrir börn og unglínga.
- Vakin athygli á nauðsyn þess að leiðrétta það misræmi sem er í framlagi kynjanna til kvikmyndagerðar, sér í lagi hvað varðar framlagi sem snýr að handritagerð og leikstjórn. Ef ástæða þykir til er rétt að tímabundin ákvæði um aðgerðir til leiðréttingar kynjahalla komi fram í samkomulaginu.

Ástæða er til þess að skoða sérstaklega hvort ákvæði um tengsl og samvinnu kvikmyndagerðar og sjónvarpsstöðva, líkt og þau sem sett eru í hinum norrænu samkomulögum sem vísað hefur verið til, eigi að takast upp í slíku samkomulagi.

Mælt er með því að Kvikmyndaráði sé gert skylt að fylgjast með framvindu samkomulagsins og tryggja að unnið sé í samræmi við ákvæði þess. Einnig að Kvikmyndaráði sé gert að meta árangur af samkomulaginu og leggja fram tillögur að breytingum og endurbótum þegar líða tekur að endurnýjun þess.



### *Endurnýjun á þjónustusamningi við Ríkisútvarpið ohf.*

Þjónustusamningur menntamálaráðuneytisins við Ríkisútvarpið ohf. rennur út í lok þessa ár og brýnt er að huga að endurnýjun. Ein af grundvallarforsendum þess að íslensk kvikmyndagerð þrífist hérlendis er að nýr samningur kveði skýrt á um það hvernig Ríkisútvarpið ohf. geti uppfyllt þjónustusamninginn og með því gegnt skyldum sínum gagnvart landsmönnum öllum sem og varðveislu tungu og menningar með milligöngu kvikmyndagerðarinnar. Ljóst er að kvikmynda- og sjónvarpsframléiðslugeirinn er framleiðandi að fjölbreyttu kvikmyndaefni sem fullnægir þeim skilyrðum um gæði og hagkvæmni sem Ríkisútvarpið ohf. setur. Ríkisútvarpið er, vegna stöðu sinnar á markaði og vegna sinnar rekstrar- og menningarlegu sérstöðu, stærsti dreifingaraðili (íslensks) myndefnis. Nauðsynlegt er að nýr þjónustusamningur leggi drög að því hvernig þessir tveir aðilar, RÚV og kvikmyndageirinn, geti með góðri samvinnu tekið saman höndum um að bjóða íslenskum áhorfendum upp á fjölbreytt íslenskt menningar- og skemmtiefni. Í nýjum þjónustusamningi er nauðsynlegt að tekið sé á atriðum sem í dag eru ásteitingarsteinar á milli þessara aðila og koma samskiptum þeirra í betra horf, en í dag er það alls óviðunandi fyrir báða aðila.

### *Kvikmyndasafn og miðstöð kvikmyndamenningar.*

Æskilegt er að starfsemi Kvikmyndasafns Íslands sé tekin til endurskoðunar, bæði á rekstrarlegum grundvelli jafnt og sviði almennrar starfsemi. Kvikmyndasafn Íslands hefur aðsetur og aðstöðu í Hafnarfirði og hentar sú staðsetning ágætlega þegar horft er til umsýslu, geymslu og vinnuaðstöðu. Hins vegar er safnið úr tengslum við aðra kvikmyndastarfsemi sem er nánast algerlega bundin við Reykjavík. Kvikmyndasafnið rekur Bæjarbíó sem er einstakt húsnaði og eina kvikmyndahúsið á Íslandi sem er í upprunalegri mynd og hefur sögulegt gildi sem slíkt. Það verður hins vegar að horfast í augu við þá staðreynd að sýningar í Bæjarbíói eru illa sóttar og án efa á staðsetningin drjúgan hlut í því.

Í því samhengi sem og í þeim tilgangi að efla íslenska kvikmyndamenningu er lagt til að stofnuð verði miðstöð íslenskrar kvikmyndagerðar – Hús kvikmyndanna. Hlutverk slíkrar húss er að vera opinn og virkur vettvangur íslenskrar sem og alþjóðlegrar kvikmyndamenningar, staður sem með tímanum verður sjálfsagður hluti af menningarlegri tilvist borgaranna.

Miðstöðinni er ætlað að þjóna kvikmyndaunnendum á öllum aldri, heimsóknir þangað eiga að verða fastur hluti af skólastarfi barnaskóla sem og hluti af kvikmyndauppeldi nýrra kynslóða. Mikla og ríka áherslu þarf að leggja á fjölbreytni í rekstri og fjölbreytni í framboði á efni þannig að allir hafi eitthvað í miðstöðina að sækja. Eftir áralangar umræður um rekstur slíkrar miðstöðvar er nokkuð samdóma álit að forsendur fyrir því að rekstur slíkrar miðstöðvar verði farsæll, bæði með tilliti til menningarlegra og hagrænna þátta, er að fjölbreytt starfsemi eigi sér stað í húsnaði þess, að rekstur veitingasölu sé mögulegur, að nokkrir misstórir sýningarsalir séu fyrir hendi og að hægt sé að virkja börn og fullorðna (ekki síst eldri borgara) til þáttöku í viðburðum.

### *Varðveisla kvikmyndaarfsins.*

Frumeintök íslenskra kvikmynda eru geymd vítt og breitt um lönd þar sem framköllunarfyrirtæki eru staðsett. Óljóst eru um geymslustað sumra þessara verka og önnur eru jafnvel glötuð. Mikill samdráttur er í starfsemi framköllunarfyrirtækjanna vegna aukinnar stafrænnar vinnslu og mörg hver eru að leggja niður starfsemi. Hvað verður um frumeintök íslenskra kvikmynda þá er ekki vitað.

Það er ákaflega brýnt að séð verði til þess að þessi verk verði flutt á öruggan stað til geymslu. Stað sem útbúinn er sérstökum geymsluskilyrðum sem henta efni af þessu tagi. Í framhaldi þarf að yfirfæra íslenskan kvikmyndaarf á stafrænt form líkt og lagt er til fyrir í þessari skýrslu en í augnablikinu má segja að björgun frumeintaka frá glötun sé forgangsverkefni eigi ekki að verða menningarlegt stórslys.

### *Virðisaukaskattur af aðgöngumiðasölu.*

Það er brýnt að óvissu um stöðu kvikmyndaframleiðenda gagnvart innheimtu á virðisaukaskatti á aðgöngumiðasölu sé eytt og á sama tíma sé leitað úrræða til þess að hægt sé að mæta þeim tekjumissi sem af slíkri innheimtu yrði.

Lítill fyrirtæki í kostnaðarsamri framleiðslu þrífast ekki í slíkri óvissu og sú lækkun á tekjum sem fyrirsjáanleg er í framhaldi af innheimtu virðisaukaskatts mun ríða einstaka fyrirtækjum að fullu. Frekari afleiðingar verða þær að tekjur af sýningum íslenskra kvikmynda í kvikmyndahúsum verða það litlar að takmarkaður ávinningur verður af því fyrir framleiðendur að sýna kvikmyndaverk á þeim vettvangi. Þá blasir við einokun bandarísks kvikmyndaiðnaðar á markaðnum ásamt meðfylgjandi ógnun við íslenska menningu og íslenska tungu.

### *Kvikmyndanámsvið Listaháskóla Íslands og Kvikmyndaskóla Íslands.*

Það er ljóst að miðlun á myndefni sem og neysla þess og áhrif fer hraðvaxandi. Komandi kynslóðir munu miðla og neyta með öðrum hætti en áður. Markaðir með myndefni opnast og stækka. Það er mikilvægt að nýta þau verkfæri sem til staðar eru til þess að taka þátt í þróun og útbreiðslu þekkra sem óþekkra forma myndmiðlanna. Í þeim tilgangi er lagt til að skoðaður sé möguleiki á því að stofna sérstaka deild innan Listaháskóla Íslands þar sem boðið verður upp á nám í myndiðnaði og myndmiðlun. Í slíkri deild kæmi saman þekking og reynsla úr kvikmyndagerð (handritum, leikstjórn, leiklist o.fl.), myndlist og grafískri hönnun, tónlist og leiklist. Áherslu þarf að leggja að þróun tækniþekkingar í meðferð tölvugrafíkur og því hvernig ólík listform stuðla í sameiningu að nýsköpun á sviði stafræns myndiðnaðar.

Enn fremur er lögð áhersla á að niðurstöður úttektar á starfi Kvikmyndaskóla Íslands verði teknar til skoðunar og ef tilefni er til nýttar til áframhaldandi uppbyggingar þess starfs sem þar er unnið.

#### *Vinnuhópur um VoD væðingu og markaðspróun.*

Sala og dreifing á kvikmyndaefni er að breytast líkt og komið hefur fram hér á undan. Á evrópskum vettvangi hefur mikið starf verið unnið í því að leggja drög að því að efla samstarf og þróun með samevrópska dreifingu og opnun markaðssvæða í huga.

Lagt er til að stofnaður verði vinnuhópur um þróun markaða og viðskiptalíkana fyrir stafræna miðlun á kvikmyndaefni. Heppilegt væri ef fulltrúi hópsins gæti tekið virkan þátt í evrópsku samstarfi á þessu sviði t.d. hjá Film ThinkTank sem hefur aðsetur hjá dönsku kvikmyndastofnuninni.

#### *Breytingar á reglum um endurgreiðslur á kostnaði við framleiðslu.*

Þegar sótt hefur verið til iðnaðarráðuneytis um endurgreiðslur vegna kostnaðar sem fellur til við framleiðslu kvikmynda undirgengst umsækjandi að stofna sérstakt fyrirtæki, í eigu móðurfyrirtækis, um hverja framleiðslu. Fyrirtæki sem að framleiðslu og uppgjöri loknu er lagt niður. Á tímum fjárhagslegra þrenginga er það vaxandi byrði fyrir lítil fyrirtæki að stofna nýtt fyrirtæki til þess eins að leggja inn umsókn um endurgreiðslu. Kostnaður við skráningu nýs fyrirtækis er hinn sami og við skráningu og stofnun móðurfélagsins sjálfs en markmiðið er að framleiða eina kvikmynd og leggja félagið niður að því loknu. Þarna tapast fé sem má nýta í aðra þætti framleiðslunnar. Þarna hefur, með tímanum, einnig skapast ákveðinn vandi sem í flestum tilfellum flokkast sem siðavandi. Aukinn fjöldi gjaldþrota einstakra smáfyrirtækja í rekstrarvanda sem ekki hefur áhrif á starfrækslu móðurfélagsins, er dæmi um það. Lausn á þessu væri t.d. að útbúa sérstakt hlutafélaga form hjá RSK sem væri einskonar „einnota“ rekstrarform og væri því kostnaðarminna í skráningu en venjulegt einkahlutafélag eða hlutafélag. Lagt er til að kvikmyndaframleiðendur og iðnaðarráðuneyti vinni saman að því að hanna nýjar aðferðir við bókfærslu og skil vegna endurgreiðslanna.

## 7. Lokaorð

Það er skoðun þeirra sem í starfshóp um starfsskilyrði kvikmyndagerðar á Íslandi sitja að skýrslan feli í sér greinargóða úttekt á stöðu kvikmyndagerðarinnar og að hún varpi ljósi á mál sem þörf hefur verið á að skýra. Við teljum að skýrsluna megi nýta til úrvinnslu sértækra vandamála sem og við áætlanagerð og stefnumótun.

Líkt og fram kemur í skýrslunni býr kvikmyndagerð við hagræna erfiðleika sem annars vegar eru afleiðingar erfiðrar stöðu þjóðarbúsins en hins vegar viðvarandi hluti af því sérstæða markaðsumhverfi sem framleiðsla af menningarlegum toga býr almennt við. Því er brýnt að leitast sé við að skapa stöðugleika þar sem og þegar því verður við komið. Stöðugleiki er mikilvægur fyrir viðgang og framþróun í hvaða stofnana- og iðnaðarumhverfi sem er. Þegar horft er til kvikmyndagerðar og þeirrar hagrænu óvissu sem þar ríkir, að hluta til tímabundið en að öðrum hluta til langframa, er ljóst að langtíma stefnumótun á þeim sviðum sem henni verður viðkomið getur vegið upp á móti neikvæðum ytri áhrifum. Við teljum því að sá kafli skýrslunnar sem fjallar um menningarlegt hlutverk kvikmyndagerðar og kvikmyndastefnu, þar sem lögð er áhersla á endurnýjun samkomulags kvikmynda-gerðar og fjármálaráðuneytis og reglulegt endurmat á því samkomulagi, vekji athygli á aðgerðum sem treysta stöðir kvikmyndagerðar á Íslandi.

Í skýrslunni kemur bersýnilega í ljós mikilvægi Ríkisútvarpsins ohf. fyrir kvikmyndagerð og kvikmyndagerðarfólk á Íslandi. Tengsl stofnunarinnar og geirans hafa veikst og samskipti gengið treglega hin síðustu misseri. Burtséð frá þeim niðurskurði sem RÚV hefur orðið fyrir og ýmsum ágreiningsmálum sem uppi eru verður að taka fram að aðstæðurnar sem skapast hafa eru óviðunandi, sérstaklega fyrir eigendur RÚV og þá sem leggja íslenskri kvikmyndagerð til fé, íslenska áhorfendur. Leysa verður úr ágreiningi og koma á uppbyggilegu samstarfi þessara aðila.